

Jóhann Berg Guðmundsson
HETJA LANDSLIÐSINS Í SVISS Í GÆR ▶70



Bragi Ólafsson og Eggert Þorleifsson
FRUMSÝNA ÞRIÐJA LEIKRITIÐ SAMAN ▶42


568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
7. september 2013
210. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## EKKERT NEMA BJARTSÝNI Í BOÐI

Eiginkona Hagbarðar Valssonar lést þegar hún var komin sjö mánuði á leið og Rósu Jónu dóttur þeirra var bjargað úr móðurkviði. Hagbarður er nú einstæður faðir með fjögur börn í Noregi. ▶26

MYND/FRÍÐA ÁRNADÓTTIR



Emilíana Torrini
LÍF MITT ORÐIÐ INNIHALDSRÍKARA ▶36




SÝRLAND
Illugi Jökulsson fór til Sýrlands 2010 og sá ekki betur en allt stefndi í rétta átt. ▶34

AF FÆÐINGAR-DEILDINNI Í FJÖLDAMORÐ
Darri Ingólfsson hefur slegið í gegn í Dexter.
▶40







HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
Mikið úrval • Frábær gæði • Betri verð
www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

Stöð3 blaðið fylgir með Fréttablaðinu í dag

Tísku dagar
5.–8.sept.
Náðu þér í eintak Tískutímarit Smáralindar og Nude Magazine
Opið til 18
Smáralind




**SAUMA NÝJAR FLÍKUR ÚR GÖMLUM 2**
Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn halda saumanámskeið þar sem undirstöðuatriði saumaskapar verða kennd.

**VILJA LYFTA MENNTUNARSTIGI Í BREIÐHOLTI 4**
Ríki og Reykjavíkurborg og aðilar vinnumarkaðarins hleypa af stað verkefni í haust sem hækka á menntunarstig í Breiðholti.

**SAMSKIPTABRESTUR TAFÐI MORÐRANNSÓKN 6**
Svo virðist sem samskiptabrestur hafi orðið til þess að morðrannsókn á Egilsstöðum seinkaði um nokkrar klukkustundir.

**SKATTSVIKARANNSÓKN Á LOKAMETRUM 8**
Rannsókn á 270 milljóna virðisaukaskattsvikum er á lokametrunum eftir þriggja ára vinnu.



„Ég held að þingmenn geri sér grein fyrir því að einn liður í því að styrkja stöðu Alþingis sé að takast á við breytingar á þingsköpum.“ 12

Forseti Alþingis segir það vera áhyggjuefni hversu lítið traust sé borið til Alþingis. Þingheimur vill bregðast við þessu með því að breyta þingsköpum til að draga úr málþófi og gera umræður hnitmiðaðri.

SKOÐUN 18→20

**MÆLGIN OG VIRÐING ÍSLANDS 18**
Þorsteinn Pálsson um málflutning stjórnmálaleiðtoga.

**HVERSU MARGRA LÍFA ER LISTIN VIRÐI? 19**
Kári Finnsson um list og styrki.

**TILLAGA UM SÁTT Í FLUGVALLARMÁLINU 20**
Álfheiður Ingadóttir um Reykjavíkurflugvöll.



HELGIN 24→48

**HORFIR FRAM Á VEGINN 26**
Hagbarður Valsson, verktaki í Noregi, missti eiginkonu sína í sumar. Hún var þá gengin sjö mánuði með fjórða barn þeirra, en telpunni Rósu Jónu var bjargað af miklu snarræði með keisaraskurði á stofugólfinu.

**ÆVINTÝRAFERÐ ÍSLENDINGA TIL BRASILÍU 32**
Tugir Íslendinga fluttu búferlum til Brasilíu á seinni helmingi nítjándu aldar. Þeir aðlöguðust vel lífi á framandi slóðum og í dag geta hundruð Brasilíumanna rakið ættir sínar til Íslands.

**OFT Í HLUTVERKI GEÐSJÚKLINGS 40**
Darri hreppti hlutverk Olivers Saxon á lokaári sjónvarpsþáttanna um Dexter. Þáttaröðin er nú sýnd í sjónvarpi bæði hér á landi og erlendis.



MENNING 57→78

**INNBLÁSTUR SÓTTUR TIL LÍSU Í UNDRALANDI 64**
Unnur Elísabet Gunnarsdóttir danshöfundur sýnir sitt þriðja dansverk í Gaflaraleikhúsinu.

**RÁÐINN Í STAÐ FRANSKS ÓSKARSVERÐLAUNAHAFA 78**
Atli Örvarsson samdi tónlistina við ævintýramyndina The Mortal Instruments. Hann tók við verkefninu af frönskum Óskarsverðlaunahafa.

SPORT 70→72

**KRAFTAVERK Í BERN 70**
Íslenska karlalandsliðið í fótbolta lenti 1-4 undir á móti einu besta liði Evrópu en kom til baka og tryggði sér jafntefli.






## FIMM Í FRÉTTUM SKÓTAU SIGMUNDAR OG LEIKKONA Á UPPLEIÐ



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra vakti mikla athygli þegar hann mætti í skóm sínum af hvoru tagi þegar hann hitti Obama Bandaríkjaforseta í vikunni. Sigmundur var ekki að reyna að starta nýrri tísku heldur var annar fótur hans bólginn vegna sýkingar og hann komst því bara í annan spariskóinn.



**Hera Hilmarsdóttir** leikkona fer með stórt hlutverk í bresku þáttaröðinni Da Vinci's Demons. Hún hefur fengið mikið lof í Bretlandi og Bandaríkjunum fyrir frammistöðu sína. Hera segist ekki á heimleið – tækifærin séu í útlöndum.



Það vakti óskipta athygli þegar **Þórey Þórðardóttir** sagði að lög um kynjakvóta hentuðu ekki lífeyrissjóðunum. Sjö lífeyrissjóðir uppfylla ekki skilyrði laga um kynjahlutfall í stjórnum.



**Höskuldur Þórhallsson,** þingmaður Framsóknarflokksins og formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, vill að ríkið ráði skipulagi Reykjavíkurflugvallar. Hann ætlar að leggja fram frumvarp um það á haustþingi.



→ **Brynjar Níelsson** segir að hagstofufrumvarp forsætisráðherra sé vandræðamál. Það fari öfugt ofan í venjulega sjálfstæðismenn. Frumvarpið verður væntanlega lagt fyrir Alþingi í næstu viku en stefnt er að því að afgreiða það á haustþingi.

# Læra að sauma nýjar flíkur úr gömlum

Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn halda saumanámskeið á ný. Skjólstæðingar sem stóðu sig vel á námskeiðunum í fyrra verða aðalleiðbeinendur. Hundruð umsókna vegna skólagöngu barna. Uppgerðar tölvur útvegaðar.

**HJÁLPARSTARF** Þátttakendur á saumanámskeiðum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishers Reykjavíkur í fyrra verða aðalleiðbeinendur á saumanámskeiðunum sem haldin verða í vetur.



**VILBORG ODDSDÓTTIR**

„Við erum að virkja skjólstæðingana okkar, sem er alveg frábært. Þeir voru fyrst þátttakendur á námskeiðunum og urðu svo aðstoðarmenn þar sem þeir stóðu sig svo vel. Núna verða þeir aðalleiðbeinendurnir,“ segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfinu.

Hún getur þess að mikið hafi verið spurt hvort ekki yrðu haldin slík námskeið að nýju. „Við erum búin að fínpússa námskeiðin. Byrjað verður á námskeiði þar sem undirstöðuatriði saumaskapar verða kennd. Á framhaldsnámskeiði verður svo kennt hvernig hægt er að gera við föt og breyta þeim. Þátttakendur geta komið með föt að heiman sem þeir vilja breyta eða fengið föt hjá okkur og búið til nýjar flíkur úr þeim. Bæði við og Hjálpræðisherinn eigum óhemjumikið magn af notuðum fötum sem nýta má til slíks. Þessi námskeið styrkja skjólstæðingana okkar og það gerðu einnig sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur sem haldin voru í fyrra. Við stefnum að því að halda slík námskeið á ný. Þetta er hópur sem er mjög afskiptur og einangraður.“



**RENNILÁS SETTUR Í** Karlar voru einnig þátttakendur á saumanámskeiði Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í fyrra. MYND/HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

Að sögn Vilborgar er jafnframt verið að leita að samstarfsaðilum svo hægt sé að halda námskeið í sláturgerð í haust. „Það tekst vonandi fljótlega. Slátur er ódýr matur. Þeir sem kunna sláturgerð geta sparað talsvert.“

Svokallaður skólastuðningur hefur verið veittur um 400 grunnskólabörnum í haust. „Stuðningur er veittur upp í kostnað vegna skólabyrjunar,“ segir Vilborg.

Um 100 fjölskyldur hafa fengið styrk vegna skólagöngu framhaldsskólanema. „Þau koma þá með kvittanir fyrir skólagjöldum og bókakaupum. Við erum einnig í samstarfi við Velferðarsjóð barna vegna framhaldsskólanema. Við útvegum þeim uppgerðar notaðar tölvur sem eru í fínu standi.“

Á síðasta starfsári fengu 2.230 fjölskyldur aðstoð hjá Hjálparstarfinu á einn eða annan hátt í 5.411 skipti.

ibs@frettabladid.is

Útgreiðslur FSCS vegna innlána íslenskra banka námu 853 milljörðum:

# Endurheimt greiðslna 68 prósent

**VIÐSKIPTI** Tryggingasjóður innstæðueigenda í Bretlandi (FSCS) hefur endurheimt tæp 68 prósent af útgreiðslum úr sjóðnum sem til komnar voru vegna starfsemi íslensku bankanna.

Í ársskýrslu FSCS 2012/2013 sem kom út í sumar kemur fram að sjóðurinn geri ráð fyrir að endurheimta greiðslur til innstæðueigenda Icesave að fullu, en 84 til 90 prósent greiðslna sem til eru komnar vegna Heritable Bank (sem var í eigu Landsbankans) og vegna innlána Kaupthing Singer & Friedlander.

Heildarútgjöld FSCS vegna þrota íslensku bankanna nema 4.488 milljónum punda, eða 853 milljörðum íslenskra króna miðað við gengi gærdagsins. Sjóðurinn hefur þegar fengið endurgreitt úr þrotabúum bankanna 3.053 milljónir punda, eða rúma 580 milljarða króna. Endurgreiðslur nema 68 prósentum útlagðs kostnaðar FSCS.

Endurheimtur úr þrotabúum „íslensku bankanna“ eru töluvert meiri en fengist hafa úr breskum bönkum sem féllu á sama tíma, Bradford & Bingley og London Scottish Bank. Úr þrotabúi þess fyrrnefnda hefur enn ekkert fengist greitt upp í þá 15,7 milljarða punda (2.976 milljarða króna) sem FSCS lagði út, þót skilanefnd bankans boði en fullar endurgreiðslur. Þá gerir FSCS ráð fyrir því að fá helming þeirra 239 milljóna punda (45 milljarða króna) sem lögð voru út vegna falls London Scottish. -óká



**ALLT HRUNIÐ** Gert er ráð fyrir að útgjöld FSCS vegna Icesave fáist endurgreidd að fullu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Staða FSCS vegna íslenskra banka*

| Fjármálafyrirtæki | Greiðslur FSCS | Heimtur | Horfur á heimtum |
|---|---|---|---|
| Heritable Bank (Landsb.) | 465 | 360 (77%) | 86-90% |
| Kaupthing Singer & Friedlander | 2.589 | 1.980 (76%) | 84-86,5% |
| Landsbankinn/Icesave | 1.434 | 713 (50%) | 100% |
| **Alls v. íslenskra banka** | **4.488** | **3.053 (68%)** | **90,3%** |

*Allar upphæðir eru í milljónum punda. Heimild: Ársskýrsla FSC 2012/2013*

# ÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

## LAGERHREINSUN

aðeins brot af úrvalinu



Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 92.900

NÚ 73.990 kr.

þú sparar: 18.910 kr

**Þvottavél Electrolux**

EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.

1805656



Electrolux

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 99.900

NÚ 79.900 kr.

þú sparar: 20.000 kr

**Þurrkari Electrolux**

EDE77550W, með barka og rakaskynjara.

1805423



ERIKA OG CALLUNA

1 stk. aðeins 499 kr



STRAUJÁRN 30% AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 4.328

NÚ 2.990 kr.

**Gufustraujárn**

2000W DB765

1840860



5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

ORKUNÝTING A+

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 77.900

NÚ 58.425 kr.

FRYSTI KISTUR 25% AFSLÁTTUR!

**Frystikista 203 ltr.**

G215, Orkunýting A+

84.5x94x55 cm

1805482



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 10.895

NÚ 7.626 kr.

RAFMAGNS VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!

**Höggborvél**

Black&Decker KR504CRE

5245599



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 5.499

NÚ 3.299 kr.

HAND VERKFÆRI 20-40% AFSLÁTTUR!

**Skrúfjárnasett**

Stanley 1000 V, 6 stk

5010389

BLÖNDUNAR TÆKI 20-25% AFSLÁTTUR!



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 17.990

NÚ 13.395 kr.

**Blöndunartæki**

Eden, eldhús, einnarhandar.

7900023

BÚSÁHÖLD 30-50% AFSLÁTTUR!



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 10.990

NÚ 7.690 kr.

**Eldhúshnífar**

litaðir 5 stk.

2000874

FLÍSAR 30% AFSLÁTTUR!



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 2.288kr/m²

NÚ 1.584 kr/m²

**Flís Blanco Brillo**

15x15 cm glans hvítt.

8600014

LOFTPRESSUR LOFTVERKFÆRI 20% AFSLÁTTUR!



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 24.895

NÚ 19.916 kr

**Loftpressa Stanley 210**

2 Hp (1.5kW), 8 bar, 240 ltr. 24 lt[illegible]ur.

5255102



Leikhópurinn Lotta

## LEIKHÓPURINN LOTTA

### SKEMMTIR Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

**Í dag kl. 14:00**

Leikhópurinn Lotta sýnir Söngvasyrpu sem er brot af því besta í gegnum árin. Fram koma margar skemmtilegar persónur úr öllum fyrri verkum Lottu í heimsókn.

Þetta er frábær skemmtun fyrir unga jafnt sem aldna þar sem syrpan er full af húmor og skemmtilegum lögum.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

## 31.08.2013 → 06.09.2013



**6** Sex vikur er tíminn sem meðlimir hljómsveitarinnar Skálmaldar ætla að eyða á tónleikaferðalagi um Evrópu. Tónleikaferðin verður fyrsta stóra ferð hljómsveitarinnar um Evrópu í tæp tvö ár.

**80%** 80% íbúa á íslenskum hjúkrunarheimilum voru á geðlyfjum á árunum 2002-2004 samkvæmt rannsókn öldrunarlæknis. Aldraðir eru oft á tíu lyfjum á sama tíma að sögn læknis sem rannsakaði lyfjagjöf.

**300** 300 ungbörn eru án dagvistunar í Reykjavík. Árið 2011 var þessi fjöldi 340 börn samkvæmt greiningu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Samkvæmt núverandi skipulagi sjá dagforeldrar og ungbarnaleikskólar um dagvistun ungbarna.

**14.000** 14 þúsund tonna aukning var í þorski í úthlutun Fiskistofu fyrir fiskveiðiárið 2013/2014. Fiskveiðiárið hófst síðastliðinn sunnudag þegar Fiskistofa úthlutaði aflamarki til 627 skipa.



**2.000.000.000 kr.** er upphæðin sem eigendur Síldarvinnslunnar fengu greidda í arð af hagnaði útgerðarfyrirtækisins á árinu 2012. Síldarvinnslan greiddi 1,6 milljarða í tekjuskatt og 850 milljónir í veiðigjöld.

**500 m** 500 metrar er núverandi lengd Vaðlaheiðarganga. Rúmir tveir mánuðir eru liðnir síðan sprengingar hófust og göngin lengjast um 60 metra á viku.



# Lyfta menntunarstigi Breiðhyltinga

Ríki og borg, ásamt aðilum vinnumarkaðarins, hleypa af stað verkefni í haust sem hækka á menntunarstig í Breiðholti. Markhópurinn er atvinnulausir og ekki síst innflytjendur. Verkefnið stendur til ársins 2015, en verður þá endurmetið.

**FÉLAGSMÁL** Verkefni sem lýtur að hækkun menntunarstigs í Breiðholti er að hefjast. Um samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins er að ræða.

Verkefni af sama meiði hefur þegar verið hrint af stað í Norðvesturkjördæmi, en fjallað var um verkefnið í Breiðholti á fundi borgarráðs á fimmtudag. Markmiðið er að auka formlega menntun fólks sem og að viðurkenna færni sem fólk hefur aflað sér á lífsleiðinni. Markmiðið er ekki síst að ná til þeirra sem eru atvinnulausir, en stór markhópur þessa verkefnis eru fjölskyldur innflytjenda sem eru hlutfallslega flestar í Breiðholti innan hverfa Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir verkefnið beinast að þeim sem hafa ekki lokið formlegri menntun eftir grunnskólapróf og gera þeim unnt að bæta við sig. Ísland standi sig illa á þessu sviði, eins og greiningar sýna og yfir 30% fólks á vinnumarkaði eru aðeins með grunnskólapróf. „Þetta er neikvætt fyrir atvinnulífið, en ekki síst fyrir þessa einstaklinga sem eiga í hlut því reynslan sínir að samdráttur á atvinnumarkaði bitnar hart á þeim hópi."



DAGUR B. EGGERTSSON

Dagur hefur orð á því, í ljósi mikilvægis verkefnisins, hversu mikilvægt það er að verkefni sem þetta lendi ekki undir niðurskurðarhnífnum, en það er fjármagnað af ríkinu að mestu.

Í greinargerð, sem lögð var fram í borgarráði á fimmtudag, eru nefndar ástæður fyrir því að verkefnið snýr að Breiðholti. Þar kemur fram að menntunarstig er lægra í Breiðholti en á flestum öðrum stöðum hér á landi, en samkvæmt tölum Hagstofunnar er ríflega þrefaldur munur miðað við meðaltal.

Þá er svæðisbundið atvinnuleysi í Breiðholti með því hæsta hér á landi. Munurinn er allt að tvöfaldur miðað við ýmis önnur hverfi borgarinnar. Ein helsta ástæðan fyrir verkefninu er að í þessu stærsta hverfi borgarinnar búa flestar fjölskyldur innflytjenda. „Er til dæmis líklegt að innflytjendur sem eiga í mestum vanda vegna atvinnuleysis, verði stór markhópur þessa menntaverkefnis enda mælist atvinnuleysi meira hjá innflytjendum," segir þar.

Verkefnið hefst með ráðningu verkefnisstjóra sem starfar með hverfisstjóra Breiðholts og hóps sem heldur utan um framkvæmdaþátt verkefnisins. Ráðnir verða til starfa náms- og starfsráðgjafar. Við þær ráðningar verður horft til ráðgjafa af erlendum uppruna sem endurspegla fjölmennustu innflytjandahópanna í hverfinu.

svavar@frettabladid.is



**Í BREIÐHOLTI** Tilraunaverkefnið hefst í Breiðholti í haust en er þegar í gangi á Norðvesturlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**26%** þeirra sem fá fjárhagsaðstoð í Reykjavík búa í Breiðholti.

Árið 2012 fékk **1.071 íbúi** í Breiðholti fjárhagsaðstoð.

Í Breiðholti hefur **13,6%** fólks á aldrinum 25-54 ára háskólamenntun. Meðaltalið í borginni í heild er **43,9%**




Í Breiðholti búa tæplega **20.700 manns**

Reiknað er með að fyrsti hluti standi frá 2013 til 2015 og með hliðsjón af árangri verður tekin ákvörðun um framhaldið af stýrihópi og ráðherra.
Kostnaður við verkefnið er metinn **54 milljónir króna** að lágmarki.

**Aðeins með grunnmenntun í Reykjavík.** Meðaltal fyrir Reykjavík alla er 22,8% en í Breiðholti er meðaltalið **39,2%**. Í póstnúmeri 109 er þetta hlutfall 38,8% en í póstnúmeri 111 er hlutfallið **40,2%**.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**STORMUR V-TIL** Hvessir um vestanvert landið í dag með mikilli rigningu síðdegis. Má búast við stormi er líður á daginn og í kvöld. Hægari austan til og bjart fram eftir degi. Heldur hægari á morgun en víða skúrir.




**Á morgun**
8-13 m/s.




**Mánudagur**
Fremur hæg vestanátt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Billund | 22° | Gautaborg | 21° | London | 19° | Orlando | 31° | San Francisco | 26° |
| Basel | 27° | Frankfurt | 28° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 26° | Ósló | 22° | Stokkhólmur | 21° |
| Berlín | 24° | Friedrichshafen | 26° | Las Palmas | 26° | New York | 24° | París | 22° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




KIA
The Power to Surprise

## Komdu í dag og reynsluaktu sparneytnum Kia

**Kia fjölskyldan er stór og fjölbreytt** og mætir ólíkum þörfum fólks fyrir góða og örugga bíla. Þeir eiga líka ýmislegt sameiginlegt og ættarsvipurinn leynir sér ekki. Frábær nútímaleg hönnun, **einstök sparneytni** og tækni í fremstu röð eru þar á meðal. Að ógleymdri **7 ára ábyrgðinni, sem greinir Kia frá öllum öðrum bílum sem í boði eru.**

**Komdu á haustsýningu í Öskju í dag og finndu réttan Kia fyrir þig og þína. Við tökum vel á móti þér.**

## Vatnabolti á staðnum fyrir börnin!

Börnin elska að leika sér í vatnaboltanum – og ekki gleyma að taka myndir.

picanto
RIO
cee'd
cee'd_sw
CARENS
OPTIMA
SPORTAGE
SORENTO

Þú finnur „Kia Motors Ísland"
á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Bæjarstjórn Ölfuss bindur vonir við tilraunaverkefni við Hellisheiðarvirkjun:

# Fargi 15% af brennisteinsvetni

**UMHVERFISMÁL** Fyrirætlanir Orkuveitu Reykjavíkur um að reisa skiljustöð við Hellisheiðarvirkjun mætir engri andstöðu hjá sveitarfélaginu Ölfusi. Skipulagsstofnun fór fram á umsögn sveitarfélagsins í kjölfar umsóknar OR um byggingarleyfi. Bæjarstjórn sveitarfélagsins er þvert á móti vongóð um að verkefnið, Sulfix II, verði til þess að OR nái að uppfylla skilyrði um loftgæði á virkjunarsvæðinu, eins og segir í umsögn.

Bygging gasskiljustöðvar við Hellisheiðarvirkjun hefur það að markmiði að hreinsa brennisteinsvetni úr útblæstri virkjunarinnar. Smíðinni á að ljúka í mars 2014. Verkið kostar rúmar 290 milljónir króna.

Smíðin er þáttur í SulFix-verkefni Orkuveitunnar og hinna orkufyrirtækjanna á Íslandi sem vinna raforku úr jarðhita; Landsvirkjunar og HS Orku. Markmið þess er að þróa og byggja hagkvæmar lausnir svo starfsemi jarðgufuvirkjana fyrirtækjanna uppfylli ákvæði reglugerðar um brennisteinsvetni í andrúmslofti, sem sett var árið 2010.

Niðurstöður tilraunaverkefnis SulFix I, sem er nýlokið, þar sem fargað var um 2% af brennisteinsvetnisgasi frá Hellisheiðarvirkjun, benda til þess að á tilteknu dýpi bindist það við steindir í berginu og falli út sem súlfíðsteindir. Fyrirhuguð áform SulFix II gera ráð fyrir að fargað verði um 15% af brennisteinsvetnisgasi frá Hellisheiðarvirkjun á þennan hátt. **- shá**

# Samskiptabrestur tafði morðrannsókn

Svo virðist sem samskiptabrestur á milli Neyðarlínunnar, fjarskiptamiðstöðvar Ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á Egilsstöðum hafi orðið til þess að morðrannsókn á Egilsstöðum seinkaði um nokkrar klukkustundir.

**DÓMSMÁL** Lögreglumenn sem komu á heimili Friðriks Brynjars Friðrikssonar aðfaranótt 8. maí síðastliðinn vissu ekki að hann hefði í samtali sínu við Neyðarlínuna skömmu áður sagst halda að hann hefði orðið manni að bana.

Aðalmeðferð í málinu fór fram á Egilsstöðum í lok ágúst en á meðal gagna málsins er símtal Friðriks Brynjars við Neyðarlínuna um klukkan eitt eftir miðnætti þessa umræddu nótt.

Þegar starfsfólk Neyðarlínunnar fékk símtalið frá Friðriki sendi það skilaboðin áfram til fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra, sem hafði svo samband við lögregluna á Egilsstöðum. Svo virðist sem eitthvað hafi skolast til á þessum boðleiðum því lögreglumenn sem komu á vettvang höfðu engar upplýsingar fengið um að Friðrik hefði haft á orði að hann hefði orðið manni að bana skömmu áður.

Þau skilaboð sem lögreglumenn fengu voru að átök hefðu átt sér stað í íbúð hans og hugsanlega hefði einhver fallið fram af svölum. Í samtali við lögreglumennina neitaði Friðrik Brynjar að hafa hringt á Neyðarlínuna og var ekki handtekinn – enda engin ummerki um átök í íbúð hans.

Um sjö klukkustundum síðar fannst Karl Jónsson, nágranni Friðriks Brynjars, í íbúð sinni látinn eftir að hafa verið stunginn 92 sinnum. Þá var Friðrik Brynjar handtekinn, um klukkan hálf níu um morguninn, grunaður um morðið. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan.



**Á VETTVANGI** Saksóknari, verjandi og dómararnir þrír skoðuðu morðvettvanginn á Egilsstöðum við aðalmeðferðina í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/INGIMAR

Í aðalmeðferð málsins í lok ágúst var fjallað um símtal Friðriks Brynjars við Neyðarlínunna. Einn lögreglumaður sem hafði verið kallaður á vettvettvang bar meðal annars að tilkynningin frá Neyðarlínunni hefði verið nokkuð óljós.

Lögreglumenn gengu ásamt sjúkraflutningamönnum í kringum blokkina með vasaljós og beindu kösturum lögreglubifreiðarinnar upp á svalir fjölbýlishússins, en einblíndu á íbúð Friðriks Brynjars. Á sama tíma lá Karl látinn á svölum íbúðar sinnar.

Hægt að er leiða líkur að því að rannsókn málsins hafi seinkað um sjö klukkustundir vegna þessa misskilnings neyðarlínunnar, fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á Egilsstöðum. Friðrik Brynjar var nokkuð drukkinn þegar hann hringdi á Neyðarlínuna, og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hann nokkuð óskýr í máli.

Hvorki Hjálmar Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá fjarskiptamiðstöð, né lögreglan á Eskifirði vildu tjá sig um málið.

**bodi@frettabladid.is**

Á fjórða hundrað ungbarna eru ekki í skráðri dagvistun hjá Reykjavíkurborg:

# Ráðuneyti endurskoðar dagvistun

**SKÓLAMÁL** Fullur vilji er hjá velferðarráðuneytinu að umsjón með daggæslu barna í heimahúsum fari yfir til menntamálaráðuneytisins, að sögn Ingibjargar Broddadóttur, sérfræðings hjá velferðarráðuneytinu.



**INGIBJÖRG BRODDADÓTTIR**

„Þetta er alvarlega til skoðunar hér og endurskoðun á þessu er hafin. Jafnframt verður sameiginlegur fundur ráðuneytanna tveggja um þetta málefni innan skamms í menntamálaráðuneytinu,“ segir Ingibjörg.

Hún tekur það fram að ríkið hafi yfirumsjón með daggæslu barna í heimahúsum en sveitarfélögin veiti dagforeldrum starfsleyfi og beri ábyrgð á að höfð sé umsjón og eftirlit með starfsemi þeirra. „Um 2.000 börn voru árið 2011 í skráðri dagvistun á einkaheimilum á landinu öllu, þar af voru um 1.700 undir tveggja ára aldri.“

Greint var frá því í Fréttablaðinu í fyrradag að yfir 300 ungbörn væru ekki í skráðri dagvistun hjá Reykjavíkurborg. Haft var eftir Sóleyju Tómasdóttur, borgarfulltrúa Vinstri grænna, að gera þyrfti áætlun um að yngja upp í leikskólunum. Hún kvaðst hafa á síðasta ári lagt fram tillögu þess efnis að borgarstjórinn ræddi við menntamálaráðherra um að brúa bilið frá fæðingarorlofi fram að leikskólaaldri.



**LEIKSKÓLI** Endurskoðun á umsjón með daggæslu barna í heimahúsum er hafin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigríður Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, segir dagskrá væntanlegs fundar ráðuneytanna ekki ákveðna. „Það sem verður til umræðu eru verkefni sem skarast á milli ráðuneyta.“ **- ibs**

www.renault.is

RENAULT

SPARNEYTNIR
Á GÓÐU VERÐI



RENAULT MEGANE
SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil
Verð: 3.890 þús. kr.
4,2 L/100 KM*



RENAULT CLIO
EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil
Verð: 2.890 þús. kr.
3,4 L/100 KM*



RENAULT SCENIC
Sjálfsk. dísil
Verð: 4.290 þús. kr.
GRAND, 7 MANNA: 4.690 þús. kr.
4,7 L/100 KM*

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda í blönduðum akstri

B|L BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

ENNEMM / SÍA / NM58709

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI**
5.-8. SEPTEMBER.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 8. september.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Reiðvegagerð í Eyjafirði:

## Milljónabætur til landeiganda

**DÓMSMÁL** Matsnefnd eignarnámsbóta hefur úrskurðað að eigandi jarðarinnar Munkaþverár í Eyjafirði fái 5,5 milljónir króna í bætur vegna 4,4 kílómetra langs reiðvegar sem leggja á um landið.

Hestamannafélagið Funi tók landið eignarnámi í kjölfar þess að Vegagerðin taldi fyrri reiðveg meðfram þjóðveginum ekki tryggja öryggi vegfarenda nógu vel. Meðal annars er tekið tillit til sjónarmiða jarðeiganda, sem taldi hluta lands síns ónýtast. - gar

132 þúsund erlendir ferðamann fóru frá landinu um Leifsstöð í ágústmánuði:

## Fjöldi ferðamanna slær enn met

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 132 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu um Flugstöð Leifs Eiríkssonar í nýliðnum ágústmánuði, samkvæmt því sem kemur fram í nýbirtum tölum Ferðamálastofu. Eru þetta um 16.500 fleiri ferðamenn en í ágúst í fyrra.

„Aukningin nemur 14,4 prósentum milli ára og er þetta metfjöldi ferðamanna í einum mánuði," segir í umfjöllun Ferðamálastofu. „Ef litið er til fjölda ferðamanna í ágúst á því tólf ára tímabili (2002-2013) sem Ferðamálastofa hefur haldið úti talningum má sjá umtalsverða fjölgun ferðamanna," segir þar.

Þannig hafi ferðamönnum fjölgað um 81 þúsund á tímabilinu, farið úr 50 þúsundum árið 2002 í 132 þúsund árið 2013.

Af einstökum þjóðum fjölgaði Bandaríkjamönnum, Bretum og Þjóðverjum mest milli ára í ágúst. Þannig komu 3.584 fleiri Bandaríkjamenn í ágúst í ár, 2.431 fleiri Bretar og 1.824 fleiri Þjóðverjar. - óká



**Í LEIFSSTÖÐ** Fjörutíu prósent af heildarfjölda ferðamanna í ágúst koma frá Mið- og Suður-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tölur um landsframleiðslu:

## Aukning um 2,2 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Landsframleiðsla jókst um 2,2 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins frá sama tímabili árið 2012 samkvæmt tölum frá Hagstofu.

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, drógust saman um eitt prósent. Einkaneysla fyrstu sex mánuði ársins jókst um 1,2 prósent samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2012. Á sama tíma dróst fjárfesting saman um þrettán prósent að raungildi. - hg


Kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra vekur athygli á að hinn 1. september 2013 tóku gildi ákvæði einka- og hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórnum félaga.

Lögin gilda aðeins um þau félög þar sem starfa 50 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli.

- Séu fleiri en einn einstaklingur í stjórn félags skal gætt að kynjahlutföllum.
- Sé stjórn skipuð tveimur eða þremur einstaklingum skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn.
- Sé stjórn skipuð fleiri en þremur einstaklingum skal gæta þess að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

Fyrirtækjaskrá skorar á stjórnir félaga, sem uppfylla ekki ákvæði laga um kynjahlutföll, að boða til hluthafafundar sem fyrst þar sem kjörin verður stjórn í samræmi við núgildandi lög.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | FYRIRMYNDAR STOFNUN 2013



Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á




**FÆRÐUR Í VARÐHALD** Steingrímur Þór Ólafsson var úrskurðaður í gæsluvarðhald um leið og hann kom til landsins frá Venesúela haustið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skattsvikarannsókn á lokametrum

Rannsókn á 270 milljóna virðisaukaskattsvikum er á lokametrunum. Hún hefur tekið þrjú ár. Möguleg tengsl við svik út úr Íbúðalánasjóði voru könnuð.

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á stórfelldum skattsvikum fyrir þremur árum, þar sem hópur fólks er talinn hafa svikið 270 milljónir af hinu opinbera, er nú á lokametrunum að sögn Hafliða Þórðarsonar lögreglufulltrúa.

Málið vakti mikla athygli þegar það kom upp í september 2010. Níu manns voru handteknir í aðgerðum lögreglu og sex, tvær konur og fjórir karlar, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald, þeirra á meðal starfsmaður Ríkisskattstjóra. Grunaður höfuðpaur í málinu, Steingrímur Þór Ólafsson, var handtekinn nokkrum dögum síðar í Venesúela og fluttur til landsins í kjölfarið.

Svikin eru talin hafa farið þannig fram að fólkið setti á fót sýndarfyrirtæki sem höfðu enga raunverulega starfsemi en fengu í krafti falsaðra gagna og aðgangs að starfsmanni Ríkisskattstjóra stórfé endurgreitt vegna byggingar þriggja húsa sem aldrei voru reist. Fyrirtæki gátu þá fengið sérstaka heimild til endurgreiðslu á innskatti á meðan á uppbyggingu stóð.

„Þetta var talsvert umfangsmikið og margslungið mál og það hefur tafist, meðal annars vegna manneklu," útskýrir Hafliði, sem vill að öðru leyti ekki tjá sig um rannsóknina.

Steingrímur Þór var sá sem tók við peningunum frá þeim sem sáu um að framkvæma svikin. Féð hefur hins vegar ekki fundist og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Steingrímur neitað að gefa upp hverjum hann afhenti féð, að eigin sögn af ótta við hefndaraðgerðir þeirra sem skipulögðu verknaðinn.



**Í VENESÚELA** Myndir birtust af því í venesúelskum fjölmiðlum þegar Steingrímur var handtekinn ytra.

Að þessu leyti minnir málið um margt á það þegar hópur manna sveik tugi milljóna út úr Íbúðalánasjóði árið 2009 og hlaut síðar dóm fyrir. Þeir báru fyrir dómi að þeir vildu ekki segja til mannanna sem fengu þá til verksins af ótta við afleiðingarnar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að lögreglan hafi við rannsóknina velt upp þeim möguleika að sömu menn hafi staðið á bak við bæði málin, en að sú athugun hafi þó engu skilað sem hönd á festi.

Eigur sumra sakborninga hafa nú verið kyrrsettar í um þrjú ár vegna málsins, meðal annars hús Steingríms, BMW-bíll systur hans og ýmis kvikmyndatökubúnaður í eigu manns sem málinu tengist.

Við húsleit hjá einum sakborninganna þegar málið kom upp fundust um tólf kíló af kannabisefnum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er ekki lengur talið að fíkniefnin tengist skattsvikunum, þótt sá sem átti þau megi eiga von á ákæru vegna þess.

stigur@frettabladid.is



# HVER ER LÉTTASTA LEIÐIN
AÐ ÞINNI ÍBÚÐ?

**Opinn fræðslufundur um fjármögnun fasteignakaupa.**

| | |
|---|---|
| 17.30 | Fundur settur. |
| 17.35-18.05 | Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fer yfir það sem er vert að hafa í huga við fjármögnun fasteigna ásamt því að bera saman óverðtryggð og verðtryggð íbúðalán. |
| 18.05-18.30 | Sveinn Gíslason, svæðisstjóri á höfuðborgarsvæðinu, kynnir lánakosti bankans. |
| 18.30-18.45 | Fjármálaráðgjafar svara spurningum og veita ítarlega ráðgjöf um þá lánamöguleika sem bankinn býður. |
| 18.45 | Fundi slitið. |

**Nýttu þér þetta tækifæri ef þú hefur áhuga á endurfjármögnun eða ert í fasteignakaupahugleiðingum.**

Fundurinn er opinn öllum og verður haldinn í Arion banka, Borgartúni **19, miðvikudaginn 11. september kl. 17.30.**

Ef þú átt ekki kost að koma á fundinn eru fjármálaráðgjafar okkar reiðubúnir að aðstoða í næsta útibúi Arion banka.

**Skráning er á arionbanki.is.**

Arion banki

HREYFITORG
– Finndu þína hreyfingu

Formleg opnun og málþing
Þjálfun almennings – ábyrg þjónusta, upplýst val

Íþróttamiðstöðin í Laugardal, fundarsalur 3. hæð
Föstudagurinn 13. september, kl. 14-16.15

Dagskrá

14.00 **Um Hreyfitorg**
Gígja Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hreyfingar hjá Embætti landlæknis

14.15 **Formleg opnun Hreyfitorgs**
Ávarp, Geir Gunnlaugsson landlæknir
Undirskrift samninga aðstandenda Hreyfitorgs

14.30 **Hvað tryggir gæði þjónustu á sviði hreyfingar og hver er réttur neytenda?**
Matthildur Sveinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendastofu

14.40 **Er verið að kaupa köttinn í sekknum? Ábyrgð neytenda við val á þjónustu**
Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri gæða og eftirlits hjá Embætti landlæknis

14.50 **Umræður**

15.00 **HLÉ, léttar veitingar**

15.15 **Of lítil eða of mikil hreyfing, af hverju og hvaða afleiðingar?**
Gunnar Svanbergsson sjúkraþjálfari

15.35 **Kyrrsetumaður hreyfist úr stað, reynslusaga**
Pétur Jóhann Sigfússon, spéfugl og hlaupari

15.45 **Of mikið af því góða, reynslusaga**
Gígja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari

15.55 **Hreyfiseðill, hver er staðan og hvaða þýðingu hefur Hreyfitorg fyrir verkefnið?**
Héðinn Jónsson, sjúkraþjálfari

16.10 **Samantekt**

Þátttaka er án endurgjalds
Skráning á www.landlaeknir.is

Embætti landlæknis · Læknafélag Íslands · Félag sjúkraþjálfara · Reykjalundur · VIRK · UMFÍ · Íþróttakennarafélag Íslands



**TÁKNRÆNT** Sjálfboðaliðar Rauða krossins stóðu fyrir samkomu á Lækjartorgi þar sem vakin var athygli á þjáningum sýrlensku þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM

Rauði krossinn stóð fyrir samkomu á Lækjartorgi:

# Safna til stuðnings sýrlensku þjóðinni

**HJÁLPARSTARF** Sjálfboðaliðar Rauða krossins komu saman á Lækjartorgi í gær til að vekja athygli á þeim hrikalegu aðstæðum sem Sýrlendingar búa við bæði innan og utan eigin landamæra.

Rauði krossinn vill með þessu sýna samstöðu í verki og hvetja almenning til að gera slíkt hið sama.

Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að í Sýrlandi ríki nú mesta neyð sem hjálparstofnanir hafa þurft að takast á við á undanförnum árum.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða hálfmánans í Sýrlandi veiti tveimur milljónum manna lífsnauðsynlega aðstoð á degi hverjum. Til að standa undir þeirri aðstoð verði Rauði krossinn á Íslandi að leggja sitt af mörkum.

Sólveig Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Rauða krossins á Íslandi, segir vel hafa tekist til með viðburðinum á Lækjartorgi.

„Þetta hefur vakið vakið heilmikla athygli. Íslendingar sýna mikinn samhug og skilning með fólki í neyð. Við auglýstum samstöðuna ekkert en samt kom fólk af götunni og bað um að fá að taka þátt,“ segir Sóley.

Hún segir systursamtök Rauða krossins, Rauða hálfmánann, vinna hættulegt starf á svæðinu.

„Það hafa 22 sjálfboðaliðar og starfsmenn þeirra látið lífið frá því átökin í Sýrlandi brutust út,“ segir Sóley.

Leggja má söfnun Rauða krossins lið og hringja í söfnunarsímann 904-1500 en þá bætast 1.500 krónur við símreikning.

Þannig megi styðja við verkefni Rauða krossins í Sýrlandi og nágrannaríkjum þar sem milljónir flóttamanna hafast við. - eh

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Seðlabanki Íslands
## Gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 15. október 2013. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (http://sedlabanki.is/afnam) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (http://sedlabanki.is/fjarfesting).

**Útboð í fjárfestingarleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykkta umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 25. september n.k.

**Útboð í ríkisverðbréfaleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaleiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

**Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri**
Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 3 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 15. október 2013. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans http://sedlabanki.is/utbod.

Stefnt er að næsta útboði 3. desember 2013.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.



**Á HÁLENDINU** Fólk á vegum Landverndar í Þjórsárverum í gær með Hjartafell í bakgrunni. MYND/LANDVERND

Nýtt verkefni Landverndar:

# Vilja að hálendinu verði hlíft

**NÁTTÚRA** Verkefninu Hálendið – hjarta landsins var hleypt af stokkunum í Þjórsárverum í fyrradag. Markmið þess er að vekja athygli á fyrirhuguðum framkvæmdum á hálendi Íslands og gefa fólki kosti á að taka undir kröfu Landverndar um að hálendinu verði hlíft.

Í tilkynningu segir að þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda um verndun víðerna hafi stöðugt verið gengið á verðmætin.

Hjartað var valið sem tákn verkefnisins vegna þess að útlínur hálendisins mynda hjarta í grófum dráttum. - bl

### LEIÐRÉTT

Í frétt blaðsins í gær var ranghermt að rannsóknir á jarðneskum leifum Ríkharðs III Englandskonungs hefðu sýnt fram á að konungur hefði verið haldinn njálg. Hið rétta er að Ríkharður þjáðist vegna bandorma í þörmum sínum. Leiðréttist það hér með.


Tísku
5.–8. sept.
dagar
Glæsilegt tískutímarit Smáralindar
og Nude Magazine er komið út.
Allt um haust- og vetrartískuna.
Náðu
þér í eintak
Tískutímarit
Smáralindar og
Nude Magazine
Taktu þátt
í Facebook
leiknum okkar
Glæsilegir vinningar:
3 x 50.000 kr.
gjafakort Smáralindar.
Smáralind
smaralind.is Opið: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

# Breytt þingsköp til að vinna upp traust

Forseti Alþingis segir það vera áhyggjuefni hversu lítið traust sé borið til Alþingis. Þingheimur vill bregðast við þessu með því að breyta þingsköpum til að draga úr málþófi og gera umræður hnitmiðaðri. Alþingi kemur aftur saman á þriðjudag.

**ALÞINGI** Ríkur vilji er meðal þingmanna til að bregðast við því hve lítils trausts Alþingi nýtur meðal þjóðarinnar. Þetta segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, en þingskapanefnd sem skipuð verður í haust mun leggja fram tillögur að breytingum á störfum þingsins. Markmiðið með breytingunum er meðal annars að draga úr málþófi og gera umræður hnitmiðaðri.

„Það er áhyggjuefni fyrir þingið og þjóðina líka þegar svona mikilvæg stofnun eins og Alþingi nýtur svona lítils trausts,“ segir Einar um nýlegar kannanir sem benda til þess að traust almennings til Alþingis og stjórnmálamanna sé í sögulegu lágmarki.

Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Alþingi sögðust 76% svarenda bera lítið eða alls ekkert traust til stofnunarinnar. Þátttakendur í könnuninni gagnrýndu meðal annars umræðuhefð þingmanna og vinnulag. Í niðurstöðum könnunar Alþjóðaefnahagsráðsins á samkeppnishæfni þjóða er Ísland í 48. sæti þegar kemur að trausti almennings til stjórnmálamanna. Íran er í 47. sæti og Austurríki í 49. sæti.

„Ég held að þingmenn geri sér grein fyrir því að einn liður í því að styrkja stöðu Alþingis sé að takast á við breytingar á þingsköpum,“ segir Einar. „Þessi vilji var líka til staðar á síðasta kjörtímabili en sú vinna kláraðist ekki. Ég tel hins vegar mikilvægt að byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram.“

Skiptar skoðanir eru meðal þingmanna um hvers langt eigi að ganga í breytingum á þingsköpum. Stjórnarandstaðan á hverjum tíma hefur þannig notast við málþóf til að setja þrýsting á stjórnarmeirihluta og hafa áhrif á niðurstöðu og afgreiðslu mála.

Einar segir að stíga þurfi varlega til jarðar í þessum breytingum.

„Ég hef ekki viljað ganga svo langt, og eins tíðkast í sumum þjóðþingum að umræður fari að litlu leyti fram í þingsal. Það er afturför að mínu mati. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hægt sé að breyta fyrirkomulaginu án þess að skerða málfrelsi þingmanna,“ segir Einar.

Alþingi kemur saman til fundar á þriðjudag í næstu viku en gert ráð fyrir sex þingfundardögum.

hoskuldur@frettabladid.is



**Á ALÞINGI** Landsmenn bera afar lítið traust til Alþingis, ekki síst vegna framgöngu þingmanna. Stefnt er að því að bregðast við því með því að breyta þingsköpum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MARGRETHE VESTAGER** Vill að kjósendur fái góða þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Danmörku:

## Hægt verður að breyta atkvæði

**DANMÖRK** Sveitarfélög í Danmörku og ráðuneyti vilja fá fleiri kjósendur í kjörklefa í sveitarstjórnakosningunum þann 19. nóvember. Í herferðinni er vakin sérstök athygli á því að hægt sé að skipta um skoðun hafi maður greitt atkvæði á utankjörstaðarfundi.

Skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um ágæti fyrirkomulagsins og telja sumir að kosningarnar verði síður teknar alvarlega.

Margrethe Vestager, efnahags- og innanríkisráðherra, segir í tölvupósti til Kristilega dagblaðsins að hún líti á þetta sem góða þjónustu við þá kjósendur sem ekki geta greitt atkvæði sjálfan kosningadaginn. - ibs

Frakklandsforseti á G20:

## Bíða skýrslu um efnavopn

**RÚSSLAND, AP** François Hollande, forseti Frakklands, segir að Frakkland muni bíða skýrslu rannsóknarteymis Sameinuðu þjóðanna og samþykkis bandaríska þingsins áður en ákvörðun verði tekin um aðgerðir gegn Sýrlandsstjórn.

Hollande lét hafa þetta eftir sér á fundi G20 ríkjanna í Pétursborg en talið er að skýrslunnar sé ekki að vænta fyrr en í lok þessa mánaðar.

Frakklandsforseti gaf þó sterklega til kynna að aðgerða væri að vænta og sagði heiminn ekki geta setið hjá meðan einræðisherrar sem nota efnavopn gegn þjóð sinni sæti ekki ábyrgð. - eh

Sérstakur saksóknari:

## Hefur fengið 3,7 milljarða

**FJÁRLÖG** Framlag ríkissjóðs til Sérstaks saksóknara í fjárlögum síðustu fimm ára nemur samtals 3,7 milljörðum króna. Embættið hefur ákært í tæplega 100 málum á tímabilinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það afstaða nokkurra ráðherra ríkisstjórnarinnar að embætti sérstaks saksóknara hafi kostað of mikið og skera þurfi niður. Samkvæmt minnisblaði frá árinu 2010 á embættið að starfa út næsta ár. Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, sagði í samtali við Fréttablaðið að embættið hefði engar upplýsingar fengið um niðurskurð næsta árs. - þþ


# Staða mála og væntanlegir kjarasamningar

**Fundaferð Rafiðnaðarsambands Íslands 2013**

**Fundir í september 2013**

**Mánudagur 9. september**
Neskaupsstaður kl. 12.00 Egilsbúð

**Mánudagur 9. september**
Egilsstaðir kl. 18.00 Hótel Hérað

**Þriðjudagur 10 september**
Akureyri kl. 12.00 Strikið

**Fleiri fundir á landsbyggðinni verða auglýstir þegar nær dregur sem og á heimasíðu RSÍ.**

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**
**Stórhöfða 31, sími: 580 5200, rafis.is**




**GÓÐUR MUNNBITI** Sigmundur Davíð borðaði beikonið af bestu lyst í stjórnarráðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigmundur Davíð fékk góða gjöf í stjórnarráðinu:

## Þótti beikonið gott

**FÓLK** Bandaríska beikonbræðralagið færði Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra gjöf í gær frá Terry Branstad, fylkisstjóra Iowa.

Forsætisráðherranum fannst beikonið bragðast vel og eftir að hafa tekið fyrsta bitann sagði hann einfaldlega: „Þetta er gott.“

Með beikoninu var bræðralagið að endurgjalda gjöf Íslenska beikonbræðralagsins sem kom færandi hendi á beikonhátíð þar ytra í febrúar.

Viðburðurinn markar upphaf beikonhátíðar sem haldin verður hátíðleg í þriðja sinn á morgun. Yfir eitt tonn af beikoni verður steikt á Skólavörðustígnum í dag á milli klukkan 14 og 17.

Allur ágóði af sölunni rennur til tækjakaupa á hjartadeild Landspítalans. - bl

Verðkönnun ASÍ:

## Karfan lækkaði mest hjá 10-11

**NEYTENDUR** Samkvæmt verðkönnun Alþýðusambands Íslands lækkaði vörukarfan mest hjá 10-11 síðustu sjö vikur, eða um 1,2 prósent. Hún hækkaði hins vegar mest hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, um 3,2 prósent. Í tilkynningu frá ASÍ segir að ef þessi hækkun KS væri dæmigerð fyrir aðra mánuði ársins samsvaraði hún ársverðbólgu upp á 26 prósent. Á tímabilinu hækkaði vörukarfan hjá níu af fimmtán verslunum, en lækkaði hjá sex. - bl

Nemendur í Svíþjóð:

## Færri beita kennara ofbeldi

**SVÍÞJÓÐ** Ofbeldi nemenda í garð kennara í Svíþjóð hefur minnkað og hótunum hefur fækkað, auk þess sem mismunun af hálfu vinnuveitenda og einelti starfsfélaga hefur minnkað. Þetta kemur fram í nýrri könnun.

Árið 2011 hafði 31 prósent kennara upplifað ofbeldi, hótanir, kynferðislega áreitni eða aðra niðurlægingu tengda starfinu á undanförnum 12 mánuðum. Samkvæmt niðurstöðum nýju könnunarinnar er fjöldinn nú 23 prósent. - ibs

# Allt í Padi

## iPad dagur í dag í Nova Lágmúla

Í tilefni af 4G hjá Nova bjóðum við kynningarverð á iPad með 4G netþjónustu.
Tilboðið gildir í dag, laugardag, í verslun Nova Lágmúla 9.

Við bjóðum öllum iPad eigendum upp á námskeið kl. 12 og 14.



4G

**Áttu iPad?**
Fáðu 4G ofurhraða með símkorti frá Nova

**iPad 4** 16 GB, 4G, WiFi, svartur/hvítur

Kynningarverð:
**104.990 kr.**
Fullt verð: **124.990**

**6.290 kr.** / 18 mán.

**20.000 kr.** afsláttur

4G



**iPad mini** 16 GB, 4G, WiFi, svartur/hvítur

Kynningarverð:
**69.990 kr.**
Fullt verð: **89.990**

**4.290 kr.** / 18 mán.

**20.000 kr.** afsláttur

**20% afsláttur af aukahlutum**



**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Nova Lágmúla 9. Opið í dag, laugardag frá kl. 11 – 16
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Kynningarverð á iPad býðst með 4G netþjónustu Nova í frelsi og áskrift.

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða.




**Porsche 911 í 50 ár - hefðin: framtíðin**

Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík • S: 590 2000 • porsche@porsche.is • www.benni.is

Fylgstu með
Porsche á Íslandi
á Facebook



### Goðsögn sportbílanna er 50 ára:

# Afmælissýning Porsche 911

911. Þrír tölustafir. Goðsögn frá árinu 1963. Miðpunktur óteljandi drauma. Frægasti sportbíll heims Porsche 911 var afhjúpaður 1963 og er því 50 ára á þessu ári. Á hálfrar aldar sögu 911 hefur aldrei verið hnikað frá þeim gildum sem bílahönnuðurinn, Ferdinand Porsche, lagði til grundvallar við smíðina; að vera framúrskarandi sportbíll þar sem ætíð er stefnt að fullkomnun án málamiðlana. Það segir sína sögu að 70% allra Porsche 911 sportbíla, sem framleiddir hafa verið, eru enn á götunum.

**Við höldum upp á 50 ára afmæli Porsche 911 með veglegri sýningu í Porsche salnum í dag. Á staðnum verða margar útgáfur af Porsche 911, sem endurspegla glæsilega hönnunarsögu hans í hálfa öld. Einnig verða aðrir Porsche bílar til sýnis, m.a. fjölskyldu- og sportjeppinn Porsche Cayenne og Cayman, sem var valinn sportbíll heimsins á þessu ári.**

### Bjóðum alla hjartanlega velkomna
### Opið í dag frá 12:00 til 16:00

PORSCHE

BORGARASTYRJÖLDIN Í SÝRLANDI



**ILLA FARNAR BYGGINGAR** Þessi hús standa við götu í Zamalka, einu úthverfa höfuðborgarinnar Damaskus. Þar hafa harðir bardagar geisað nánast daglega um langa hríð. NORDICPHOTOS/AFP



**STYRJÖLD** Uppreisnarmaður miðar á stjórnarhermenn í borginni Aleppo, sem er í norðanverðu landinu. Uppreisnarmenn hafa verið með mörg þorp í nágrenni borgarinnar á sínu valdi.



**UPPREISNARMAÐUR Á VERÐI** Í borginni Aleppo hafa harðir bardagar brotist út reglulega.

# Skelfingarástand í borgarastyrjöld

Borgarastríðið í Sýrlandi hefur staðið í meira en tvö ár og kostað meira en hundrað þúsund manns lífið. Þriðjungur þjóðarinnar er á vergangi, þar af hafa meira en tvær milljónir flúið land. Eiturefnaárásin í úthverfum Damaskusborgar beindi athygli umheimsins að átökunum, sem lagt hafa landið að stórum hluta í rúst.



**MILLI LÍFS OG DAUÐA** Uppreisnarmaður fer ásamt ungu barni í bænum Deir Ezzor yfir brú sem hefur orðið fyrir miklum skemmdum svo vart er hægt að sjá að öruggt sé að fara þarna yfir lengur.



**VOPNAEFTIRLIT** Sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum gerðu rannsóknir á vettvangi eiturefnaárásarinnar í Damaskus og nágrenni. Enn er beðið niðurstöðu rannsóknanna.



**FORELDRAR SYRGJA BÖRN** Eiturefnaárásin í úthverfum Damaskusborgar 21. ágúst síðastliðinn olli straumhvörfum í umræðu á alþjóðavettvangi um ástandið í Sýrlandi.

Háteigs-
kirkja

Andlegt ferðalag

í Háteigskirkju – 12 spora námskeið.

Í vetur verður 12 spora námskeið í Háteigskirkju sem ber nafnið Andlegt ferðalag með vinum í bata. Námskeiðið hefst á tveimur kynningarfundum í safnaðarheimili kirkjunnar mánudagana 9. september og 16. september og hefjast þeir báðir kl 19.30. Samverurnar verða svo vikulega í safnaðarheimili kirkjunnar á mánudögum milli kl. 19.30 - 21.30. Saman göngum við öruggum skrefum í gegnum sporin tólf. Síðasta samveran verður 9. desember. Allir eru hjartanlega velkomnir og það er ekkert þátttökugjald.

Nánari upplýsingar veittar á netfanginu hateigskirkja@hateigskirkja.is eða í síma 511 5400.

www.hateigskirkja.is / www.viniribata.is



**EYÐILEGGING** Miklar skemmdir hafa orðið af völdum átaka í bænum Deir Ezzor, sem er í austanverðu Sýrlandi.

ILVA living with style

# RÝMUM FYRIR NÝJU

Lýkur sunnudaginn 8. september



## Sparaðu 30-60%

af völdum vörum og síðustu eintökum




## Sparaðu 25-50%

af öllum sumarvörum - lýkur sunnudaginn 8. september




VEXTIR 0%*

KAUPTU NÚNA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard.

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is

mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

Hvernig er hægt að ná lendingu í flugvallarmálinu?

# Hjarta á röngum stað

Nú hafa um 65.000 manns skrifað undir áskorun um að tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur verði breytt þannig að flugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni. Undirskriftasöfnunin fer fram á vefsíðunni lending.is undir slagorðinu Hjartað í Vatnsmýrinni.

Á síðunni eru færð fram margvísleg rök fyrir því að Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera áfram þar sem hann er. Sum skipta engu máli, eins og þau að Vatnsmýrin eigi sér svo langa og óslitna flugsögu. Miðstöð þungaflutninga með skipum væri enn í gömlu höfninni ef svoleiðis rök væru einhvers virði.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Flest annað sem er tínt til, til dæmis um efnahagslegt mikilvægi innanlandsflugs, jákvæð umhverfisáhrif flugumferðar umfram einkabílaumferð, gagnið af flugkennslu og svo framvegis, myndi eiga við um flugvöll hvar sem hann væri staðsettur í nágrenni höfuðborgarinnar.

Í rauninni virðast aðeins tvenn rök eiga við um staðsetningu flugvallar í Vatnsmýrinni sérstaklega; að veðurfarsskilyrði séu betri þar en á öðrum flugvallarstæðum sem hafa verið skoðuð og að nálægðin við Landspítalann skipti máli upp á sjúkraflug. Það er alls ekki ástæða til að gera lítið úr þessu tvennu en það getur samt varla þýtt að það sé enginn annar staður fyrir flugvöll.

Svo eru býsna góð rök fyrir þeirri afstöðu borgarstjórnar Reykjavíkur að flugvöllurinn eigi að víkja úr Vatnsmýrinni. Í fyrsta lagi voru borgarbúar spurðir í atkvæðagreiðslu hvort hann ætti að fara eða vera og meirihlutinn sagði að hann ætti að fara.

Í öðru lagi er völlurinn risavaxin hindrun í vegi fyrir eðlilegri þróun borgarinnar. Það eru skýr hagkvæmnisrök fyrir því að þétta borgina í stað þess að halda áfram að þenja hana út um nærsveitirnar, nýta þannig betur fjárfestinguna í gatna- og veitukerfum, draga úr umferð og auðvelda fólki að ganga, hjóla eða nota almenningssamgöngur til að ferðast milli staða. Kannanir sýna að nýjar kynslóðir borgarbúa vilja frekar búa þétt en dreift.

Í þriðja lagi fylgir flugvellinum ógn við öryggi borgarbúa með stöðugu lágflugi yfir íbúðahverfi. Sú ógn fer vaxandi ef umsvif á vellinum aukast með fjölgun ferðamanna. Völlurinn er líka orðinn frekari á umhverfi sitt en áður, eins og áform um fyrirferðarmikil lendingarljós og fellingu gamals skógar á útivistarsvæðum borgarbúa sýnir. Völlurinn er raunar á alls konar undanþágum frá öryggisreglum, sem ekki þyrfti ef hann væri annars staðar.

Reykjavíkurflugvöllur getur verið hjartað í flugsamgöngum landsins án þess að hann sé í Vatnsmýrinni. Sátt um flugvöllinn getur ekki falizt í að borgarbúar sætti sig við óbreytt ástand, eins og forsætisráðherrann finnst að þeir eigi að gera. Ekki heldur í því að ríkið taki með frekju skipulagsvaldið af borginni, eins og Höskuldur Þórhallsson samflokksmaður hans leggur til. Sáttin hlýtur að felast í að hvorir tveggju hagsmunirnir séu tryggðir; framtíðarþróun Reykjavíkur með þéttingu byggðar og greiðar og öruggar flugsamgöngur höfuðborgarinnar við aðra landshluta. Það eru ýmsar leiðir færar að slíkri sátt. Hefði ekki verið miklu nær að safna undirskriftum til stuðnings slíkri nálgun?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Mælgin og virðing Íslands



Þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lýsti því yfir við setningu Alþingis í vor að Evrópusambandið hvorki vildi né gæti samið um aðild Íslands voru liðin fjörutíu og þrjú ár síðan Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sagði í ritgerð að virðing smáþjóða stæði yfirleitt í öfugu hlutfalli við mælgi þeirra.

Trauðla verður dregin upp sterkari mynd af hroka og hófsemi en birtist í þessum orðum. Þau lýsa gjörólíkum stjórnmálaleiðtogum, gagnstæðri hugmyndafræði og ósamræmanlegum sjónarmiðum um hvernig Ísland tryggir best hagsmuni sína í heimi þar sem fullveldi og efnahagslegar framfarir ráðast í vaxandi mæli af samvinnu þjóða.

Orð Bjarna Benediktssonar standa enn. En eftir fund með kanslara Þýskalands í sumar þurfti forsetinn að kokgleypa ummæli sín. Þá sneri hann blaðinu umsvifalaust við og sagðist hafa meint að Ísland gæti ekki samið um aðild. Sá böggull fylgir skammrifi að smáni forsetinn sjálfan sig gerir hann þjóðinni um leið sömu skömm.

Það segir sína sögu að forsætisráðherra og utanríkisráðherra gáfu blessun ríkisstjórnarinnar fyrir báðum útgáfum forsetans um getuleysi og andstöðu við að semja um mögulega aðild Íslands.

Ekki er ofsögum sagt að Bjarni Benediktsson var í raun faðir þeirrar samstöðu þriggja stjórnmálaflokka um grundvöll utanríkisstefnunnar sem fylgt var allan síðari hluta tuttugustu aldar. Nú í byrjun tuttugustu og fyrstu aldar ræður hugmyndafræði Ólafs Ragnars Grímssonar.

## Að semja við sjálfan sig

Æstustu sporgöngumenn forsetans í andstöðunni við að láta reyna á aðildarsamninga staðhæfa í síbylju að Ísland muni tapa fullveldinu í þeim viðræðum. Sumir trúa því. En væri það rétt gæti enginn ærlegur Íslendingur varið, hvorki fyrir sjálfum sér né öðrum, að halda áfram.

Sósíalistar og kommúnistar slógu á þessa sömu tilfinningastrengi í andróðri gegn aðild að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma. Sumir trúðu því. Reynslan var önnur. Aðildin styrkti fullveldi landsins. Hugsunin að baki slíkum málflutningi er að byrja á því að semja við sjálfan sig um verstu hugsanlegu niðurstöðu úr samningum við aðrar þjóðir. Sú heimasmíð er síðan notuð til að telja mönnum trú um hversu varasamur gagnaðilinn er. Í raun lýsir þetta þjóðlegri minnimáttarkennd sem brýst út í hroka.

Ríki hafa ekki stjórnmálasamband sín á milli nema þau viðurkenni fullveldi hvers annars. Af rökfærslu aðildarandstæðinga leiðir að utanríkisráðherrann verður að halda því fram heima í Skagafirði að Danir og Bretar séu ekki fullvalda þjóðir. Þegar hann kemur í ráðuneytið er það hins vegar starfi hans dag hvern að viðhalda í verki stjórnmálasambandi við þessi fullvalda ríki og önnur í sömu stöðu.

Þessi broslega klípa utanríkisráðherrans sýnir hversu illa mönnum getur skrikað fótur á málflutningssvellinu þegar þeir styðjast við uppspuna fremur en rök. Menn geta sloppið í stjórnarandstöðu en halda ekki jafnvægi með ráðherraábyrgðina á herðunum.

## Bakhjarl fullveldisins

Þegar Ísland átti í erfiðleikum með að viðhalda fjárhagslegu sjálfstæði sínu án aðstoðar var leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, norrænna aðildarþjóða Evrópusambandsins, Póllands og Noregs. Það sem máli skipti á þeim örlagaríka tíma var að eiga bakhjarl í alþjóðasamstarfi sem hefur lýðræði og viðskiptafrelsi að markmiði.

Þó að Ísland hafi gengist undir margs konar erfiðar kvaðir í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var markmið hennar að slá skjaldborg um fullveldi landsins. Það lánaðist ágætlega. En við endurreisnina þarf Ísland á erlendri fjárfestingu að halda meir en nokkru sinni. Í vikunni kom fram að á heimslistanum yfir samkeppnishæfni ríkja voru aðeins fjögur ríki fyrir neðan Ísland þegar borið var saman regluverk sem lýtur að erlendum fjárfestingum.

Við eigum ekki að hafa fordóma gagnvart fjárfestingarfé frá einræðisríkjum eins og Kína. En um leið verðum við að gera okkur grein fyrir hinu að það flæðir ekki hingað til þess að efla lýðræðið og fullveldið. Í þeim tilgangi er því samtímis þörf á að styrkja til mikilla muna stöðu okkar í samtökum vestrænna lýðræðisþjóða.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu byggðist á hugsjón og raunsæi um stöðu ungs lýðveldis í hörðum heimi. Hún fól í sér þátttöku í sterkustu samtökum vestrænna þjóða sem þá voru. Evrópusambandið gegnir því hlutverki í dag. Hugsanlegur fríverslunarsamningur þess við Bandaríkin er ný og mikil áskorun. Hvers vegna á Ísland ekki að vera fullur þátttakandi í þeirri þróun frá byrjun?

Þó að forsetinn tali eftir lögmálum skopparakringlunnar standa öll rök til að taka ný skref með fótfestu í rótgróinni hugmyndafræði evrópskrar og vestrænnar samvinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hversu margra lífa er listin virði?

MENNING



Kári Finnsson
meistaranemi í listviðskiptum

Fyrir tæpum tveimur mánuðum óskaði Detroit-borg í Bandaríkjunum eftir gjaldþrotaskiptum og fól sú beiðni í sér stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna. Gjaldþrotið er metið eftir skuldum sem nema tæplega 20 milljörðum Bandaríkjadollara (til samanburðar er verg landsframleiðsla Íslands í kringum 14 milljarðar Bandaríkjadollara). Ljóst þykir að sækja þarf víða í innviði borgarinnar til að greiða upp skuldir hennar, en meðal eigna borgarinnar eru stórmerkileg listaverk í Detroit Institute of Art-safninu.

Á meðal þeirra listaverka sem eru í eigu safnsins eru verðmæt málverk eftir Rembrandt, Matisse, van Gogh og Picasso – svo að örfáir listamenn séu nefndir – og það er álitið eitt af stærstu og mikilvægustu söfnum Bandaríkjanna. Safneignin hefur samkvæmt ýmsum heimildum verið metin á yfir milljarð Bandaríkjadollara og safnstjórinn, Graham Beal, hefur látið hafa eftir sér að sala á safneigninni jafngildi lokun safnsins. Engu að síður hafa ýmsir áhyggjufullir borgarbúar Detroit klórað sér í hausnum og spurt sig: „Hversu margra lífa virði er verk eftir Rembrandt?“

Vert er að hafa þessi vandamál Detroit-borgar í huga þegar við lesum nýlegt lesendabréf Kolbrúnar Bergþórsdóttur, forseta Bandalags íslenskra listamanna, og ummæli Gríms Gíslasonar, formanns kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, um niðurskurð til menningarmála. Vandinn er í senn einfaldur og flókinn: Ríkið þarf að skera niður og megnið af menningarstarfsemi Íslands er háð ríkisstyrkjum.

### Umræða á villigötum

Þau hafa bæði rangt fyrir sér. Grímur áttar sig ekki á því að þegar hann skellir sér á popptónleika þá hlustar hann yfirleitt á hljómsveitir sem eru styrktar af ríkinu með einum eða öðrum hætti, hvort sem það er í gegnum styrki til útflutnings eða upptöku á tónlist þeirra. Hann virðist einnig ekki skilja að ef listir eru alfarið háðar duttlungum markaðsafla þá er mjög takmarkaður vettvangur fyrir tilraunamennsku og nýsköpun í listum, sem er einmitt nákvæmlega það sem hefur gert íslenskar listir einstakar og eftirsóknarverðar.

Kolbrún nefnir máli sínu til stuðnings að skapandi greinar velti í kringum 190 milljörðum króna, en þar eru meðtaldar greinar sem þurfa mismikinn stuðning frá ríkinu og skila að sama skapi afar mismiklum arði. Þótt þessi háa velta sé fagnaðarefni þá er hæpið að nota hana sem mælikvarða á velgengni lista og menningar á Íslandi í heild sinni. Ástæðan er sú að sumar skapandi greinar, líkt og til dæmis tölvuleikjagerð CCP (sem er stór hluti heildarveltunnar) þrífst mjög vel í markaðsumhverfi og getur skilað miklum arði á meðan aðrar greinar gera það ekki. Ef við skilyrðum styrkveitingu ríkisins til lista út frá veltu þeirra eða útflutningsverðmæti, þá er hætta á að listsköpun sem skilar litlum tekjum og öðlast ekki miklar vinsældir mæti afgangi og hljóti ekki þann stuðning sem hún þarf. Íslensk danslist ætti t.d. ekki auðvelt uppdráttar ef stuðningur við hana væri háður því að hún skilaði háum tekjum. Þessi hugsunarháttur, þótt hann geti jafnvel leitt af sér frekari styrki, gefur til kynna að markmiðið sé alltaf að auka tekjur þjóðarinnar. Möguleg arðsemi í listum og áhugi útlendinga á þeim geta óneitanlega verið ánægjuleg fylgifiskur listsköpunar – þau eru hins vegar ekki forsenda hennar.

**➜Við þurfum styrkjakerfi fyrir listir sem er síbreytilegt og í stöðugri endurskoðun en að sama skapi þurfum við kerfi sem er ekki háð því að stjórnmálamenn búi...**

### Niðurskurður er óumflýjanlegur

Þótt Ísland sé ekki gjaldþrota eins og Detroit, þá hljóta atburðir síðustu ára að fá okkur til að hugsa tvisvar um fjárhagslega framtíð okkar. Niðurskurður er óumflýjanlegur, sama hvað okkur kann að finnast og ríkisstyrkir til lista ættu ekki að sleppa undan hnífnum frekar en aðrir liðir fjárlaga. Sama hvað ríkisstjórnin ákveður að gera, þá verður menningarlíf okkar að blómstra til framtíðar. Það mun ekki gerast með rifrildi um hvort ríkið ætti að leggja fé til menningar heldur með einbeittri umræðu um hvernig við getum tryggt öflugt menningarlíf á Íslandi.

Við þurfum styrkjakerfi fyrir listir sem er síbreytilegt og í stöðugri endurskoðun en að sama skapi þurfum við kerfi sem er ekki háð því að stjórnmálamenn búi yfir ítarlegri þekkingu á starfsumhverfi Retro Stefsonar eða Ragnars Kjartanssonar. Því fyrir hverja Kolbrúnu Bergþórsdóttur sem hefur starfað í menningargeiranum munum við alltaf hafa einhvern Grím Gíslason sem hefur mjög takmarkaða hugmynd um hvernig menning er starfrækt á Íslandi.

Það er ekkert einfalt svar við spurningunni um hversu margra lífa listin er virði, enda er spurningin í senn vitlaus og ólíkleg til gefandi umræðna. Við verðum að búa til skýrt og áreiðanlegt styrkjakerfi fyrir listir – bæði með framlögum ríkis og einkaaðila – svo að við neyðumst ekki til að svara henni. Við eigum undarlega ríkan og sterkan menningararf sem við getum verið verulega stolt af. Sóum honum ekki í marklausan skotgrafahernað.



**Í fyrsta lagi vil ég láta þess getið að þetta er ágætis leið til að brjóta ísinn á svona fundum. Það spunnust nokkrar umræður um þetta og fólki var nokkuð skemmt.**

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson um fótabúnað sinn á fundi norrænna forsætisráðherra í Stokkhólmi með Barack Obama Bandaríkjaforseta. Sigmundur Davíð var í ósamstæðum skóm á fundinum, íþróttaskó á öðrum fæti vegna bólgu í fæti en sparikó á hinum.*

**Besta fólkinu var rænt af Tyrkjum og afkomendur þeirra skárstu sem eftir urðu fluttu svo upp á land í gosinu. Restin situr eftir og hefst þar við útgerðarmannadekur og brekkusöng.**

*Sjón, um ummæli eyjamannsins Gríms Gíslasonar, formanns kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, um framlög ríkisins til lista og menningar. Grímur vill að skorið verði niður til menningarmála.*








# Ágætir okurvextir?

FJÁRMÁL



**Gauti Kristmannsson**
prófessor við HÍ

Leiðari Fréttablaðsins í gær setti fram þá kenningu að ekkert væri að góðum hagnaði bankanna, enda væru þeir að hluta til í eigu almennings. Maður spyr sig samt spurningarinnar hver borgar á meðan tíðindi af afskriftum upp á milljarða eru nánast daglegt brauð. Á sama tíma fá viðskiptavinir bankanna tilkynningar um vaxtahækkanir á húsnæðislánum.

Íslandsbanki var að senda út „Tilkynningu um vaxtaendurskoðun“ þar sem vextir á verðtryggðum lánum eru hækkaðir úr 4,15% í 4,85%. Á móti eru boðin lán til „endurfjármögnunar“ og virðast sum þeirra meira að segja vera á töluvert betri kjörum. En hundurinn liggur grafinn í smáa letrinu þar sem segir: „Hafi húsnæðislán verið með greiðslujöfnun fellur hún niður samhliða endurfjármögnun.“ Hér á að ná til baka því sem teygt var í fyrir aðframkomna lántakendur sem urðu fyrir forsendubrestinum fræga. Þannig að á meðan nefndir ríkisstjórnarinnar eru að ræða leiðir til að leiðrétta þann forsendubrest er Íslandsbanki a.m.k. byrjaður að leiðrétta á móti og það fyrir fram. Á að hafa landsmenn að fíflum eina ferðina enn?

**➜ Á að hafa landsmenn að fíflum eina ferðina enn?**

# Tillaga um sátt í flugvallarmálinu

SKIPULAG



**Álfheiður Ingadóttir**
varaþingmaður VG

Eitthvað hefur félagi minn Ögmundur Jónasson misskilið umræðuna um Reykjavíkurflugvöll. Hún er ekki bara svarthvít eins og hann vill vera láta og engin ástæða til að ætla að menn gangi erinda byggingabransans eða flugbransans þótt þeir taki afstöðu í málinu. Ég hef lengi verið talsmaður þess að takmarka flug um Reykjavíkurflugvöll og ef ekki dugir að ná sátt um það að láta hann þá víkja. Ég tel hins vegar að málið snúist ekki bara um peninga, um fjölda atvinnutækifæra, um tímann sem menn þurfa til að fara á milli staða eða um lóðir sem hagkvæmt er að byggja á eða ekki hagkvæmt. Ég tel að málið snúist um öryggi flugsins annars vegar og öryggi byggðarinnar hins vegar.

Áhætta vegna Reykjavíkurflugvallar fer mikið eftir aðstæðum og öryggisbúnaði en áhættan er þó einkum háð því hversu mikil flugumferðin er. Ef ég man rétt má reikna með að slys eða alvarlegt óhapp verði á flugvellinum á um ellefu ára fresti, miðað við umferðina 1990. Og það er allnokkur áhætta, eins og dæmin því miður sanna, hvað sem byggingarlandi eða tilfinningum til flugflotans líður.

Margt hefur verið gert til að draga úr áhættu á Reykjavíkurflugvelli. Þannig hefur millilandaflug verið flutt frá höfuðborginni (nema til Grænlands og Færeyja), ferjuflugi að mestu úthýst og dregið úr kennslu- og æfingaflugi. Þá hefur umferð um NA/SV-braut verið takmörkuð og næturflug bannað. Aðflugs- og fráflugsleiðir hafa verið skilgreindar og öryggisbúnaður bættur.

**Allt er þetta til bóta**

Margir, þ.m.t. meirihluti borgarbúa og flestir borgarfulltrúar, telja rétt að flytja flugið úr Vatnsmýri en aðrir vilja engu breyta. Þar fara fremst í flokki flugmálayfirvöld fyrr og nú og íbúar á landsbyggðinni sem vilja ekki missa flugvöllinn.

Um áratugaskeið hefur átakalínan legið þarna og hvorugur hópurinn verið tilbúinn til að hlusta á hinn. Í millitíðinni ákvað Reykjavíkurborg að láta N/S-brautina víkja fyrir lok skipulagstímabilsins sem er 2016, en aðrar flugbrautir og allur flugrekstur fari í burtu síðar. Flugvöllurinn var skipulagður út af kortum borgarinnar og nú er hafin hörð barátta um að koma honum óbreyttum inn á þau aftur. Greinilegt er að þeir sem hafa skrifað undir áskorun í flugvallarmálinu að undanförnu hafa aðallega óttast að sjúkrafluginu yrði lokað.

**➜ Þessi leið er ekki ókeypis en einn af mörgum kostum hennar er þó að hún er ódýrari en aðrir kostir.**

Með þeirri tillögu sem hér er kynnt verður það ekki gert.

**Þriðji kosturinn**

Til er þriðji kosturinn, sem reyndar hefur oft verið bent á, m.a. í vinnu áhættumatsnefndar sem skilaði af sér 1991 og ég var formaður fyrir. Skýrsla hennar nefndist „Sambýli flugs og byggðar“ en þar voru dregnar saman tölulegar upplýsingar um alla þætti flugumferðarinnar og áhrif flugsins á atvinnulíf og þjónustu í höfuðborginni, sem og þá áhættu sem fylgir flugvellinum fyrir byggð og íbúa borgarinnar.

Þriðja leiðin er að takmarka flugumferð við eina flugbraut í svipaðri legu og núverandi A/V-braut og heimila aðeins áætlunarflug og þjónustuflug um Reykjavíkurflugvöll. N/S-brautinni yrði lokað en um hana fer nú meirihluti flugumferðarinnar með tilheyrandi lágflugi yfir miðborginni þar sem höfuðstöðvar stjórnsýslu og fjármálalífs eru staðsettar. NA/SV-braut yrði einnig lokað en hún er langstysta braut vallarins, aðeins notuð við mjög erfið veðurskilyrði og aðflug að henni hættulega nálægt byggingum Landspítalans.

Eftir stæði þá aðeins A/V-brautin sem nú liggur milli Öskjuhlíðar og Suðurgötu í Skerjafirði. Öskjuhlíðin er hindrun í flugi að og frá þessari braut eins og menn þekkja af umræðu um hæð trjágróðurs þar. Því þarf að sveigja flugbrautina til norðurs næst Öskjuhlíð og lengja hana í sjó fram í Skerjafirði. Suðurgata yrði lögð í stokk undir flugbrautina og blindflugsbúnaði og alvöru flugstöð og þjónustumiðstöð komið fyrir við þessa nýju flugbraut. Þessi leið er ekki ókeypis en einn af mörgum kostum hennar er þó að hún er ódýrari en aðrir kostir.

Bent hefur verið á að með einni braut á Reykjavíkurflugvelli myndi nýtingin aðeins minnka um 5%: úr 97% í 92%. Það er ásættanlegt að mínu mati. Reykjavíkurflugvöllur gæti áfram þjónað því sem allir kalla eftir: Öryggi flugs og byggðar, sjúkraflugi og þjónustuflugi Landhelgisgæslunnar og öllu áætlunarflugi innanlands. Einkaþotur, æfinga- og kennsluflug, ferjuflug, herflug, flugsýningar og millilandaflug yrði hins vegar flutt frá Reykjavík og ágætis svæði opnaðist til bygginga á núverandi flugvallarsvæði.

Hér er kynnt tillaga um sátt og ég tel að ná þurfi sátt um Reykjavíkurflugvöll. Ég held að það sé hægt og skora á menn í báðum hópum að líta á þennan valkost í alvöru í stað þess að skunda í skotgrafirnar eina ferðina enn.



KÝLDU Á ÞAÐ
NIKE DAGAR Í VERSLUNUM ÚTILÍFS
7. - 8. SEPTEMBER
MEÐ HVERJUM KEYPTUM NIKE BUXUM
FÆRÐU TOPP / T-BOL Á HÁLFVIRÐI
MEÐ HVERJU KEYPTU NIKE SKÓPARI
FÆRÐU NIKE SOKKA Í KAUPBÆTI
Sérfæringar ráðleggja viðskiptavinum við valið
á réttu skónum og rétta fatnaðinum:
Laugardag í Kringlunni kl. 14-17
Sunnudag í Smáralind kl. 14-17
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is






















BYKO leggur mikla áherslu á gæði og gott verð.



Vnr. 15332925
GROHE Eurosmart
handlaugartæki.
9.990kr.



Vnr. 15323324
GROHE Eurosmart
handlaugartæki.
14.990kr.



Vnr. 15330193
GROHE Eurosmart
Cosmo eldhústæki.
16.990kr.



Vnr. 15332898
GROHE Essence Slim
handlaugartæki.
19.990kr.




Vnr. 19601050-65
Granítflísar, 30x30 cm,
beige, brúnar, gráar eða svartar.
2.290kr.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.




HÁGÆÐA LYKTARLAUS INNIMÁLNING SEM ÞEKUR MJÖG VEL

10 LÍTRAR

Vnr. 85540083/1083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.

6.990 kr.



Vnr. 42379046
MELISSA ryksuga,
1200W.

5.990 kr.

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 58094501–4
Geymslubox með
smelluloki, 24 l, 4 litir.

1.450 kr.



Vnr. 68393973
LUX PROMO
verkfærabox, 38 cm.

890 kr.

Vnr. 65103205
Baðvog með LCD skjá,
vigtar 150 kg.



KLÚBB verð
1.990 kr.
Almennt verð 2.990 kr.



Vnr. 42376665
Trappa með
tveimur þrepum.

KLÚBB verð
2.990 kr.
Almennt verð 3.990 kr.



FRÁBÆRT VERÐ

Einhell

Vnr. 74807555
EINHELL ryksuga,
1250W, ryksugar
bæði þurrt og blautt.

9.990 kr.



Vnr. 38910030
SMARTY járnhillur,
138x70x30 cm.

2.990 kr.

Vnr. 50626746-7
Panna, 28 cm, span.
Fjólublá eða græn.



KLÚBB verð
5.990 kr.
Almennt verð 8.990 kr.

Vnr. 49961649
Roaster pottur.



KLÚBB verð
2.490 kr.
Almennt verð 3.990 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# HELGIN



**Atli Fannar Bjarkason, aðstoðarmaður formanns Bjartrar framtíðar**

### Á víkingaleikum

Ég lét plata mig í að taka þátt í víkingaleikum Mjölnis í dag, þannig að dagurinn verður tekinn snemma. Svo fylgja fastir liðir, Laugardagskaffið á X-inu og nokkrar dósir opnaðar í kvöld.



**Gerður Kristný skáld**

### Húsdýragarður og pistlaskrif

Lítill frændi kemur í næturgistingu og leikskóli yngri sonarins ætlar að hittast í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Síðan þarf ég að skrifa pistil um ljóð fyrir Bókmenntaborgina og horfa á Hálfbróðurinn á Rúv.



**Ólafur Josephsson tónlistarmaður**

### Kælir ökkla í bústað

Ég ætla að skella mér í bústað með þéttum vinahópi í Ásbúðir á Skagaströnd þar sem ökklar verða kældir.



**Ingibjörg Gréta hjá Reykjavík Runway**

### Ljósanótt og út að borða

Ég verð á Ljósanótt í Reykjanesbæ í dag og í kvöld ætla ég með Trond frá Visit Tromsö og Ingu, formanni Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, út að borða



**VÍSAR** Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður leiðir börnin um sýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Húsin í húsinu:**

## Leiðangur fyrir börnin

**Leiðsögn** Hafnarborg býður upp á leiðangur fyrir börn um sýninguna Vísar – húsin í húsinu á morgun, sunnudaginn 8. september, klukkan 14. Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður leiðir börnin um sýninguna og spinnur með þeim ýmis konar leiki út frá verkum listamannanna.

Í raun má líta á flest verkin á sýningunni sem einhvers konar hús eða vísa að húsum í húsinu. Þetta eru byggingar af ólíkum toga og mætast meðal annars heimili, safn og hótel, ýmist sem raunveruleg hús eða hugmyndir sem lifna við með hjálp ímyndunaraflsins.



**KIMONO** Sveitin verður þaulsætin í Lucky Records í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Kimono í Lucky Records:**

## Flytur sama lag sjö sinnum

**Tónleikar** Hljómsveitin Kimono, sem nýlega sendi frá sér stuttskífuna Aquarium sem inniheldur tæplega tuttugu mínútna langt lag samnefnt plötunni, flytur lagið á klukkustundar fresti, alls sjö sinnum, í Lucky Records við Rauðarárstíg í dag frá klukkan 11.

Í hvert sinn sem sveitin flytur lagið verður bætt á öxul framvindunnar með aðstoð aukahljóðfæraleikara sem ætla að aðstoða sveitina við að kryfja lagasmíðina til mergjar.

# Lífið streymir fram hjá

Árgangagangan er árleg ganga sem farin er um Hafnargötu í Keflavík á Ljósanótt.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Ég er fæddur árið 1956 og bið mín eftir að komast inn í gönguna verður sífellt lengri. Hún er alltaf að styttast leiðin að samkomusvæðinu þar sem við endum gönguna," segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, léttur í bragði um svokallaða Árgangagöngu sem farin er árlega á Ljósanótt í Reykjanesbæ.

„Hugmyndin byggir á því að við erum svo heppin að eiga hér Hafnargötuna. Gatan er númeruð frá 1 og upp í 100 og árgangar koma saman við húsnúmer síns árgangs. Þannig að 56-módelið mætir við Hafnargötu 56 og 90-módelið mætir við Hafnargötu 90 og svo framvegis," útskýrir Árni.



**ÁRNI SIGFÚSSON**

Árgangagangan hefur smám saman verið að aukast í öllum umsvifum.

„Gangan hefst með lúðrablæstri og skrúðgöngumeisturunum sem arka frá efsta hluta götunnar og niður Hafnargötu. Smám saman bætist í og hver árgangur kemur inn í gönguna fyrir sig," heldur Árni áfram.

„Það er mjög merkilegt hvernig þú horfir eiginlega á lífið streyma fram hjá. Gangan hefst á þeim yngstu, sem eru kannski nýfermdir unglingar sem finnst þetta allt hálfasnalegt. Svo kemur yngra fólk, svo mæður og foreldrar með barnavagnana. Þá næst kemur í gönguna óræður aldur þar sem fólk er búið að losa sig við börnin, spengilegt og flott. Þar á eftir afar og ömmur með barnabörnin í vögnum, og svo eldist hópurinn og það fækkar í honum – hópurinn breytist. Þetta er upplifun að fylgjast með og taka þátt og átta sig á hvar maður er að koma inn í gönguna," segir Árni jafnframt.

Gangan endar svo á samkomusvæðinu Bakkalág, þar sem hópurinn sameinast og árganginum sem verður fimmtugur á árinu er sérstaklega fagnað.

„Bakkalág er lágin við Hafnarbakkann, sem hefur nýlega hlotið þetta tvíræða nafn. Þar var saltfiskur áður lagður út til þurrkunar," bætir Árni við.

Forseti bæjarstjórnar ávarpar svo hópinn. „Þetta er gleðileg stund og fólk nýtur hennar. Margir árgangar hittast kannski kvöldið áður og halda glaðan dag," segir Árni að lokum.




**FRÁ GÖNGUNNI Í FYRRA** Fjöldi fólks lagði leið sína í árgangagönguna í fyrra. MYND/REYKJANESBÆR



**STÝRURNAR** Valgerður Þóroddsdóttir og Marloes Robijn, sem er stofnandi „Shut up & Write" hópsins í Utrecht. Viðburðurinn hér er haldinn að þeirri fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Það þarf að toga skápaskáldin út

Haltu kjafti og skrifaðu er yfirskrift viðburðar á Loft hosteli annað kvöld. Þar býðst ungum höfundum færi á að koma saman og skrifa í heilagri þögn í sama rými í klukkustund. Markmiðið er að ungir höfundar hittist og spjalli.

Við erum alltaf að leita að fólki sem er tilbúið að vera í samvinnu við okkur og gera hluti undir okkar merki," segir Valgerður Þóroddsdóttir, ljóðskáld og einn forvígismanna Meðgönguljóða sem standa fyrir viðburðinum Haltu kjafti og skrifaðu á Loft hosteli á sunnudagskvöldið.

„Þetta gengur í rauninni bara út á það að ungskáld komi saman og vinni í sameiginlegu rými. Þetta verður heilagur klukkutími í þögn þar sem allir sitja saman og skrifa. Eftir á getur fólk svo lesið upp úr verkum sínum ef því sýnist en annars er hugmyndin bara að spjalla saman. Meginmarkmiðið er að fólk sem hefur áhuga á að skrifa komi saman og kynnist."

Valgerður fullyrðir að margir fari mjög leynt með það að þeir stundi skriftir. „Þetta er oft hálfgert leyndarmál og maður þarf að toga fólk út úr skáldaskápnum nánast með valdi," segir hún. „Þannig að ég held að það hljóti að vera hvetjandi að geta komið saman, kynnst öðrum með sama áhugamál og spjallað um það sem fólk er að skrifa."

Húsið verður opnað klukkan 19.30 á sunnudagskvöldið og skriftir hefjast stundvíslega klukkan 20. Þátttaka er ókeypis og allir sem hafa áhuga á ritlist eru velkomnir.

- fsb



# TIL HAMINGJU MEÐ NÝJU STÚDENTAGARÐANA

Sveinbjörn Sigurðsson hf. ásamt samstarfsaðilum óskar Félagsstofnun stúdenta til hamingju með nýja Stúdentagarða að Sæmundargötu 14-16.

SS VERKTAKI SVEINBJÖRN SIGURÐSSON · Álnabær · ALHLIÐA PÍPULAGNIR · ÁLTAK · BLIKKÁS-FUNI · BM·VALLÁ

Blikksmiðja Austurbæjar · BYKO BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA. · dúktak ÞORGEIR VALDIMARSSON Dúklagninga -og veggfóðrarameistari · HÚSASMIÐJAN · JOHAN RÖNNING

KJ málarar ehf. GSM: 861 0006 · Lagnalist ehf. · LUMEX · PROMENS tempra · Meistarasmíð

Stálvík ehf | Kaplahraun 22 | 220 Hafnarfjörður www.stalvik.is | stalvik@stalvik.is · Íspan GLER OG SPEGLAR · VÉLAR & VERKFÆRI · TÓV · Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf. S: 5654929, kjgj@simnet.is · P.P & CO



**RÓSA JÓNA Í FANGI FÖÐUR SÍNS** „Við höldum á henni eins mikið og við mögulega getum,“ segir Hagbarður. MYNDIR/FRÍÐA ÁRNADÓTTIR

# Ekkert nema bjartsýni í boði

**Hagbarður Valsson**, verktaki í Noregi, varð fyrir þeirri raun í sumar að missa eiginkonu sína, Guðrúnu G. Sigurðardóttur, sem var gengin sjö mánuði með fjórða barn þeirra. Telpunni Rósu Jónu var bjargað af miklu snarræði með keisaraskurði á stofugólfinu. Nú er hún komin af sjúkrahúsi og Hagbarður annast hana heima, ásamt hinum börnunum þremur.




**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is


Þetta ástand er ekki vandamál í mínum augum. Það er bara staðreynd og ég tek þessu sem verkefni. Ef ég ætla að fara að hugsa um það sem endalausa erfiðleika er ég búinn að koma sjálfum mér í rosaleg vandræði og hengja á mig einhvers konar blýskó, það er ekki gáfulegt,“ segir Hagbarður Valsson, einstæður faðir í Ósló sem fyrir viku fékk yngsta barnið sitt af fjórum heim af spítala. Það er stúlkan Rósa Jóna sem fæddist tveimur mánuðum fyrir tímann 12. júní í sumar er móðir hennar, Guðrún Guðmunda Sigurðardóttir, fékk skyndilega hjartastopp og lést stuttu síðar.

„Stúlkan var tekin með keisaraskurði hér á stofugólfinu. Það er afar sjaldgæft á heimsvísu að slíkar aðgerðir séu gerðar í heimahúsi en hún var fyrst og fremst tilraun til að bjarga lífi móður hennar,“ segir Hagbarður og telur þessa litlu dóttur hreint kraftaverk. „Það var ekki búist við að hún lifði. Hjartað í henni sló ekkert þegar hún var tekin út og það tók tvær mínútur að pumpa það í gang. Hún er með heilaskemmd sem bendir til súrefnisskorts en það er ómögulegt að segja hvað það þýðir. Höfuðið er að stækka og heilinn að vaxa þannig að ég er vongóður um að hún komi til með að ná sér. En það tekur tíma, það er ekki spurning. Þangað til er þetta mikil vinna og um hana snýst bara lífið mitt núna.“

**Stendur ekki einn**

Við Hagbarður þurfum að slíta símtalinu í skyndi því píp heyrist frá tæki sem tengt er við Rósu Jónu. Þegar ég áræði að hringja aftur hálftíma síðar er faðirinn yfirvegaður sem fyrr. „Þetta er í góðu lagi núna. Sú litla er með mælitæki sem sýnir bæði blóðþrýsting og súrefnismettun og það gefur frá sér hljóð ef súrefnismettunin dettur niður. Slíkt gerist ef kokið fyllist af slími. Rósa Jóna fær næringu gegnum sondu og er með vél sem sýgur slímið burt, en ég reyni að gera eins lítið af því og ég get að nota hana, því hún verður alltaf flinkari og flinkari að ráða við þetta sjálf. Hún kann samt ekki að kyngja enn þá og er heldur ekki með þá sogþörf sem er nauðsynleg til að geta drukkið úr pela en ég reyni að þjálfa hana í því. Það gengur betur en fyrir mánuði. Framfarirnar eru hægar en þær eru þó merkjanlegar.“

Hagbarður kveðst langt frá því að standa einn. Móðir hans, Úlfhildur Jónasdóttir, hafi komið til hans frá Íslandi um síðustu helgi og ætli að dvelja hjá honum og börnunum fram að áramótum. Einnig búi tengdamóðir hans, Unnur Gunnarsdóttir, stutt frá og sé mikil stoð og stytta. „Ég kem úr stórri fjölskyldu og á hér margt skyldfólk. Hef búið hér í Ósló meira og minna í 25 ár og á góða vini, góða nágranna og góða fjölskyldu.“

**Algert reiðarslag**

Guðrún var aðeins 34 ára þegar hún lést. Hún hvílir nú í Nittedal-kirkjugarði sem er rétt hjá heimili hennar. Hagbarður segir andlát hennar hafa verið algert reiðarslag, hún hafi aldrei haft nein sjúkdómseinkenni frá hjarta. „Þetta hjartastopp kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það getur greinilega komið fyrir alla og það er sjálfsagt að gera sér grein fyrir því hvað það þýðir ef maður fellur allt í einu frá, þó held ég að ekki sé hollt að hugsa of mikið um það. Maður verður bara að lifa og svo þegar þetta er búið er það búið. Það einasta sem er öruggt í lífinu, það er dauðinn.“

Guðrún og Hagbarður voru búin að ákveða nafnið á Rósu Jónu áður en hún fæddist. Hagbarður segir hana skírða eftir ömmu hans í föðurætt.

Hin börnin þrjú á heimilinu eru Rakel María 13 ára, sem fermdist í vor fáum vikum áður en móðir hennar dó, Róbert Hólm 11 ára og Regína Rós, sem er tveggja ára. Þau eru í skóla og leikskóla og faðir þeirra er stoltur af þeim. „Þau bera sig mjög vel og eru sterk en eiga líka auðvitað sín erfiðu augnablik. Þá verð ég að vera til staðar fyrir þau. En ég legg líka áherslu á að það sé allt í lagi að vera leiður og líka að gráta. Reyni bara að hafa þetta sem eðlilegast.“

Telpurnar tvær, Rakel María og Regína Rós, voru heima þegar móðir þeirra veiktist og Rósa Jóna fæddist. Hagbarður segir börnin oft tala um mömmu. „Við erum samt mest að velta fyrir okkur hvernig við getum hugsað um Rósu Jónu og hvernig við getum byggt okkar heimili í framtíðinni. Þá spekúlerum við í hvernig mamma þeirra hefði viljað hafa hlutina. Við erum ekkert feimin að tala um hana.“

Hann segir Rósu Jónu með mynd af mömmu sinni fyrir framan sig þegar hún opnar augun ▶



**VIÐ GRÆJURNAR** Hagbarður setur upp næringu í poka fyrir Rósu Jónu.

> **Regína Rós litla, sem er tveggja ára, bendir oft á mynd af mömmu sinni og kallar „mamma“. Stundum segir hún „mamma koma“. Þá verð ég að segja henni, á eins eðlilegan hátt og hægt er, að það sé ekki alveg þannig. Það þýðir ekkert annað.**

# St. Petersburg Festival Ballet

*Piotr Ilich Tchaikovsky*

HARPA



# Svanavatnið

*Ein dáðasta ballettsýning heims*

St. Petersburg Festival Ballet sameinar allt sem einkennir rússneskan listdans – glæsileika, ferskan innblástur, konunglega búninga og fallega sviðsmynd.

Brandenburg

**Eldborg — 12.11.2013, kl. 20:00**

**harpa.is/svanavatnid**

**Tryggið ykkur miða á harpa.is og í síma 528 5050**

ICELANDAIR

Arion banki

í vöggunni. „Við erum líka með nokkrar myndir af Guðrúnu hér á heimilinu. Regína Rós litla, sem er tveggja ára, bendir oft á mynd af mömmu sinni og kallar „mamma“. Stundum segir hún „mamma koma“. Þá verð ég að segja henni, á eins eðlilegan hátt og hægt er, að það sé ekki alveg þannig. Það þýðir ekkert annað. Þetta er sárt og við eigum eftir að finna fyrir þeim sársauka í mörg ár í alls konar samhengi. Það verða afmæli og jól, fermingar og jafnvel giftingar þar sem söknuðurinn brýst fram. Það er óhjákvæmilegt.“

En hvað um sálfræðiaðstoð? Hefur Hagbarður þurft á henni að halda til að yfirstíga áfallið? „Nei, ekki enn þá. Það kemur kannski að því en ég hef nóg að gera og hef ekki tíma til að bora mér einhvers staðar til að vorkenna sjálfum mér,“ segir hann rólega. Hann kveðst meðal annars sjá um heimilisstörfin og vex það ekkert í augum. „Nú er mamma líka komin til mín enda þarf ég aðeins fleiri hendur. Ég verð til dæmis að komast út í búð til að versla. Það þýðir að ég verð að geta skilið Rósu Jónu eftir hjá einhverjum sem veit hvað á að gera ef kokið er að lokast.“

### Þarf sólarhringsvöktun

Rósa Jóna þarf vöktun allan sólarhringinn enn þá að sögn Hagbarðar. Því koma hjúkrunarkonur til hennar á kvöldin og sjá um hana á nóttunni. „Sú litla kom bara heim á föstudaginn af sjúkrahúsinu og síðan erum við búin að vera að þróa ýmislegt, meðal annars tilhögun næturvaktanna,“ segir hann. „Það er tveggja herbergja íbúð laus hér á fyrstu hæðinni í húsinu sem við leigjum í og eigandinn leyfir okkur að nota hana sem bækistöð fyrir Rósu Jónu á nóttunni. Þá hefur næturvaktin aðstöðu þar og við hin getum sofið. Við höfum prófað líka að ég sé með hana yfir nóttina og næturvaktin fylgist bara með en ég náði tveggja tíma svefni þá nótt og hjúkrunarkonurnar töldu enga framtíð í því. Ég hef jú þremur öðrum börnum að sinna og þau þurfa sína athygli og umhyggju.“

Þrátt fyrir að norska heilbrigðiskerfið sé oft gagnrýnt, að sögn Hagbarðar, segir hann það hafa reynst honum afar vel. „Eflaust er margt að en viðbrögðin sem ég fékk og öll sú hjálp og aðstoð sem ég hef notið er alveg til fyrirmyndar og sýnir manni hvað það er mikils virði að hafa svona kerfi. Ég hefði aldrei getað gert mér grein fyrir því nema af því ég er í miðju kafi að nota það.“

Eins og fram er komið hefur Hagbarður búið í Ósló að mestu í aldarfjórðung. Nú rétt norðan við borgarmörkin, á stað sem nefnist Hagan og er í grennd við Gardemoen-flugvöll og Lilleström. „Það er yndislegt að búa hér,“ segir hann. „Ég er búinn að vera úti um alla Ósló og þetta



**STANDA SAMAN** Hagbarður og eldri börnin Regína Rós, Rakel María og Róbert Hólm. „Þau bera sig mjög vel og eru sterk en eiga líka auðvitað sín erfiðu augnablik. Þá verð ég að vera til staðar fyrir þau.“ MYNDIR/FRÍÐA ÁRNADÓTTIR



**Á VERÖNDINNI** Regína Rós vandar sig mikið við að hitta með hring á einn pinnann. Hún nýtur stuðnings föður síns og systkina.,

er besta hverfið sem ég hef búið í. Það er mjög barnvænt, krakkarnir hafa verið hér í leikskóla og skóla alla tíð. Rakel er í níunda bekk og Róbert í sjötta bekk. Við erum ekkert á leiðinni héðan.“

En hvar skyldu leiðir Hagbarðar og Guðrúnar hafa legið saman í upphafi? „Ég flutti hingað út með foreldrum mínum og einum bróður árið 1988. Guðrún kom hingað til Óslóar sem au pair 1997 og við kynntumst þá,“ upplýsir hann. „Við bjuggum saman á Íslandi 2000 og 2001 og fluttum svo út aftur. Unnur, móðir Guðrúnar, kom út stuttu seinna og tvö börn Unnar búa hér líka. Ég er yngstur af sjö systkinum og þrjú þeirra búa hér, fyrir utan mig. Ég held að mamma og pabbi eigi um 40 afkomendur og um helmingur þeirra er hér þannig að börnin mín eiga hér fullt af frændfólki,“ segir hann og bætir við glettnislega: „Það er rosalega gott að hafa allt þetta pakk í kringum sig.“

### Aðstoð reiknuð út frá launum

Hagbarður hefur unnið sjálfstætt síðustu ár sem verktaki við framleiðslu sjónvarpsefnis, einkum við forvinnu og skipulagningu. „Þegar búið er að ákveða eitthvert framleiðsluverkefni er ég vanalega sá fyrsti sem er ráðinn til að kortleggja það, ráða myndatökumenn, hljóðmenn og fleiri og útvega það sem þarf.“

Hann segir þann galla á því að starfa sjálfstætt að tekjur séu mjög óreglulegar. „Ég hef tekið mér eins lítil laun og ég hef komist af með. Svo fæ ég það í bakið nú þegar ég þarf aðstoð frá hinu opinbera, því hún er reiknuð út frá launum,“ lýsir hann en kveðst þó ekki hafa þurft að greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna.

Hagbarður hefur, að eigin sögn, ekkert komið nálægt íslensku sjónvarpsefni. Hins vegar hafi hann verið á Íslandi við upptökur á norsku efni sem hafi verið sýnt í mörgum löndum. „En af því ég er í þeirri aðstöðu núna sem ég er í, hef ég sett í gang eigið verkefni sem gæti verið tekið upp á Íslandi,“ upplýsir hann. Er hann þá kannski væntanlegur hingað til lands?

„Það getur vel hugsast. Það er líka verið að undirbúa styrktartónleika fyrir okkur fjölskylduna í Mosfellsbæ, því það var heimabær Guðrúnar konu minnar. Kannski get ég verið viðstaddur þá tónleika og undirbúið verkefnið mitt og slegið þannig tvær flugur í einu höggi. En það fer auðvitað eftir ástandinu hér heima. Hjúkrunarkonurnar sem hingað hafa komið á næturvaktir eru í tengslum við heimili sem Rósa Jóna getur fengið innlögn á af og til. Hin börnin geta verið hjá ömmum sínum ef ég skrepp heim.“

### Fylgist með því sem fram fer

Rósa Jóna litla er oft glaðvakandi hluta úr dögunum og fylgist með því sem fram fer í kringum hana, að sögn föðurins. „Hún hefur augnsamband og lætur í sér heyra þegar sá gállinn er á henni. Lungun og meltingarfærin eru í fínu lagi, hún fékk súrefni í nokkra sólarhringa en hefur samt verið stabíl alveg síðan nóttina eftir fæðingu og hefur ekki þurft neina öndunaraðstoð, nema þegar henni svelgist á munnvatni. En hún er svolítið slöpp í kroppnum og vöðvarýr. Þó er hún alltaf að styrkjast, enda fær hún sjúkraþjálfun. Við höldum líka á henni eins mikið og við mögulega getum. Þá eru engin tæki tengd við hana. Hún snýr höfðinu og er oft að reyna að lyfta því,“ lýsir hann og kveðst gera sér vonir um að Rósa Jóna eigi gott líf fyrir höndum. „Ég hef talað við aðra sem hafa lent í svipuðum tilfellum, með jafnvel enn veikari börn sem hafa plumað sig vel þannig að ég hef enga ástæðu til annars en vera bjartsýnn.“




## Til styrktar Hagbarði og börnunum

**Árlegir styrktartónleikar Kirkjukórs Lágafellssóknar 28. september í Grafarvogskirkju klukkan 16.**

**Tónleikarnir hafa yfirskriftina Stjörnuljós og allur ágóði þeirra rennur til Hagbarðar Valssonar og barnanna hans fjögurra í Noregi.**

Guðrún Sigurðardóttir, eiginkona Hagbarðar og móðir barnanna, andaðist á sviplegan hátt í júní síðastliðnum. Hún var ættuð úr Mosfellssveit og því ákvað kirkjukórinn að fjölskyldan hennar nyti góðs af tónleikunum í ár.

Listamenn á tónleikunum verða KK, Ragnheiður Gröndal, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Björg Þórhallsdóttir, Hilmar Örn Agnarsson og Elísabet Waage hörpuleikari, Karlakórinn Þrestir, unglingakórinn Vox populi og Kirkjukór Lágafellssóknar. Einnig mun strengjasveit, ásamt klarinettuleikara, spila undir stjórn Hjörleifs Valssonar fiðluleikara, bróður Hagbarðar. Þess má geta að Hjörleifur hefur leikið á tugum styrktartónleika vegna hinna ýmsu málefna.

Sem dæmi um atriði á tónleikunum má nefna að KK tekur Vegbúann með Þröstunum. Einnig syngja Jóhann Friðgeir og Hulda Björk saman í dúett Amigos Parasiempre með kirkjukórnum og Jóhann Friðgeir tekur fræga turnaríu úr Toscu við meðleik strengjasveitar. Leikið verður á pákur og symbala í lokalaginu, Úr útsæ rísa Íslands fjöll, með Þröstum, kirkjukórnum og öllum hinum.

Listamennirnir gefa að sjálfsögðu vinnu sína og leggja málefninu lið af ánægju og örlæti, að sögn Arnhildar Valgarðsdóttur, organista Lágafellssóknar og stjórnanda viðburðarins.

**AÐGANGSEYRIR** Þrjú þúsund krónur en ókeypis er fyrir börn undir tólf ára. Posi verður á staðnum.

**FORSALA MIÐA** Einnig verður hægt að kaupa miða í forsölu hjá Arnhildi sem er með netfangið **arnhildurv@simnet.is**.



REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJ
LA-Z-BOY®
LIFÐU LÍFINU ÞÆGILEGA!
LA-Z-BOY®
Hinn eini sanni!
LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.
TILBOÐ Á STÓLUM FRÁ LA-Z-BOY
NÝTT
NÝTT
NÝTT
59.990
FULLT VERÐ: 89.990
79.990
NÝR LA-Z-BOY STÓLL
109.990
FULLT VERÐ: 119.990
169.990
NÝR LA-Z-BOY STÓLL
LA-Z-BOY®
UTAH La-z-boy stóll. Áklæði tveir litir. B:78 D:75 H:103 cm.
LA-Z-BOY®
EMPIRE La-z-boy stóll. Áklæði fjóri litir. B:80 D:70 H:102 cm.
LA-Z-BOY®
AROS La-z-boy stóll. Grátt, brúnt eða ljóst ákæði. B:85 D:90 H:107 cm.
LA-Z-BOY®
SUMMIT La-z-boy stóll. Svart og hvítt leður. B:80 D:95 H:10 cm.
LA-Z-BOY®
LA-Z-BOY®
FULL BÚÐ AF NÝJUM STÓLUM FRÁ LA-Z-BOY
159.990
FULLT VERÐ: 179.990
PINNACLE
La-z-boy stóll. Svart, ljóst eða brúnt leður. B:80 D:85 H:104cm.
CARDINAL
La-z-boy stóll. Svart leður. B:96 D:100 H:107 cm.
179.990
FULLT VERÐ: 199.990
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 O

AVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK




ADEINS 32.077 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**UMBRIA** HORN-TUNGUSÓFI – ÁKLÆÐI

**369.990**

FULLT VERÐ: 419.990

Hnakkapúðar ekki innifaldir í verði.

**Stærð: 330X265 H: 78 cm.**

Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

KOMINN AFTUR



ADEINS 24.314 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**BRIGHTON**

**279.990**

FULLT VERÐ: 309.990

**BRIGHTON** 3JA SÆTA SÓFI.
Stærð 3ja sæta: 202X77 H: 80 cm. 2ja sæta 150x77 H: 82 cm
Eikargrind. Svart, koníaksbrúnt, dökkbrúnt leður.
Einnig til 2ja sæta. Fullt verð 259.990. **Tilboð: 229.990**



ADEINS 21.727 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LONDON** – HORNSÓFI

**249.990**

FULLT VERÐ: 299.990

KOMINN AFTUR

**LONDON** HORNSÓFI 2H2
Stærð: 220X220 H: 86 cm.
Eikargrind. Slitsterkt grátt áklæði.
Einnig til í svörtu leðri.



ADEINS 30.352 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**COSTA** – TUNGUSÓFI

**349.990**

FULLT VERÐ: 399.990

**COSTA** tungusófi. Dökk- og ljósgrátt áklæði.
Fæst einnig í leðri. Stærð: 305X95/215 H: 84 cm.

Hnakkapúðar ekki innifaldir í verði.



ADEINS 29.489 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**UMBRIA** – HORNSÓFI

**339.990**

FULLT VERÐ: 399.990

Umbria 2H2 hornsófi. Dökk- og ljósgrátt áklæði.
Fæst einnig í leðri. Stærð: 262x261 H: 78 cm.



Fjólublátt áklæði

**GHOST** Í ÁKLÆÐI
HÆGINDASTÓLL

**119.990**

FULLT VERÐ: 139.990



Orange, grátt eða hvítt áklæði. Havana er einnig fáanlegur í leðri.

**HAVANA** Í ÁKLÆÐI
HÆGINDASTÓLL

**69.990**

FULLT VERÐ: 79.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

# Í von um „bætta og betri daga“

Tugir Íslendinga tóku sig upp á seinni hluta nítjándu aldar og fluttu búferlum til Brasilíu þar sem nú eru hundruð manna af íslensku bergi brotnir. Þau blönduðust fljótt öðrum innflytjendum en nú er starfrækt Íslendingafélag í borginni Curitiba.

Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



Saga vesturfaranna, sem fluttust búferlum frá Íslandi til Bandaríkjanna og Kanada á síðari hluta 19. aldar fram yfir aldamótin 1900 á stóran sess í Íslandssögunni og sjálfsmynd margra Íslendinga. Þúsundir Íslendinga, sennilega nokkuð yfir 15.000 manns, flúðu bág lífskjör og leituðu gæfunnar í Vesturheimi. Afkomendur þeirra telja nú allt að 200.000 manns.

Minna hefur þó farið fyrir sögunni af Norðlendingum sem tóku sig upp um svipað leyti og höfu nýtt líf í Brasilíu. Þeir voru flestir búsettir í Þingeyjarsýslum, en margir frá bæjum í Eyjafirði sem nú tilheyra Akureyri.

Nú, réttum 150 árum eftir að fyrstu Íslendingarnir settust þar að eru hins vegar mörg hundruð Brasilíumanna sem geta rakið ættir sínar til ferðalanganna úr norðri og eru stoltir af arfleifð sinni.

**Frekar Brasilía en Grænland**

Þegar litið er til þessa tíma sem um ræðir, er ekki erfitt að ímynda sér hvers vegna Íslendingar hafi hugsað sér til hreyfings.

Raunar var talsverð umræða á Norðurlandi á árunum fyrir 1860 um að flytja til Grænlands og segir frá því í bók Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, *Æfintýrið frá Íslandi til Brasilíu*, sem gefin var út árið 1943. Þar segir meðal annars að á fundi á Einarsstöðum í Reykjadal um flutninga til Grænlands árið 1859 hafi Einar nokkur Ásmundsson frá Nesi kvatt sér hljóðs. Hann stakk upp á því að menn litu frekar til Brasilíu, enda væri einkennilegt að ætla að flýja kalt land til annars kaldara. Hann hreif aðra fundarmenn með sér enda segir Þorsteinn að hann hafi höfðað til þeirrar frumvonar mannkyns um „bætta og betri daga“. Því var umsvifalaust slitið þeim fyrirætlunum að flytja til Grænlands og stofnað félag um flutninga til Brasilíu undir forystu Einars í Nesi.

Fyrsti eiginlegi íslenski Brasilíufarinn var Þingeyingurinn Kristján Ísfeld, sem flutti til Kaupmannahafnar árið 1861, staldraði við í Kaupmannahöfn í tvö ár og en hann hélt af stað til Brasilíu. Kristján settist að í Rio de Janeiro, giftist þýskri konu og kom aldrei vel fyrir borð í samfélaginu þar, en hitti aldrei nokkurn Íslendinganna svo vitað sé.

Sama ár og Kristján settist að í Brasilíu, sumarið 1963, lögðu fjórir aðrir Norðlendingar, sem allir höfðu starfað í Brasilíufélaginu, upp frá Akureyri á leið til Brasilíu. Þeir sigldu fyrst til Kaupmannahafnar og þaðan til Hamborgar áður en lagt var af stað yfir Atlantshafið í suðurátt.

**Frumherjarnir**

Eftir fimm mánaða ferðalag komu fjórmenningarnir til Brasilíu. Í fyrrnefndri bók Þorsteins Þ. Þorsteinssonar segir að upphaflega hafi staðið til að þeir settust að í syðsta fylki landsins, Rio Grande do Sul, en síðar hafi þeim verið bent á svæði sem var þá að byggjast upp í kringum borgina Curitiba. Varð svo úr að þeir settust þar að og komu sér ágætlega fyrir þrátt fyrir giska erfiðar aðstæður. Þeir komu sér í vinnu, meðal annars við smíðar, ásamt því sem þeir áttu eigin landskika þar og ræktuðu afurðir eins og sykurreyr, kartöflur og ávexti.

**Fleiri bætast í hópinn**

Áhugi Íslendinga fyrir Brasilíuferðum hélt áfram og sést einna best á því að um 500 manns höfðu skráð sig fyrir plássi á skipi sem átti að ferja Íslendinga beint frá Akureyri til Brasilíu.

Ekkert varð þó af því lengi vel, fyrr en árið 1873 þegar nokkrir litlir hópar, flest allir skyldfólk fjórmenninganna í Curitiba, fóru utan til Kaupmannahafnar þaðan sem þau fóru til Hamborgar í skip sem ferjaði þau til Brasilíu.

Þorsteinn segir að þar hafi farið 34 Íslendingar. Þau voru hins vegar fljót að blandast hinu fjölbreytta innflytjendasamfélagi sem þar var í Brasilíu. Meðal annars tóku margir upp ættarnöfn sem byggðu á heimaslóðum þeirra, til að mynda Reikdal (Reykjadalur), Barddal (Bárðardalur) og Söndahl (Sunnudalur).

Í nýlegu erindi Eyrúnar Eyþórsdóttur mannfræðings um íslenska sjálfsmynd í Brasilíu, segir að Íslendingarnir hafi helst blandast Þjóðverjum og öðrum Norðurlandaþjóðum, en einnig fólki af ítölskum og portúgölskum uppruna. Þeir hafi þó sannarlega hist stundum og þá talað saman á íslensku, sungið íslensk ljóð og lesið íslensk rit.

**Tengslin við Ísland**

Í dag skipta afkomendur Brasilíufara hundruðum, og er ættfræðiþjónustan ORG til dæmis með á annað þúsund manns á sinni skrá. Árið 1996 var svo stofnað sérstakt félag Brasilíumanna af íslenskum ættum.

Núverandi formaður þess er Mario Reikdal Dos Santos, en móðurafi hans var íslenskur í báðar ættir þrátt fyrir að hafa fæðst í Brasilíu. Í samtali við Fréttablaðið segir Mario að íslenskum uppruna fjölskyldunnar hafi verið haldið á lofti alla tíð.

„Ég held mikið upp á minningu frá því að ég var fimm eða sex ára. Þar sitjum við systkinin með móður okkar uppi í rúmi þar sem hún sýnir okkur National Geographic-tímarit og segir okkur frá landi íss og elda. Hún sagði að þar lægju rætur okkar og rifjaði upp sögurnar sem amma hennar og faðir sögðu henni.“

Mario hefur komið þrisvar til Íslands, fyrst árið 1997 og segist hafa verið fyrstur afkomenda Brasilíufaranna til að koma til Íslands. Ferðin hafi verið um margt tilfinningaþrungin.

„Ég er ekki mjög viðkvæmur tilfinningalega en þegar ég opnaði bók um sögu Íslands, eftir Jón Hjálmarsson, í bókabúð og fletti upp á kaflanum um flutninga Íslendinga til Brasilíu fór ég að gráta. Það snart mig afar djúpt.“

Nú stendur yfir vinna við að koma á vinabæjarsambandi milli Akureyrar og Curitiba og auk þess er áætlað að halda þar veislu um miðjan næsta mánuð til að minnast þess að 150 ár eru síðan fjórmenningarnir settust að í borginni.




**TVÆR ÆVINTÝRAFERÐIR**

**➜ 1863**

Fjórir Þingeyingar lögðu af stað frá Akureyri í júlí og komu til Brasilíu fjórum mánuðum síðar. Þeir komu í land í nágrenni við Rio de Janeiro, en fluttu síðar suður á bóginn og settust að í borginni Curitiba. Einn sveitungi þeirra hafði flutt til Brasilíu fyrr þetta ár, en hann hafði verið búsettur í Kaupmannahöfn um nokkra hríð áður. Hann hitti aldrei aðra Íslendinga en hann lést árið 1874, rétt áður en seinni hópur Íslendinga kom til landsins.

**➜ 1873-1874**

Eftir nokkurra ára vandræðagang ákváðu 34 Íslendingar að slá til og flytja til Brasilíu. Þau fóru í þremur hópum til Danmerkur og saman sigldu þau svo til Hamborgar og þaðan til Curitiba í Brasilíu þangað sem þau komu í janúar 1874. Fimm mánuðir voru frá því að þau síðustu í þessum hópi lögðu af stað frá Akureyri.

**➜ Fitnuðu þrátt fyrir slæman kost**

Af skipsferð fjórmenninganna árið 1863 til Brasilíu segir Þorsteinn Þ. Þorsteinsson: „Fæðið á skipinu fanst þeim félögum bæði ónotalegt og lítið. Flestir hinna þýzku [sem voru með þeim á skipinu] höfðu með sér nesti svo þeir gátu fengið sér hjábita, en það snjallræði hafði Íslendingunum ekki dottið í hug sökum ókunnugleika. [...] Fimm daga vikunnar voru borðaðar baunir eða ertur með kartöflum og grjón eða hrísgrjón, en tvo dagana sveskjusúpa með hveitikekkjum eða súrkál með þeim sömu kekkjum. Með öllum þessum réttum var annað hvort nautakjöt eða flest sex daga vikunnar, en einn daginn söltuð síld, ein á mann.“ Þrátt fyrir þetta hafði enginn fjórmenninganna verið feitari þegar þeir stigu loks af skipsfjöl.

## Garðurinn við vatn Jónasar Barddal

Hinni íslensku arfleifð margra íbúa Curitiba-borgar hefur verið gerð skil á ýmsan hátt. Meðal annars var Íslandstorg, Praça República da Islândia, vígt árið 2000, en að sögn Mario Reikdal Dos Santos, er helsti minnisvarðinn um Íslendinga Bacacheri-almenningsgarðurinn.

Jonas Barddal, einn fjórmenninganna sem komu til árið 1863, átti landið þar sem garðurinn er og stíflaði á sem rann þar í gegn. Lónið er nú orðið að þessari tjörn sem garðurinn byggðist í kringum.



**BACACHERI-GARÐURINN** Einn af fyrstu Íslendingunum sem fluttu til Brasilíu stíflaði á á landi sínu, þar sem nú er þessi fallega tjörn.

## ➜ Leggja meira upp úr íslensku rótunum í dag

Eyrún Eyþórsdóttir er doktorsnemi í mannfræði og vinnur að doktorsritgerð um íslenska sjálfsmynd meðal afkomenda íslensku Brasilíufaranna.

Hún segir að margir afkomendur Íslendinganna séu sannarlega meðvitaðir um rætur sínar, en Brasilía sé þó innflytjendaland þar sem allir eigi sér fjölbreyttan uppruna.

„Mín tilfinning, eftir að hafa hitt fólk þarna úti og tekið formleg viðtöl við um tuttugu manns, er að mörgum finnst íslensku rætur sínar sérstakar og leggja því kannski meira upp úr þeim en portúgölskum, þýskum eða frönskum rótum sínum.“

Eyrún segir þó að afkomendur Íslendinganna hafi tapað niður flestum íslenskum hefðum og menningarháttum.

„Mín tilfinning er sú að Íslendingarnir sem fluttu þarna út hafi verið staðráðnir í því að setjast að þarna og ekki ætlað að snúa aftur heim. Þá kannski hefur ekki verið lögð mikil áhersla á að viðhalda þessum íslensku tengslum við komuna út, heldur frekar að aðlagast samfélaginu.“



**EYRÚN EYÞÓRSDÓTTIR** Doktorsnemi í mannfræði

**Söngfólk óskast.**

Skagfirska Söngsveitin í Reykjavík óskar eftir vönu söngfólki í allar raddir.

**Upplýsingar: ingunnsi@simnet.is eða sími: 897-9595 Ingunn**

# 15%

## afsláttur í september

### Lyfja býður 15% afslátt af Nicorette innsogslyfi og Nicorette QuickMist munnholsúða í september

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda fólki að venja sig af tóbaki




Nicorette® Innsogslyf

- Hver nikótíntappi dugar í 20 mínútur t.d. 4 x 5 mín. eða 10 x 2 mín.
- Nota má innsogslyfið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástrum




Nicorette® QuickMist munnholsúði

- Virkar á 60 sekúndum
- Úðist í munn við reykingaþörf
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Mintubragð

LYFJA

- Lifið heil

**Nicorette® innsogslyf og Nicorette Quickmist munnholsúði (nikótínlyf)** eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið hefur verið reykt en hámarksdagskammtar eru: Innsogslyf 12 nikótíntappar, Munnholsúði 64 úðar - nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða eða drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. **Munnholsúðinn inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða.** Ekki má nota Nicorette ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum þess. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Nicorette ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette, og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

# ENGIN STÓRÁFÖLL OG MJÖG LÍTIÐ BLÓÐ

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** fór til Sýrlands 2010 og sá ekki betur en allt stefndi heldur í rétta átt.

**❞ Og hin fagra Asma hefur reynst vera algjörlega kaldrifjuð tildurdrós, hún er í felum í neðanjarðarbyrgi í Damaskus en reynir að kaupa sér fleiri demanta og fín föt og kristalsljósakrónur gegnum milliliði á Vesturlöndum.**

Yfirþjónninn í matsal hótelsins leit út nákvæmlega eins og Bashar al-Assad Sýrlandsforseti. Og það skal tekið skýrt fram að með þeim orðum á ég ekki við að hann hafi verið líkur Bashar á einhvern hátt eða minnt á hann, nei, hann leit einfaldlega nákvæmlega eins út og Sýrlandsforsetinn þar sem hann sviptist um matsalinn og gætti þess að hver nýr hópur af ferðamönnum fengi ævinlega nóg pláss við kvöldverðarborðið, að þjónar hans væru snöggir á vettvang með rauðvínsflöskurnar og það þurfti tafarlaust að ná í meiri húmmus. Ef ég kynni nú bara að lýsa útliti fólks mundi ég hér draga upp skýra mynd af því hvernig yfirþjónninn og forseti Sýrlands höfðu báðir við fyrstu sýn á sér yfirbragð rólynds og fremur sviplítils hunds, og þó var alltaf eitthvað flökt í augunum, taugaóstyrkur eða jafnvel tortryggni, eins og þeir væru alltaf að gjóa augunum út undan sér, en væru þó fyrst og fremst meinlausir og jafnvel vinalegir að sjá, en neðri partur andlitsins einhvern veginn eins og veiklundaðri en sá efri, eða kannski örlítið grimmúðlegri, eins og kjaftur á mink á hausnum á hundi, og sú tilraun til yfirskeggs sem af einhverri skyldurækni við þjóðlegar hefðir skrimti á efri vörinni var í stuttu máli sagt ekki að gera sig.

## Ánægður með tvífarann

Á þessu hóteli í þessari borg og í þessu landi, þar var andlitið á yfirþjóninum alveg sérstaklega merkilegt og áberandi, því þetta var reyndar í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, heimabæ Bashars. Hverjar eru líkurnar á því að eiga sér tvífara, og hverjar eru þá líkurnar á því að tvífarinn sé akkúrat búsettur í sömu borg og maður sjálfur? Trúlega harla litlar en þarna blasti nú tvífari forsetans samt við, að gefa undirmönnum sínum skipanir, og stjana við gesti. Af því þetta var á útmánuðum 2010, tæpu ári áður en uppreisnin í Sýrlandi braust út, og Bashar al-Assad hafði enn furðu gott orð á sér, að minnsta kosti á Vesturlöndum og við ferðamennirnir vissum ekki betur en hann væri líka vinsæll heima fyrir, þá vakti þessi tvífari hans bara kátínu okkar en engan ugg. Og yfirþjónninn vissi líka sjálfur hvernig í öllu lá og reigði sig pínulítið í hvert sinn sem nýir gestir komu í matsalinn og ráku undantekningarlaust upp stór augu: Nei, sjáiði, þessi er alveg eins og Assad forseti.

Því það fór ekki milli mála að hann var hæstánægður með athyglina.

Ég var þarna í hópi sem móðir mín stýrði. Hún hafði ferðast árum saman um öll Miðausturlönd til að kynna Íslendingum þær framandi slóðir, og ferðir til Sýrlands höfðu verið einna vinsælastar. Og mér hafði landið komið þægilega á óvart, verð ég að segja. Það hafði verið lokað Vesturlöndum að mestu í áratugi, maður heyrði fátt af því sem þar gerðist, nema



FÓRNARLÖMB BORGARASTRÍÐSINS



FORSETINN

hávaðann í einræðisherranum gamla Assad, og sá fáar eða engar myndir af mannlífinu, nema helst vandlega skipulagðar kröfugöngur gegn Bandaríkjunum, og eins og alltaf við slíkar aðstæður fer maður að ímynda sér að hið lokaða land hljóti að vera grátt á litinn og íbúarnir daufir í dálkinn. En síðan gamli Assad dó árið 2000 og Bashar sonur hans tók við, þá hafði landið opnast heilmikið. Maður fór að sjá myndir og fólkið virtist upplitsdjarft, maður heyrði músík og hún var hress og fjölbreytileg. Og nú var ég þarna kominn og Damaskus var björt og litrík borg og fólkið glaðlegt og vinalegt.

Og það voru myndir af Bashar og hans fögru ungu frú upp um alla veggi. Einmitt þess vegna gat ekki farið hjá því að hver einasti túristi sem rakst inn á matsal hótelsins teldi sig þekkja þar forsetann að snúa í kringum sig þjónunum við kvöldverðarhlaðborðið.





SKARÐSHLÍÐ HAFNARFIRÐI

Í GÖNGUFÆRI VIÐ MAGNAÐA NÁTTÚRU

FÍTON / SÍA

Lóðir í 1. áfanga Skarðshlíðar eru komnar í sölu. Um er að ræða lóðir við Hádegisskarð, Bergsskarð, Drangsskarð, Bjargsskarð, Glimmerskarð og Víkurskarð. Frestur til lóðaumsókna er til 27. september 2013. Umhverfi Skarðshlíðar er magnað og örstutt er þaðan í ósnortna náttúru. Útsýni yfir Reykjanesið er frábært og fólkvangurinn er í sjónmáli. Glæsilegar lóðir í fjölskylduvænu umhverfi.

**Komdu og kynntu þér lóðirnar við Skarðshlíð, laugardaginn 7. september kl. 11–16:00 í anddyri Ásvallalaugar. Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar kynnir hverfið og svarar fyrirspurnum. Opið verður inn í hverfið og hægt að aka um það.**

Kynntu þér möguleikana í Skarðshlíðinni – númerið þitt leynist kannski þarna.

ÍTARLEGAR UPPLÝSINGAR Á VEFNUM

Kynning laugardaginn 7. september kl. 11–16 í Ásvallalaug.

www.hafnarfjordur.is Hafnarfjörður á Twitter og Facebook

Sagan um Bashar er einstaklega … ja, ég ætlaði að segja sorgleg, en það hljómar þá kannski eins og hann eigi við þá sorg að stríða, en ekki þeir sem hafa orðið fyrir barðinu á honum. Segjum í staðinn að hún sé einstaklega nöturleg. Því hún dregur úr manni kjark. Hún segir manni að það sé alveg sama hversu vel við gerum okkur grein fyrir því að valdið spilli, þá haldi það samt áfram að spilla. Því Bashar hefur ábyggilega heyrt þennan frasa líka, margoft.

**Einu sinni hét hún Emma**

Hann fæddist 1965, faðir hans gamli Assad rændi völdum í Sýrlandi 1970 og var þar síðan grimmur einræðisherra í lokuðu landi fram í andlátið. Sumir töldu honum til tekna að hafa bælt niður í landi sínu það trúarofstæki sem víða var farið að örla á í heimshlutanum, og stöðu kvenna mun hann hafa bætt hvað sem öðru líður, en þá er það jákvæða upptalið. Hann kom á fót persónudýrkun kringum sjálfan sig og löngu áður en hann dó var ljóst að hann ætlaði að koma á ættarveldi eins og aftur í forneskju. Arftakinn átti að verða elsti sonurinn Bassel en sá var glanni undir stýri og dó í bílslysi 1992. Þá ákvað gamli Assad að gera Bashar að forseta eftir sinn dag, en hann hafði fram að því ekki sýnt neinn áhuga á pólitík eða framapoti. Hann hafði lokið læknanámi og fór svo að læra augnlækningar í London af því þær „væru svo mikil nákvæmnisverk en hins vegar eiginlega aldrei nein stóráföll og mjög lítið blóð“. Þannig komst hann sjálfur að orði í blaðaviðtali síðar meir. Þrátt fyrir að hann virtist í fyrstu kunna illa við sviðsljósið sem beindist að honum þegar hann varð krónprins gamla Assads, þá hlýddi hann föður sínum og fór að læra til forseta. Þó gafst honum tími til að stíga í vænginn við unga stúlku ættaða frá Sýrlandi sem hann hafði kynnst í London, hún var þá kölluð Emma Akhras, faðir hennar fínn hjartalæknir í Harley Street, fjölskyldan bjó við vellystingar í úthverfinu Acton. Emma lærði tölvunarfræði í háskóla og tók gráðu í frönsku, svo hóf hún störf í vogunardeild Deutsche Bank. En þau Bashar gengu í hjónaband laust eftir að hann varð forseti um aldamótin og nýir tímar virtust runnir upp í Sýrlandi. Merki voru um nútímavæðingu og að slakað yrði á beittustu klóm einræðisins. Og Bashar hafði brátt lært hlutverk forseta ljómandi vel, það var bara viðkunnanlegt hvað hann hafði sýnst tregur til, hann var svo allt öðruvísi en gamli fauskurinn faðir hans, Sýrland var allt í einu orðið í húsum hæft á alþjóðavettvangi. Og Asma kona hans (hún Emma okkar!) heillaði fólk hvarvetna upp úr skónum – ung og sæt og með nýjustu tísku á hreinu en líka vel menntuð og áhugasöm um framfaramál, sífellt á þönum að reyna að bæta hag barna og hinna minna megandi í Sýrlandi.

**„Rósin í eyðimörkinni“**

Kannski var þessi mynd einhvern tíma sönn, eða hefði að minnsta kosti getað orðið sönn. En valdið spillir, jú, það sannaðist nú eina ferðina enn. Ég sá ekki betur þessar tvær vikur í Sýrlandi 2010 en þetta væri meira og minna frjálst land og fólkið væri kátt, en lýðræðisumbæturnar voru líklega allan tímann meiri í orði en á borði. Einmitt þá, eins og síðar kom í ljós, var Bashar búinn að ráða til sín fokdýrt amerískt PR-fyrirtæki til að bæta ímynd sína með huggulegu viðtali við konuna hans í tímaritinu Vogue – „Rósin í eyðimörkinni“ hét viðtalið hvorki meira né minna, og tímaritið skammast sín núna svo mjög fyrir þetta viðtal að það er hvergi að finna á heimasíðu þess. Það var bara partur af blekkingu Bashars. Og þegar tiltölulega hógværar kröfur um afnám neyðarlaga voru settar fram í Sýrlandi, þá brást augnlæknirinn við með þeirri fádæma hörku sem við höfum nú orðið vitni að. Og hin fagra Asma hefur reynst vera algjörlega kaldrifjuð tildurdrós, hún er í felum í neðanjarðarbyrgi í Damaskus en reynir að kaupa sér fleiri demanta og fín föt og kristalsljósakrónur gegnum milliliði á Vesturlöndum. Hirðir ekkert um það þótt eiginmaður hennar láti nú drepa með eiturgasi þau börn sem hún þóttist ætla að bjarga.

En ég hugsa stundum um það hvort yfirþjónninn á hótelinu sé enn jafn duglegur að trana á sér bashörsku andlitinu framan í fólk. Ef það er þá eitthvað hótel lengur.



FORSETAFRÚIN






„Að virða sjálfan sig er grundvallaratriði og svo púslast allt einhvern veginn utan um það en auðvitað hef ég ekki alltaf verið þannig. Ég hef bara lært að það sé leiðin. Lífið er svo mikill skóli.

**EMILÍANA TORRINI** Hún útilokar ekki tónleika á Djúpavogi eða öðrum góðum stöðum á Íslandi í framhaldi af útgáfu Tookah. „Það væri allt í lagi, þá tæki ég bara strákinn minn með.“

# Ég var auðvitað tónleikahundur

Ný plata með okkar ástsælu **Emilíönu Torrini** kemur út á mánudaginn. Hún ber nafnið Tookah. Emilíana bjó orðið til sjálf og tengir það við djúpstæða hamingju. Hún er flutt aftur heim á Frón, á unnusta og son og aðhyllist rólegheit eins og er.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is

Það er hryssingslegur dagur í miðborg Reykjavíkur og Tjörnin eins og ólgusjór þar sem hún blasir við okkur Emilíönu Torrini af efstu hæð Iðnós. Ég sit í ullaryfirhöfn, með trefil og sötra heitt kaffi en Emilíana er í kjól, með bera handleggi upp að olnboga og drekkur kalt sódavatn. „Ég er svo vön hráslaga frá Englandi,“ segir hún hlæjandi, þegar haft er orð á kuldanum. „Mömmu var oft hrollkalt þegar hún kom til mín úti svo ég varð að gjöra svo vel að hækka á ofnunum en ég var hins vegar með svitaskegg á vör í heimsóknum hér á landi því hús eru kynt svo mikið.“

Nú er Emilíana sjálf flutt til Íslands frá Bretlandi fyrir nokkrum mánuðum, með kærasta og son, og fer eflaust að venjast íslenskum ósiðum. Hún flutti út fyrir tvítugt og kveðst hafa nálgast það að búa þar jafnlengi og hér á landi. „Ég var útlendingur í Englandi og hugsaði oft um að ég færi að verða útlendingur líka hér á Íslandi. Því fannst mér þetta rétti tíminn til að koma heim.“ Hún kveðst samt enn starfa mikið erlendis. Spurð hvort hún eigi eða leigi þar húsnæði svarar hún: „Nei, ég nota bara vini mína og er sófadýr hjá þeim til skiptis. Þeir gefa mér tækifæri til að eyða tíma með sér. Það hefur verið mikið flakk á mér undanfarið í sambandi við nýju plötuna en nú fer ég að verða meira heima.“

### Unnustinn elskar Ísland

Sonurinn er akkúrat þriggja ára. Hann heitir Fionn. Það er írskt nafn, því þótt faðir hans sé uppalinn í Liverpool á hann til Íra að telja og ber írskt eftirnafn, að sögn Emilíönu. Unnustinn er menntaður hönnuður og smiður sem starfar við að smíða fætur í stoðtækjasmiðju Össurar. Hvernig skyldi hann una sér hér á landi? „Hann elskar Ísland enda er hann algert náttúrubarn og hefur alltaf liðið best úti í sveit. Þegar hann var krakki sá hann alltaf fyrir sér að flytja á norðurpólinn og nú hefur hann nálgast það takmark. Honum finnst æði að vera hér – og okkur öllum.“

Fjölskyldan er aðaláhugamál Emilíönu um þessar mundir og svo auðvitað tónlistin, lagasmíðarnar og söngurinn. „Líf mitt er orðið miklu innihaldsríkara eftir að ég eignaðist mann og son og er bara einhvern veginn fullkomið,“ segir hún og brosir sínu fallega brosi.

Þegar Emilíana fer út í lönd að sinna músíkinni kveðst hún oftast skilja soninn eftir hér heima hjá föður sínum. „Fionn á sitt líf hér og er líka nýlega búinn að flytja svo það má ekki hringla of mikið í honum. Ég tek hann þó með mér stöku sinnum, það fer eftir því hversu strembið verkefnið er. Ég er mest tvær vikur í einu að heiman, það er alveg hámark, og var alveg miður mín fyrstu vikuna sem ég var ein úti. En ég þarf stundum að minna mig á að flestir foreldrar eru að vinna allan daginn frá börnunum sínum. Ég er hins vegar frá syni mínum tíma og tíma, að gera það sem ég elska að gera og nota tímann minn vel og er svo alveg heima þess á milli, þá fær hann það besta af mér. Þegar platan er komin út ætla ég að vera heima í ár. Þá á hann mig.“

En þarf hún ekki að túra eftir útkomu nýju plötunnar?

„Jú, ég þarf þess en ætla samt ekki að gera það. Síðast túraði ég í tvö og hálft ár. Það kemur ekki til greina núna. Nú verð ég að búa mér til reglur, annars getur þetta svo auðveldlega farið úr böndunum.“ Hún útilokar samt ekki tónleika á Djúpavogi eða öðrum góðum stöðum á Íslandi. „Það væri allt í lagi, þá tæki ég bara strákinn minn með. En ekki eins og ég gerði áður. Ég var auðvitað tónleikahundur og það átti rosalega vel við mig en ég aðhyllist meiri rólegheit eins og er.“

### Hlustar aldrei á fyrstu plöturnar

Margar söngkonur nútímans eru fremur fáklæddar á sviði en Emilíana hefur aldrei fallið í þá gryfju og kveðst ekki vita hvernig hún gæti það. „Ég er engin Rihanna, Madonna eða Mariah Carey. Er ekkert í snertingu við þann heim sem þær lifa í og er ekki á leiðinni þangað, heldur að reyna að þróast sem tónlistarmaður og lagasmiður á allt öðrum stað.“

Hún kveðst trúa á mátt sjálfsvirðingar. „Að virða sjálfan sig er grundvallaratriði og svo púslast allt einhvern veginn utan um það en auðvitað hef ég ekki alltaf hugsað þannig. Ég hef bara lært að það sé leiðin. Lífið er svo mikill skóli.“

Fyrst fortíðin er aðeins komin á dagskrá. Hvernig skyldu fyrstu plötur Emilíönu hljóma í eyrum hennar núna?

„Meinarðu þessar fyrstu, fyrstu? Eins og Crouçie D'où Là? Ég tengist þeim bara ekkert lengur. En þær mega alveg lifa. Ég skammast mín ekkert fyrir þær.“

Hún kveðst aldrei hlusta á fyrstu plöturnar, ekki einu sinni þegar þær voru nýjar. „Lögin á nýju plötunni Tookah eru þau fyrstu með sjálfri mér sem ég laumast stundum til að hlusta á. Núna finnst mér fyrstu plöturnar vera yfirborðslegar. En þetta var tímabilið sem ég uppgötvaði röddina mína. Þó hafði ég verið sólósöng-

## Tookah

Tookah er fjórða plata Emilíönu Torrini sem gefin er út á alþjóðavísu. Hún er enn einn afrakstur gjöfuls samstarfs Emilíönu og Dans Carey upptökustjóra, sem hefur staðið í nokkur ár og gefið af sér þrjár plötur.

Tookah fylgir eftir plötunni Me And Armini sem kom út árið 2008 og naut gífurlegra vinsælda. Hver man ekki eftir Jungle Drum sem fór sigurför um heiminn?



**Lögin á Tookah eru**

*Tookah*
*Caterpillar*
*Autumn Sun*
*Home*
*Elisabet*
*Animal Games*
*Speed of Dark*
*Blood Red*
*When Fever Breaks*

Nafnið Tookah er orð sem Emilíana bjó til og segir meðal annars þetta um: „Tookah er eitthvað sem tengir okkur við alla og allt. Það er það sem súfistarnir dansa. Þetta er augnabliksþakklætistilfinning sem þú upplifir þegar þú aðhefst ekkert sérstakt, augnablikið sem allt er yndislega fullkomið. Sumir kalla það guðlegt ástand. Ég kalla það Tookah.“

## ELDRI PLÖTUR EMILÍÖNU



1994
**Spoon**

1995
**Crouçie D'où Là**




1996
**Merman**

1999
**Love in the Time of Science**



2000
**Rarities**

2005
**Fisherman's Woman**



2008
**Me And Armini**

kona í barnakór Kársness og síðan í óperunámi og vissi að ég gæti sungið þar en ekki á neinn annan hátt. Það var þegar ég fór að leika Hárinu sem það kom í ljós. Jón Ólafsson var þar og ég spurði hann hvort hann gæti tekið upp nokkur lög með mér fyrir fimmtugsafmæli pabba. Þetta voru stuðlög og Jón spurði hvort ég hefði prófað að syngja þau. „E…neei“ svaraði ég. Svo fórum við í stúdíó og tókum upp og þá kom hann með hugmynd um að við gæfum bara út plötu. Á þeirri næstu bjó ég til textana og hann lögin. Svo fór ég út í bæ að syngja á hótelum og veitingastöðum og alls staðar. Ég var 16, 17 ára, á útopnu og sagði já við öllu. En platan sem varð mikilvægust fyrir mig í þróuninni er Love in the Time of Science frá 1999. Mér finnst hún hafa verið mín „ágætis byrjun“.

Skyldi Emilíana hafa einhvern tíma unnið við annað en söng? „Ég ólst upp á veitingahúsi og hjálpaði stundum til, alveg á milljón. Svo vann ég í snjóbrettabúð í smá tíma og líka í Bakkavör í Kópavogi meðan hún var bara fiskvinnslufyrirtæki. Þá var ég þar að vigta og skera fisk og taka hrognin. Ég var alveg ótrúlega góð í því! Svo fór ég í Hárið á kvöldin, lyktandi af fiskinum eftir vinnu.“

Nýja platan Tookah kemur út víða um heim en þegar viðtalið fer fram á Emilíana enn eftir að fá hana í hendur.

„Ég er að deyja, ég hlakka svo til,“ segir hún hlæjandi og bætir við: „Svo verð ég kannski alveg brjáluð þegar ég sé hana: „Hvaða pappír er þetta?“ Nei, nei. Þetta verður æði. Það er alltaf mikill áfangi að fá plötu í hendur.“

Helsti samstarfsmaður Emilíönu er Dan Carey. Hún segir hans fjölskyldu og hennar tengjast náið. „Við erum hvort guðforeldri barna annars og við Dan vinnum mikið saman. Ég hef verið spurð: „Ætlarðu ekki að prófa að vinna með einhverjum öðrum?“ og þá bara rekur mig í rogastans. Hvað meinar fólk eiginlega?!“

**Allt fullt af Emilíönum**

Undir lokin berst talið aftur að syninum Fionn, sem líf Emilíönu snýst eðlilega mikið um. Hún er minnt á að hann sé heppinn að íslensku nafnalögunum skuli hafa verið breytt, því fyrir 20 árum hafi allir sem gerðust íslenskir ríkisborgarar þurft að heita íslenskum nöfnum. Hún kannast manna best við það. „Já, pabbi var einn af þeim. Hann er ítalskur og nafninu hans var breytt úr Salvadori Torrini í Davíð Eiríksson. Mamma og pabbi fóru svo til Ítalíu að gefa mér mitt nafn. Þau vildu að ég héti Emilíana í höfuðið á báðum ömmunum mínum, sú íslenska heitir Emilía og sú ítalska Anna. Það var eitthvert vesen með að fá það nafn í gegn hér. Torrini var svo skráð millinafn hjá mér og ég varð Davíðsdóttir. Það var mjög ruglandi fyrir mig þegar ég fékk minn fyrsta passa – Davíðsdóttir. Strákurinn minn þarf sem betur fer ekki að ganga í gegnum neitt svona. Enda kæmi það ekki til greina.“ Hún er alveg hissa þegar henni er tjáð að nú skipti Emilíönur tugum í þjóðskránni, svo hún hafi örugglega komið af stað tískubylgju. „Í alvörunni?“ segir hún. „Við fengum reyndar stundum hringingar um að einhver hefði skírt eftir mér. Það var ótrúlega sætt.“





BARNASTARF KIRKJUNNAR

SUNNUDAGASKÓLINN ALLA SUNNUDAGA Í VETUR!

FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI, MÖMMUR OG PABBA – AFA OG ÖMMUR!

REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

ÁRBÆJARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

ÁSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.askirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.breidholtskirkja.is

BÚSTAÐAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kirkja.is

DÓMKIRKJAN
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.domkirkjan.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
í Grafarvogskirkju og Borgarholtsskóla
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GRENSÁSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.grensaskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.gudridarkirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hateigskirkja.is

HJALLAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 13
Nánar á www.hjallakirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.langholtskirkja.is

LINDAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
í Lindakirkju og í Boðaþingi
Nánar á www.lindakirkja.is

NESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.neskirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN
Annan og fjórða sunnudag mánaðarins kl. 14
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

SELJAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seljakirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

HAFNARFJÖRÐUR OG GARÐABÆR

ÁSTJARNARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA
Fyrsta sunnudag hvers mánaðar
í Bessastaðakirkju kl. 11
aðra sunnudaga
í Brekkuskógum 1
Nánar á bessastadasokn.is

FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidistadakirkja.is

VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ
Alla sunnudaga kl. 11
Nánar á www.vidalinskirkja.is

MOSFELLSBÆR

LÁGAFELLSKIRKJA
Alla sunnudaga
kl. 13 í Lágafellskirkju
Nánar á www.lagafellskirkja.is

# Stöð 3 er ný sjónvarpsstöð.

Hún kostar aðeins 2.990 kr. á mánuði

**FYLGIR** áskrift að Stöð 2





Útsendingar hefjast **kl. 19:00 í kvöld** og er fyrsta vikan í opinni dagskrá

Með áskriftinni fylgir Krakkarásin og þriggja mánaða aðgangur að Tónlist.is

Stöð 3 + krakkar +

Tryggðu þér áskrift á

**www.stod3.is**


Ferskir innlendir og erlendir þættir á nýrri og spennandi sjónvarpsstöð.
Hvernig næ ég Stöð 3?
Til að viðskiptavinir nái inn stöðinni þurfa þeir að endurræsa myndlykla sína með því að taka þá úr sambandi.
Áskrifendur með digital Ísland þurfa að velja „menu“ á fjarstýringunni og velja þar sjálfvirka leit. Lykilorðið er 0000.
Eva Laufey
Stöð 3 er aðgengileg á
OZ
Friðrik Dór í opinni dagskrá í kvöld kl. 21:00
Óli og Sverrir
Þórunn Antonía
Zero Hour
Raising Hope
Arrow
3
krakkar +
2.990 kr.
Gerðu verðsamanburð
4.990 kr.
SKJÁREINN
Banshee
X-Factor
Super Fun Night
Strike Back
Shameless

# Tuskaður til inni í geymslugámi

**Darri Ingólfsson** leikari fer með stórt hlutverk í lokaröð sjónvarpsþáttanna Dexter. Hann hefur alið manninn í Los Angeles undanfarin fjögur ár og hyggur ekki á heimkomu í bráð. Hann er staddur hér á landi við tökur á kvikmyndinni Borgríki 2.




Sara McMahon
sara@frettabladid.is


Darri Ingólfsson leikari flutti til kvikmyndaborgarinnar Los Angeles fyrir fjórum árum, staðráðinn í því að ná frama sem kvikmyndaleikari. Nú virðist sem sá draumur sé loks að verða að veruleika því hann hreppti stórt hlutverk í sjónvarpsþáttunum vinsælu um fjöldamorðingjann Dexter, auk þess sem hann fer með eitt helsta hlutverk kvikmyndarinnar Borgríki 2.

„Ég vissi að ég mundi enda annaðhvort í New York eða í Los Angeles að leiklistarnáminu loknu. Ég vissi bara ekki að það tæki mig sjö ár að komast þangað,“ segir Darri þegar hann er spurður út í líf sitt í Bandaríkjunum.

Hann er alinn upp í Garðabænum og stundaði framhaldsnám við Verzlunarskóla Íslands, þar sem hann tók þátt í uppsetningu leikfélagsins á Saturday Night Fever og Mambo Kings.

Það varð snemma auðsætt að leiklistin átti hug hans allan og því sótti hann um inngöngu í leiklistardeild Arts Ed School of Acting í London.

„Þar lærði maður alla klassíkina og fékk mjög góða alhliða menntun. Strax eftir útskrift fékk ég starf sem leikari við Donmar Warehouse-leikhúsið í London. Ég hafði þó alltaf mestan áhuga á kvikmyndaleik. Ástæðan fyrir því að ég fór út í leiklist til að byrja með var vegna þess að ég vildi búa til kvikmyndir. Ég sótti því um græna kortið og tók stefnuna á Bandaríkin.“

### Sentist með pylsur

Darri flutti heim til Íslands á meðan hann beið eftir landvistarleyfinu og tók meðal annars að sér hlutverk í sjónvarpsþáttunum Mannaveiðar og kvikmyndinni Boðbera. Dvölin á Íslandi varð þó stutt og um leið og græna kortið var í höfn flutti Darri til Los Angeles.

„Rétt áður en ég flutti út hafði ég leikið í auglýsingu og sá peningur dugði til þess að kaupa bíl í L.A. og fyrir nauðsynjum í fjóra mánuði. Eftir það flakkaði ég á milli sófa hjá fólki sem ég kynntist. Í fyrstu starfaði ég við að keyra út skyndibita í Mustanginum mínum og sem þjónn á bar á Sunset Strip og þess á milli lék ég í ýmsum auglýsingum.“

Ári eftir flutningana til Bandaríkjanna fékk Darri sinn fyrsta umboðsmann og við tóku prufur fyrir hlutverk í stuttmyndum og kvikmyndum sem kostuðu lítið í framleiðslu. Nokkru síðar komst hann þó að hjá umboðsstofu og þá fóru hjólin loks að snúast.

„Ég kynntist stelpu sem starfar hjá stórri ráðningarskrifstofu og hún sagði mér að senda sér upplýsingarnar mínar, sem ég gerði. Daginn eftir var ég kallaður í prufu og það var fyrir hlutverk í sjónvarpsþáttunum Last Resort. Upphaflega átti ég bara að leika í einum þætti en handritshöfundunum þótti persónan mín greinilega skemmtileg og skrifuðu mig inn í alls sjö þætti,“ segir Darri og heldur áfram. „Stuttu eftir að tökum lauk sat ég á bar með vini mínum og við hliðina á okkur sat fólk sem var að tala um Last Resort. Vinur minn skipaði mér að kynna mig og það kom í ljós að maðurinn sem sat við hliðina á okkur, Jacob Israel, starfaði hjá umboðsskrifstofunni Coronel Group, sem þykir mjög öflug. Hann sagðist endilega vilja fá mig til þeirra og ég fór úr því að fá næstum engar prufur í að fara í fjórar til fimm prufur á viku.“

### Mætti af fæðingardeildinni í tökur

Á þeim fjórum árum sem liðin eru frá því að Darri flutti út hefur hann komið sér ágætlega fyrir í Los Angeles og kveðst kunna vel við lífið í Kaliforníu, sem Bandaríkjamenn nefna gjarnan The Sunshine State, eða Sólarríkið á íslensku.

„L.A. er ekki borg, hún er staður. Borgin er full af mismunandi hverfum og kjörnum og þú getur í raun fundið þér þína eigin L.A. Þetta er alveg yndislegur staður og þar býr yndislegt fólk.“

Fljótlega eftir að hann fluttist út kynntist Darri núverandi eiginkonu sinni, Michelle Datuin, sálfræðingi og ljósmyndara. Parið eignaðist sitt fyrsta barn í lok júní, lítinn son er fékk nafnið Nolan Darri Ingolfsson. Fæðingin átti sér stað í miðjum tökum á Dexter og var Darri á þönum á milli fæðingardeildarinnar og tökustaðarins daginn sem drengurinn kom í heiminn.

„Þegar Michelle missti vatnið hringdi ég í framleiðanda þáttanna til þess að láta þá vita. Ég átti að vera í fyrstu töku dagsins morguninn eftir, en Michael [C. Hall, aðalleikari þáttanna] bauðst til þess að koma fyrstur inn svo ég fengi tíma með Michelle og barninu. Nolan fæddist klukkan hálfátta um morguninn og ég fékk að halda á honum í klukkustund áður en ég hentist af stað í tökur. Ég mætti alveg ósofinn, útataður í blóði eftir að hafa tekið á móti Nolan, og þegar ég settist niður í förðunarstólinn brotnaði ég alveg niður. Þetta var „crazy“ dagur,“ segir Darri er hann rifjar daginn upp. Tveimur vikum eftir fæðingu frumburðarins flaug hann svo heim til Íslands í tökur á Borgríki 2.

### Tuskaður til inni í geymslugámi

Darri fer með hlutverk lögreglumannsins Hannesar í kvikmyndinni, sem er í leikstjórn Ólafs de Fleur. Hann lýsir persónu sinni sem metnaðargjörnum ungum manni sem ætlar sér að komast til metorða innan lögreglunnar.

„Hannes er sonur þekkts lögreglumanns og langar að ná frægð og frama innan lögreglunnar. Hann reynir við inntökuprófið í sérsveitinni en brotnar undan álaginu og endar þess í stað sem yfirmaður deildar sem kallast Innra eftirlit. Þar kynnist hann þeim persónum sem fólk þekkir úr fyrri myndinni.“

Eldri bróðir Darra, Ingólfur, er lögreglumaður og gat Darri leitað ráða hjá honum er hann undirbjó sig fyrir hlutverkið. „Brósi hefur auðvitað góða innsýn inn í þennan heim og hann gat frætt mig um ýmislegt tengt honum,“ segir hann.

Hann naut einnig liðsinnis Jóns Viðars Arnþórssonar hjá Mjölni við undirbúninginn og ber honum vel söguna – að mestu leyti.

„Jón Viðar var sérstakur ráðgjafi okkar við tökur. Hann tók mikinn þátt í þessu og setti meðal annars upp hanska og tuskaði mig til inni í geymslugámi fyrir eitt atriðið. Hilmir [Snær Guðnason] leikur yfirmann sérsveitarinnar og hann hafði virkilega gaman af því að fylgjast með okkur hinum kveljast,“ segir hann og hlær. „Annars er alveg frábært að fá að koma heim og vinna með öllu þessu hæfileikaríka fólki. Ég er mjög þakklátur fyrir það.“

Þegar Darri er að lokum spurður út í framtíðaráform segir hann markmið sitt að geta lifað á listinni og mögulega, í framtíðinni, framleitt eða leikstýrt eigin kvikmyndum. Hann sér þó ekki fram á að flytja aftur heim ásamt fjölskyldu sinni.

„Ég tel líklegast að ég verði áfram í Los Angeles en maður veit aldrei. Kannski fer mig að langa í slabb, kulda og rok í ellinni,“ segir hann að lokum og hlær.



**NAFN** Snævar Darri Ingólfsson
**FÆÐINGARDAGUR** 22. desember 1979
**FORELDRAR** Ingólfur Sigurðsson snillingur og María Erla Másdóttir, frábær manneskja
**SYSTKINI** Ingólfur Már Ingólfsson og Kara Ingólfsdóttir
**UPPELDISSTAÐUR** Garðabær og Borg óttans

> **„Ég mætti alveg ósofinn, útataður í blóði eftir að hafa tekið á móti Nolan, og þegar ég settist í förðunarstólinn brotnaði ég alveg niður. Þetta var „crazy“ dagur.“**

## Oft í hlutverki geðsjúklings

Darri hreppti hlutverk Olivers Saxon á lokaári sjónvarpsþáttanna um Dexter. Þáttaröðin er nú sýnd í sjónvarpi bæði hér á landi og erlendis og hefur frammistaða Darra vakið nokkra athygli.

Saxon þessi er morðóður maður sem pyntar fórnarlömb sín í þar til gerðu herbergi og segist Darri ekki skilja af hverju hann sé svo oft ráðinn í hlutverk morðingjans.

„Ég hreppi oftar en ekki hlutverk geðsjúklingsins. Það er greinilegt að fólk sér einhvern „síkópata“ í augunum á mér, eins og ég er nú indæll,“ segir hann hlæjandi.

Hann viðurkennir að fjölskyldu sinni þyki einkennilegt að sjá hann í jafn vinsælum þáttum og Dexter og segir frænku sína hafa áttað sig á því hver morðingi þáttanna er vegna þess að hún þekkti Darra á barnamynd. „Það var sýnd mynd af morðingjanum í æsku í þáttunum og þeir notuðu gamla mynd af mér. Eva, frænka mín, þekkti auðvitað barnið á myndinni og vissi því um leið hver morðinginn væri,“ útskýrir hann.

Mikil athygli hefur fylgt hlutverkinu og hefur Darri veitt fjölda viðtala vegna þess. „Ég reyni að sinna þessu eins og ég get því góð



umfjöllun skiptir sköpum í þessum bransa. Ég hef líka tekið eftir því að fólk er farið að bæta mér sem vini á Twitter, Facebook og Instagram. Þetta er allt mjög skrítið en um leið skemmtilegt,“ segir hann.


**Munir þú eftir að eiga enskunámskeið á vísum stað getur þú fengið 30,000.- fyrir það**

Námskeiðið sem mig vantar er **„english lingafone course“**
bækurnar sem fylgja námskeiðinu eru þrjár.

Eina bókin sem skiptir máli er aðal kennslubókin 236 bls.

**Eigir þú það námskeið vil ég að þú hringir í síma 865-7013**

# FARTÖLVUR &AUKAHLUTIR

**Kynningarblað** Tölvur, spjaldtölvur, snjallsímar, gagnvirk gleraugu og skemmtilegur fróðleikur.

# Sérverslun með Apple-vörur í Kringlunni

**Verslunin iStore í Kringlunni selur úrval glæsilegra vara frá Apple. Nýja MacBook Air-fartölvan hefur slegið í gegn síðustu vikurnar enda fislétt og glæsileg. Viðgerðarþjónusta iStore hefur rómuð enda þekkt fyrir skjóta og góða afgreiðslu.**



MacBook Air fartölvurnar hafa slegið í gegn að sögn Sigurðar Þórs Einarssonar, eiganda iStore. MYNDIR/GVA

Frá því verslunin iStore var opnuð í Kringlunni síðasta haust hefur verið stöðugur straumur fólks þangað. Verslunin selur mikið úrval glæsilegra vara frá Apple, eins og iPad, iPod og iPhone-síma, auk ýmissa fylgihluta. Í sumar hóf iStore sölu á nýrri útgáfu af MacBook Air-fartölvunum frá Apple sem hafa svo rækilega slegið í gegn að sögn Sigurðar Þórs Helgasonar, eiganda iStore. „Þessar fartölvur eru toppurinn hjá okkur og eru þvílíkt að slá í gegn enda selst mjög vel undanfarnar vikur. Hún er af mörgum gagnrýnendum talin besta fartölvan á markaðnum enda inniheldur hún rafhlöðu með tólf klukkutíma endingu og er með nýja gerð af hraðvirkum SSD-diski. Tölvan er einnig rosalega létt eða 1,3 kíló og um leið hraðvirk og glæsileg tölva sem hentar vel þeim sem eru mikið á ferðinni, til dæmis nemendum og minni fyrirtækjum. Það þarf ekki hleðslutæki í för með svona grip og hún er léttari en margar skólabækur.“

## Vinsæl fartölva

Auk MacBook Air-fartölvunnar er stöðug og góð sala á öðrum vinsælum vörum iStore. „Þessar klassísku vörur sem allir þekkja, til dæmis iPhone-síminn, iPod og iPad, seljast einnig mjög vel. Ekki má gleyma öllum aukahlutunum sem við seljum. Við bjóðum upp á gott úrval af hulstrum, töskum, heyrnartólum, hátölurum, púlsmælum og ýmsu öðru.“

iStore býður einnig upp á mjög góða viðgerðarþjónustu sem viðskiptavinir verslunarinnar hafa tekið mjög vel. „Það hefur orðið gríðarlega mikil aukning í viðgerðarþjónustu okkar. Við státum okkur af því að skila 95% af öllum viðgerðum samdægurs og þessi þjónusta nýtur mikilla vinsælda.“

## Nýjar vörur reglulega

Verslunin er stöðugt að kynna nýjar vörur að sögn Sigurðar. „Við reynum að vera dugleg í að kynna nýjungar fyrir viðskiptavinum okkar. Bráðlega munum við til dæmis kynna til sögunnar nýtt þráðlaust ljósasett frá Philips. Það inniheldur þrjár LED-ljósaperur sem skína í öllum litum. Þeim er stýrt með sérstöku appi og til dæmis er hægt að láta ljósin blikka í takt við tónlistina, hvort sem það er rómantísk stemning eða partí.“

Verslunin iStore er björt og falleg og laðar að marga viðskiptavini Kringlunnar. „Við vorum áður með verslun í miðbæ Reykjavíkur en eftir að okkur bauðst að koma í Kringluna vorum við ekki lengi að hugsa okkur um. Hér er bjart og rúmgott og við gefum okkur góðan tíma til að sinna viðskiptavinum okkar og þörfum þeirra.“

Verslunin iStore leggur mikið upp úr því að veita góða þjónustu og um leið sýna samfélagslega ábyrgð í verki. Verslunin rekur eigin styrktarsjóð sem hefur gefið 24 fötluðum börnum iPad í þeirri viðleitni að auka lífsgæði þeirra en sum þeirra hafa meðal annars lært að tjá sig í fyrsta skipti og mörg þeirra náð betra valdi á fínhreyfingum.

Allar nánari upplýsingar um vörur iStore má finna á www.istore.is.




Verslun iStore í Kringlunni er björt og glæsileg.

## WAHOO SLÆR Í GEGN

**Wahoo-vörurnar sem** seldar eru í iStore hafa slegið í gegn í sumar. Í þeirri vörulínu má finna púlsmæla, armbönd fyrir iPhone, hraðamæla fyrir hjól og hjólafestingar fyrir iPhone. Púlsmælarnir senda upplýsingar þráðlaust í iPhone-símann svo hægt sé að mæla árangur æfinga með forritum eins og Endomondo og Runkeeper.


Er til betra námstæki?

Batterí sem endist í allt að **12 klst.** Þarf að segja eitthvað meira?



**MacBook Air 11”**
frá 174.900 kr.
SKÓLATILBOÐ

**MacBook Air 13”**
frá 204.900 kr.
SKÓLATILBOÐ

Fjórða kynslóð Intel örgjörva. Nýtt Wi-Fi (802.11ac). Hraðari flash gagnageymsla.

**Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfihömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.**

Góð þjónusta, góð verð og samfélagsleg ábyrgð

566 8000 | istore.is

iStore í Kringlunni

**Opið**
mán. - mið. 10-18.30 | fim. 10-21
fös. 10-19 | lau. 10-18 | sun. 13-18

# Gagnvirk gleraugu frá Google

Google Glass heita tæknileg gleraugu frá Google. Tækið er búið myndavél og öðrum búnaði sem tengist gagnabönkum Google og er auk þess stjórnað með raddskipunum. Almenningur fær tækifæri til að eignast slík gleraugu á næsta ári.

Mikil eftirvænting ríkir meðal tæknigeggjara sem bíða spenntir eftir hinum tæknivæddu gleraugum Google Glass, sem, eins og nafnið ber með sér, eru framleidd af fyrirtækinu Google. Helst má líkja tækinu við snjallsíma enda getur það framkvæmt svipaða hluti. Glass er hins vegar haft á höfðinu og því stýrt með röddinni. Gleraugun eru byggð á android-tækni og bjóða upp á ótrúleg tækifæri. Með þeim er hægt að tala í síma, svara tölvupósti, taka myndir og myndbönd, vafra á netinu, þýða texta og leita í leitarvélum Google. Allar aðgerðir getur notandinn séð á örlitlum skjá rétt við auga hans.

Tæki sem borin eru á höfði með skjáum og myndavélum eru kannski ekki alveg ný af nálinni en sérstaða Glass er þó nokkur, bæði vegna aðkomu tölvurisans Google og ekki síst vegna þess að tækið er mun léttara en önnur sem fyrir hafa verið á markaði. Frumgerð Glass vó 8 pund eða um fjögur kíló þegar hún var kynnt í ágúst 2011 en í dag vegur Glass minna en venjuleg sólgleraugu.



Google Glass hefur vakið þó nokkra athygli, ekki síst vegna áhuga frægra fólksins. Tískuhönnuðurinn Diane Von Furstenberg notaði tækin á tískusýningu sinni í New York í vor. Hér er hún ásamt Sergey Brin, einum stofnanda Google Inc.



Með Google Glass er hægt að taka myndir og myndbönd, senda skilaboð og póst, vafra á netinu og fleira.

## Á almennan markað árið 2014

Í upphafi þessa árs var nokkrum útvöldum gefið tækifæri til að kaupa sér tilraunaútgáfu Google Glass fyrir 1.500 dollara eða um 180 þúsund krónur. Forsvarsmenn Google telja að Glass muni koma á almennan markað strax á næsta ári og vonast til að verðið verði eitthvað lægra.

Útgáfan sem er í notkun núna heitir Explorer. Sú tekur á móti upplýsingum í gegnum Wifi en einnig er hægt að tengja tækið gegnum Bluetooth við Android-síma eða iPhone. Í Glass er GPS-flaga og því ætti ekki að vefjast fyrir ferðamönnum að rata með því að leita eftir kortum á Google, þá ættu þeir ekki að lenda í miklum tungumálaerfiðleikum því með Glass er með röddinni einni hægt að fletta upp á Google Translate eftir þýðingu orða. Til að nota raddstýringuna byrjar notandinn á að segja „ok glass“ og síðan skipunina. Ekki er nauðsynlegt að nota raddstýringuna því einnig er hægt að fletta í gegnum valkostina með takka á hlið tækisins.

## Þróað af Google X

Google X er leynileg aðstaða Google í Kaliforníu þar sem unnið er að ýmsum tækninýjungum sem margar hverjar virðast fremur eiga heima í vísindaskáldsögum en í hinum raunverulega heimi. Tilraunastofunni stjórnar Sergey Brin, einn af stofnendum Google.

Google Glass er afrakstur langrar þróunar í leynitilraunastofum Google X. Meðal annarra verkefna sem unnið er að hjá Google X eru bíll sem ekur sjálfur og verkefnið Project Loon, sem miðar að því að koma internetaðgangi til allra í heiminum með neti loftbelgja sem munu svífa um heiðhvolfið.

## Hluti af gleraugum framtíðar

Gleraugu eru líklega rangnefni á Google Glass því engar sjónlinsur eru í umgjörðinni. Fólk sem notar gleraugu getur raunar ekki notað tækið en Google hefur staðfest að með tíð og tíma verði hægt að fá Glass með sjóngleri og jafnvel verði hægt að smella tækinu á venjuleg gleraugu. Þá hyggst fyrirtækið fara í samstarf við sólgleraugnaframleiðendur á borð við Ray-Ban og Warby Parker.



## VISSIR ÞÚ....

- ... að tölvumúsin var fundin upp árið 1964 og þá mótuð úr tré?
- ... að tölvupóstur varð til á undan internetinu?
- ... að hús Bill Gates var sérhannað til að nota Macintosh-tölvur?
- ... að ein af hverjum átta hjónum í Bandaríkjum nútímans kynntust á netinu?
- ... að fyrir hverja heiðarlega vefsíðu á netinu fyrirfinnast fimm klámsíður?
- ... að 80 prósent ljósmynda á internetinu sýna naktar konur?
- ... að ungmenni um tvítugt hafa að meðaltali varið 5.000 klukkustundum í tölvuleiki, 10 þúsund klukkutímum í farsíma og sent 250 þúsund tölvubréf og sms?
- ... að fyrsti auglýsingaborðinn á internetinu fór í loftið árið 1994?
- ... að mannsaugað blikkar að meðaltali tuttugu sinnum á mínútu en aðeins sjö sinnum við tölvunotkun?


**Óumdeildir gæðayfirburðir Samsung fartölva***

*Sjá nánar súlurit og umfjöllun hér að neðan.




**Samsung fartölvur eru áreiðanlegustu fartölvur á markaðnum í dag og bila minnst.**

HEIMILD:
Computer Reliability Report 2013
WWW.RESCUECOM.COM

Þetta kemur fram í áreiðanleikakönnun tölvuviðhaldsfyrirtækisins RESCUECOM sem birt var á dögunum.
**Samsung fékk 874 stig í könnuninni en þar kom fram að aðeins 1.1% Samsung tölva í Bandaríkjunum þurfti að þjónusta vegna bilana.**
Apple var í öðru sæti með 503 stig og Lenovo/IBM í því þriðja með 230 stig.
Aðrir framleiðendur fengu lægri einkunn.

SAMSUNG SETRIÐ samsungsetrid.is
ORMSSON BT

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900
SKEIFUNNI 11 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 / GLERÁRTORGI · AKUREYRI



**VÍSAR**

**Hafnarborg býður upp á spennandi leiðangur fyrir börn um sýninguna Vísar – húsin í húsinu á morgun klukkan 14. Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður leiðir börnin um sýninguna og spinnur með þeim ýmiss konar leiki.**


Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk

NÁMSAÐSTOÐ

Öll skólastig - Reyndir kennarar

*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233

Hausverkur Ekki þjást MigreLief

Mígreni.is

MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn

Öll kínvesk leikfimi

- Heilsu Qi Gong 5000 ára tækni
- Heilsubætandi Tai chi
- Kung Fu fyrir 4 ára og eldri
- Hugræn teigjuleikfimi

Einkatímar og hópatímar

Fyrir alla aldurshópa

HEILSU DREKINN

Í samstafi við Kínveskan íþrótta háskóla

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Vissir þú að...

Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill Save the Children á Íslandi




**BREYTT LÍÐAN** Kristín segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle.

MYND/GVA

# HÆTTI Á HORMÓNUM OG VALDI FEMARELLE

**ICECARE KYNNIR** *Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er úr jurtaefnum og slær á einkenni tíðahvarfa.*

Kristín Bjarnadóttir fór í aðgerð þar sem þurfti að fjarlægja móðurlíf og báða eggjastokka árið 2000. „Þar sem ég var aðeins 44 ára á þeim tíma var mér ráðlagt af kvensjúkdómalækni mínum að fara á hormónalyf sem ég hef tekið síðan," segir hún.

„Um síðustu áramót fór ég að velta fyrir mér að hætta að taka hormón. Ég var samt í vafa því ég hafði áhyggjur af hvernig mér myndi líða án þeirra og eins hvað ég gæti tekið í staðinn til þess að draga úr einkennum breytingaskeiðs.

Þegar mér var bent á Femarelle ákvað ég að prófa það og sé ekki eftir því. Ég komst að því að ég hafði verið með miklar aukaverkanir af hormónunum.

Mér líður miklu betur að öllu leyti eftir að ég byrjaði að taka Femarelle. Verkir í stoðkerfi hafa minnkað stórlega og svæsnum og þrálátum höfuðverkjaköstum hefur fækkað en þau stóðu oft yfir í nokkra daga. Í dag líður mér miklu betur að öllu leyti, þökk sé Femarelle."

Virkni Femarelle er staðfest með rannsóknum síðustu 14 ár. Femarelle er selt í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.

- ***Femarelle er öruggur kostur***
- ***Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum***
- ***Þéttir beinin***
- ***Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef***
- ***Náttúruleg lausn, inniheldur tofu-extract og hörfræjaduft.***
- ***Inniheldur engin hormón***


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Snælandsskóla við Furugrund

NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2013

Bættu við þekkingu þína og möguleika á skjótan og skemmtilegan hátt í Kvöldskóla Kópavogs

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum

**DANSKA**
Danska III

**ENSKA**
Enska I – II
Enska III

**NORSKA**
Norska I – II

**SÆNSKA**
Sænska I – II

**ÍTALSKA**
Ítalska I

**SPÆNSKA**
Spænska I
Spænska II
Spænska III
Spænska. Hablar, escribir y, penslar en espanol

**Íslenska fyrir útlendinga I – IV**
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

**Icelandic for foreigners I – IV**
10 week courses
60 class hours

**Kurs jezyka islandzkiego dla obcokrajowcow I – IV**
Kurs10 – tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

**Verklegar greinar**
Bókband
Silfursmíði
Trésmíði

**Saumanámskeið**
Crazy Quilt
Fatasaumur/
Barnafatasaumur
Skrautsaumur – baldering /skattering
Þjóðbúningur – saumaður

**Tölvunámskeið**
Excel 40 +
Facebook 50 +
Fingrasetning 50 +
Tölvunám I 50 +
Tölvunám II 50 +

**Reiðhjólanámskeið**
Hjólað til gagns – léttar viðgerðir og viðhald

**Matreiðslunámskeið**
Gómsætir grænmetis – pasta – og baunaréttir
Heilsubrauðbakstur
Heilsudrykkir
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn

**Prjón og Hekl**
Prjón – byrjendur
Prjón – nýjungar
Prjón – tvöfalt
Peysuprjón
Frágangur á prjóni
Hekl – byrjendur
Hekl – framhald

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

*Innritun og upplýsingar:*
*http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507*

Kópavogsbær

kopavogur.is




2 FYRIR 1

*af hreindýra-borgara með frönskum gegn framvísun þessa miða.*
***Aðeins 1.490 kr.***

*Gildir til 1.10.2013. Texasborgarar.is s: 517-3130*


# ÍTALSKUR ÍS OG EÐALBORGARAR

***Texasborgarar kynna***

Settur hefur verið upp ekta ítalskur ísbar á Texasborgurum við Grandagarð. Gestir afgreiða sig sjálfir og greiða svo eftir vigt. „Á laugardögum og sunnudögum er 50% afsláttur, kílóið er þá bara á þúsundkall,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. Texasborgarar hefur verið einn vinsælasti hamborgarastaður borgarinnar frá því hann var opnaður á Grandagarði í fyrravor. Hamborgararnir eru heimagerðir og stórir, 140 grömm, úr 100% gæðahráefni án allra aukaefna. Á matseðlinum er að finna ýmsar útgáfur af klassískum hamborgurum og fleira girnilegt, eins og kjúklingarétti, nautaskammrif og steikur grillaðar á Big Green Egg-kolagrilli. „Texasborgaratilboðið er alltaf vinsælast,“ segir Magnús Ingi, „en það samanstendur af Texas-ostborgara með frönskum og gosi og kostar aðeins 1.390 kr.“ **■ Nánar á texasborgarar.is og Facebook.**



# LITRÍK STÓRSÝNING

**GÓÐAR MINNINGAR** *Lokasýningar tónleikaraðarinnar Með blik í auga verða á morgun í Reykjanesbæ. Tónlist níunda áratugarins skipar þar stóran sess.*

Þriðji og síðasti þáttur tónleikaraðarinnar Með blik í auga er sýndur á Ljósanótt í Reykjanesbæ um helgina. Tónleikarnir bera nafnið Hanakambar, hárlakk og herðapúðar og byggja á níunda áratug síðustu aldar sem einkenndist meðal annars af myndbandstækjum, Millet-úlpum og fótanuddtækjum. Tónlist áratugarins er meginuppistaða í verkinu, auk þess sem ljósmyndum og myndböndum er varpað á skjá undir frásögn sögumanns sýningarinnar, Kristjáns Jóhannssonar, sem er einn þriggja skipuleggjenda tónleikana. „Tónlist tímabilsins er auðvitað í forgrunni en við blöndum henni saman við myndir, myndbönd og skemmtilega leikmuni. Við erum búin að liggja yfir tónlist áratugarins í marga mánuði og velja 28 lög fyrir sýninguna sem öll eru sungin á íslensku. Við byrjum á léttu pönki og fikrum okkar áfram gegnum söguna með til dæmis Gunnari Þórðarsyni, Áhöfninni á Halastjörnunni, Todmobile og Bubba Morthens.“ Auk Kristjáns eru það Arnór Vilbergsson tónlistarstjóri og Guðbrandur Einarsson framkvæmdastjóri sem bera hitann og þungann af skipulagi sýningarinnar.

Fyrsti hluti tónleikaraðarinnar var sýndur árið 2011 og spannaði þá áratugina 1950-1970. „Það var aldrei ætlun okkar að halda þessu áfram en viðtökurnar voru svo góðar að við settum upp framhaldssýningu ári síðar undir heitinu Gærur, glimmer og gaddavír. Fyrsta sýningin var óður til útvarpsins og sýningin í fyrra var óður til sjónvarpsins. Sýningin í ár tengist myndbandstækjakynslóðinni.“

Mikil vinna hefur farið í undirbúning sýningarinnar en tæplega 50 manns koma að skipulagi og uppsetningu hennar, þar af fimmtán manna hljómsveit. „Það er valinn maður í hverju rúmi hér og flestallir Suðurnesjamenn, enda erum við svo rík af hæfileikafólki. Valdimar Guðmundsson tekur þátt þriðja árið í röð. Þrátt fyrir mikið annríki hjá honum og hljómsveit hans vildi hann alls ekki sleppa henni. Svo er ung söngkona, Lísa Einarsdóttir, sem hefur slegið í gegn í lykilhlutverki. Það er hvergi slegið af í þessari sýningu og hún er mikil upplifun fyrir áhorfendur. Leikhúsið er allt skreytt í anda þessa tíma og gestir detta strax inn í níunda áratuginn.“

Frumsýningin var síðasta miðvikudag og á morgun sunnudag verða tvær síðustu sýningarnar í Andrews Theatre sem er á gamla varnarliðssvæðinu. „Það var frábær stemning á frumsýningunni og salurinn fullur af fólki sem skemmti sér stórkostlega vel.“

**■ starri@365.is**

**ÞRÍLEIKNUM LOKAÐ** Tvennir lokatónleikar Hanakamba, hárlakks og herðapúða verða á morgun sunnudag.
MYND/DAVÍÐ ÖRN ÓSKARSSON



**SÖGUMAÐUR** Kristján Jóhannsson er sögumaður sýningarinnar og einn skipuleggjenda hennar.
MYND/ÚR EINKASAFNI



# FIMM BJÓRTEGUNDIR FRÁ STEÐJA

***Brugghús Steðja kynnir***

Brugghús Steðja ehf. er ársgamalt micro-brugghús í Borgarfirðinum sem bruggar bjórinn Steðja. Við erum með þýskan bruggara og bruggum eftir þýsku hreinleikalögunum, sem eru þau elstu í heiminum. Í dag framleiðum við fimm tegundir af bjór; Steðja lagerbjór sem er auðdrekkanlegur lagerbjór, Kóróna Steðja sem er ferskur citrusbjór, Steðja dökkan sem er millidökkur bjór í anda þýska „Altbier“, Steðja reyktan, sem er eins og hangikjöt í glasi, og svo Steðja jarðarberjabjór sem er bruggaður úr hreinum jarðarberjum en það er alveg nýtt að vera með ávaxtabjór sem er án allra viðbætts sykurs. Þess má geta að allar afurðir Steðja eru án viðbætts sykurs. Í tönkunum núna erum við svo með jólabjórinn okkar en við notum sömu uppskrift og í fyrra en hann var valinn einn besti jólabjórinn árið 2012.

***Afurðir Steðja má finna í Vínbúðinni Kringlunni, Heiðrúnu og Skútuvogi.***

# UPPSKERUHÁTÍÐ BÝBÆNDA

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn fagnar haustinu með ýmsum hætti í dag.

Býbændur verða með uppskeruhátíð sína í garðinum líkt og undanfarin ár. Hátíðin verður í veitingatjaldinu frá klukkan 14 til 16. Býbændur kynna býflugnarækt og koma með sýnishorn af uppskeru sumarsins. Gestum gefst kostur á að smakka hunang beint frá búi og slengt verður á staðnum. Þá geta áhugasamir keypt sér íslenskt hunang en takmarkað magn verður til sölu. Hunangið er mjög mismunandi á bragðið allt eftir því í hvaða blóm flugurnar leita fanga.

Sýndar verða lifandi býflugur í sýningarbúri. Kynnt verður efnið býbvax og hvað hægt er að vinna úr því, svo sem kerti og krem. Einnig verður ýmis útbúnaður tengdur býflugnarækt sýndur, eins og skilvinda, ýmis verkfæri, býkúpur, hlífðargallar, hanskar og margt fleira. Býbændur mæta einnig með rabarbarakaramellur, íslensk epli, síróp og jurtate.

Á sama tíma ætlar Kvenfélag Grímsneshrepps að selja bakkelsi og sultur ásamt því að kynna sultugerð sína, til dæmis bláberjahlaup, drottningarsultu, rifsberjahlaup, chili-sultu og blandaðar sultur af ýmsum gerðum. Fulltrúar Kvenfélagasambands Íslands (KÍ) verða einnig í garðinum og kynna starfsemi sína en sambandið gefur meðal annars út Húsfreyjuna og rekur Leiðbeiningarstöð heimilanna. Starfsmaður Leiðbeiningarstöðvarinnar verður á svæðinu og gefur góð ráð og kynnir útgáfu hennar.

Um helgina er síðasta tækifærið fyrir krakka að fara í leiktæki Fjölskyldugarðsins áður en þau fara í vetrardvala. Af þessu tilefni munu dagpassar kosta þúsund krónur í stað tvö þúsund alla helgina.



***Á sunnudaginn verður haldið Íslandsmót Hálandaleikanna frá klukkan 14 til 16 í garðinum.***







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16

# Stór útsala 20-70% afsláttur



**70% afsláttur af fluguhnýtingarefni**



**Norfin öndunar vöðlur**
Útsöluverð: **17.450**
Verð áður: 34.990



**Norfin Neopran vöðlur**
Útsöluverð: **9.950**
Verð áður: 19.990



**Norfin nælon vöðlur**
Útsöluverð: **6.950**
Verð áður: 13.990



**Norfin útivistar buxur**
Útsöluverð: **7.950**
Verð áður: 15.990



**Allir spúnar á 40% afslætti**



**Zamberlan Gönguskór**
Útsöluverð: **25.990**
Verð áður: 37.990



**Keeper vöðlutilboð**
Útsöluverð: **29.900**
Verð áður: 54.800



**Norfin vatnsheldur camo galli**
Útsöluverð: **4.990**
Verð áður: 9.900



Útsöluverð: **19.435**



Útsöluverð: **12.935**

**A. Jensen Charon og Yokanga fluguveiðisettin á sértilboði**



**A. Jensen Gacka Fluguveiðihjól**
Útsöluverð: **9.900**
Verð áður: 16.990



**Cult einhenda frá Vision með hjóli og línu**
GT Bronze Hjól
Vibe flugulína
Útsöluverð: **68.395**
Verð áður: 136.790



**Cult tvíhenda frá Vision með hjóli og línu**
GT Bronze Hjól
Spey tvíhendulína
Útsöluverð: **92.300**
Verð áður: 184.600

Minnum á samstarfsaðila Veiðivörur.is í SR Byggingarvörum Siglufirði og Kaupfélagi Borgfirðinga.

| William Joseph | Norfin | Vision | A. Jensen | Salmo | Zebco |
|---|---|---|---|---|---|
| 35% afsláttur | 50% afsláttur | 35% afsláttur | 35% afsláttur | 50% afsláttur | 35% afsláttur |










# SULTAÐ ÁN SYKURS

**HELGIN** *Bláberjatímabilið stendur nú sem hæst og um að gera að tína áður en fer að frysta. Mörgum blöskrar sykurmagnið sem nota þarf til sultugerðar en ekki þarf alltaf að nota hvítan sykur í sultuna.*

Bláber eru rík af C-vítamíni og andoxunarefnum og stundum talin til „ofurfæðu“. Þau eru talin gagnast við þvagfærasýkingum, bæta meltinguna og gera hjartanu gott. Í það minnsta er það holl og skemmtileg hreyfing að tína þau og tilvalið fjölskyldusport. Nú stendur berjatíminn sem hæst og um að gera að tína sem mest áður en það fer að frysta.

Berin má nýta í bakstur eða beint út á skyr með rjóma og þá er gott að frysta þau í loftþéttum ílátum til vetrarins. Bláberin er einfalt að sulta og er þumalputtareglan sú að sjóða saman kíló af berjum á móti hálfu kílói af sykri.

Ekki þarf þó alltaf að nota hvítan sykur, hægt er að töfra fram sætar sultur með öðrum sætuefnum.

**BLÁBER**
Auðvelt er að sulta bláber. Yfirleitt er notað kíló af sykri á móti kílói af berjum. Sumir nota önnur sætuefni í sultur sínar.
NORDICPHOTOS/GETTY

## BLÁBERJASULTUR ÁN SYKURS

**BLÁBERJASULTA MEÐ DÖÐLUM**
*Uppskrift af www.islandsmjoll.is*

1 kg bláber
700 g döðlur
2 dl vatn
Saxið döðlur í matvinnsluvél og hellið sjóðandi vatni yfir, látið standa í 30 mínútur. Hrærið berjunum saman við. Setjið í krukkur og lokið strax.





**BLÁBERJASULTA MEÐ AGAVE**
*Uppskrift af www.heilsubankinn.is*

½ l bláber
1 dl agavesíróp
Hreinsið berin og skolið. Setjið berin og síróp í blandara og maukið saman. Hellið í pott og sjóðið í um það bil tíu mínútur. Hellið sultunni í krukkur og kælið.
Eins væri hægt að skipta sírópinu út fyrir hunang.

**BLÁBERJASULTA MEÐ SÆTUEFNINU STEVÍU**
Uppskrift af Facebook-síðunni Inga *næringarþerapisti.*

150 g bláber
6 dropar venjuleg stevía
3 dropar vanillustevía
U.þ.b. hálf tsk. sultuhleypir
Allt soðið í smástund og sett á krukkur.




RAUNFÆRNIMAT




**Hefur þú starfað við skrúðgarðyrkju í 36 mánuði eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?**

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!**

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 36 mánaða starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur. Einnig er boðið upp á raunfærnimat í vélvirkjun, rennismíði, stálsmíði, blikksmíði og húsasmíði.

**Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 10. september kl. 17.00 að Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

DAGSVERK.IS / IDAN0913



**Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is**

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is



**Skautastund Bjarnarinns**
**hefts 8.September í Egillshöll**

**Það sem börn og foreldrar læra á skautastund:**
- grunnstöður og að miðja þyngdarpunktin
- aukið jafnvægi,skautaíþróttin er góð leið
  Til að þjálfa janvægisskyn og
  samhæfingu líkamans

- hliðarspor og hliðarskautun
- upphafstöðu, að skauta fram og til baka

-"að uppgötva líkaman!"
- renna á öðrum fæti og ýta með hinum
- skauta áfram og aftur á bak

**Börn mæta með foreldrum á ísinn**
**Mæta með BROS á vör !!**

Skautafélag Bjarnarins býður 5-7 ára börnum (FÆDD 2006,2007 OG 2008) að koma með forledrum sinum og læra að skauta í frábærri aðstöðu félagsins í Egillshöllinni.

Tólf vikna námskeið kostar aðeins 12.600 kr. á barn en þess má geta að velkomið að byrja hvenær sem er á timabilinu. Æfingar eru á sunnudögum kl.11:50-12:20 og gott er að mæta 15 min. fyrir þann tima til þess að fara í skautana og gera sig tilbúin

**Skráning og upplýsingar á www.bjorninn.com eða í sima 8475366**

Björninn

# *Sparið vinnu og fyrirhöfn*

Veisluþjónusta Nings býður upp á úrval framandi og hefðbundinna veislurétta fyrir allar tegundir af veislum. Við elskum brúðkaup, fögnum afmælum, þökkum guði fyrir fermingarveislurnar og...

# við erum rosalega spennt fyrir pinnaveislum







**Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu. Sími: 588 0999 og 822 8833**

Hundar vilja ekki tannstein þeir vilja

Dentastix®






# STUTT Í NEW YORK

**TÍSKA** *Mercedes Benz-tískuvikan er hafin í New York. Vikan er sannkölluð hátíð tískuheimsins en nú er kynnt til sögunnar tískan fyrir komandi vor. Herramenn í stuttbuxum voru áberandi á nokkrum sýningum fyrsta dagsins eins og hér má sjá.*




SAFT

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI



Heimili og skóli

www.saft.is

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu.

strætó.is

*Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á **www.straeto.is***

# Verkefnastjóri rafrænnar miðlunar og upplýsingatækni

Upplýsingatækni gegnir æ mikilvægara og veigameira hlutverki í þjónustu Strætó. Stefna fyrirtækisins miðar að því að allar upplýsingar til farþega og greiðsla fargjalda verði með rafrænum hætti í náinni framtíð.

Strætó bs. leitar að verkefnastjóra sem vill vinna fjölbreytilegt, krefjandi og spennandi starf við að móta og innleiða með okkur nýjungar á sviði rafrænnar miðlunar og upplýsingatækni almennt. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra og krefst erlendra samskipta.

### Starfssvið

- Rekstur, þróun og stefnumótun rafrænnar miðlunar og greiðslulausna
- Yfirumsjón annarra upplýsingakerfa og stýring á útvistun þeirra til fagaðila á því sviði
- Virk þátttaka í stjórnun og stefnumótun Strætó bs.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. verk-, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Menntun, þekking og/eða reynsla í verkefnastjórnun og stýringu flókinna verkefna
- Þekking, reynsla og innsæi í hagnýtri notkun rafrænna miðla
- Yfirgripsmikil þekking á upplýsingatækni og rekstri upplýsingakerfa
- Leiðtogahæfni, jákvæðni og þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum

*Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.* ***Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.*** *Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*
***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

13-2422 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# VALITOR ÓSKAR AÐ RÁÐA LÖGFRÆÐING

## Um er að ræða starf til a.m.k. ársloka 2014

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Fjölbreytt lögfræðiráðgjöf fyrir öll svið fyrirtækisins, s.s. samningagerð og lögfræðilegar álitsgerðir
- Samskipti við stjórnvöld
- Aðstoð við ábyrgðarmann um aðgerðir gegn peningaþvætti skv. lögum nr. 64/2006
- Eftirfylgni lagabreytinga
- Umsjón með innri endurskoðun sem er útvistuð
- Viðkomandi vinnur náið með forstjóra og framkvæmdastjórn og heyrir undir yfirlögfræðing

### Menntun og hæfniskröfur

- Kandídats- eða meistarapróf í lögfræði
- A.m.k. þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af erlendri samningagerð er kostur

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** til **22. sept.** nk. Upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir, **kristin@hagvangur.is.**

HAGVANGUR

Valitor hf. er lánafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og hefur heimild til veitingar greiðsluþjónustu og útgáfu rafeyris á grundvelli sömu laga. Valitor er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki: sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína og stefnir að frekari vexti á erlendum mörkuðum. Gildin okkar, forysta, frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

13-2422 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# VÉLAMAÐUR - HAFNARFIRÐI

VEGAGERÐIN

**Starf vélamanns á þjónustustöðinni í Hafnarfirði eru laust til umsóknar.**
**Um 100% starf er að ræða. Yfir vetrartímann er unnið aðra hvora viku frá kl. 4:00 til 12:30 og aðra hvora viku frá 12:30 til kl. 21:00. Annan tíma ársins er unnin hefðbundin dagvinna.**

**Starfssvið**
- Viðhald og þjónusta vega, vegganga og vegbúnaðar á starfssvæði Vegagerðarinnar á Suðursvæði
- Afleysingar í vaktstöð við vöktun á rafrænum veg- og tækjabúnaði
- Ýmis vinna í starfsstöð í Hafnarfirði

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Almennt grunnnám, stúdentspróf eða samsvarandi er kostur
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Meirapróf bifreiðastjóra
- Vinnuvélaréttindi
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

***Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskyldar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.***

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 23. september 2013.**
Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

---

**Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.**
**Nánari upplýsingar um starfið veita Bjarni Stefánsson í síma 522 1461 og Jóhann B. Skúlason í síma 522 1462**
**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

# Skíðaþjálfari

Skíðafélag Akureyrar óskar eftir að ráða þjálfara fyrir næsta vetur fyrir 12-15 ára eða 16 ára og eldri. Æfingar eru 5-6 daga í hverri viku og svo eru oft mót um helgar.

**Upplýsingar gefur Dagbjartur í síma 660-1075**

# Mötuneyti!

Skólamatur óskar eftir að ráða starfsfólk í skólamötuneyti í Kópavogi og afleysingar í skólamötuneyti á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutíminn er frá 8.30-14.00.

Umsóknir berist á fanny@skolamatur.is

Sími 420 2500 I skolamatur@skolamatur.is
skolamatur.is

SKÓLA MATUR
Hollt, gott og heimilislegt

Capacent Ráðningar

# FORSTÖÐUMAÐUR ÚRSKURÐARNEFNDAR

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir laust embætti forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Forstöðumaður er skipaður frá 1. janúar 2014 af umhverfis- og auðlindaráðherra til fimm ára. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011 og hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna ákvarðana stjórnvalda og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála, svo sem á sviði skipulags- og byggingarmála, mengunar- og hollustuháttamála og mats á umhverfisáhrifum. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.**

**Forstöðumaður** stýrir starfi úrskurðanefndarinnar og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann er jafnframt formaður nefndarinnar. Forstöðumaður er í forsvari fyrir nefndina út á við, ákvarðar hvernig úrskurðarnefndin er skipuð í hverju máli og ræður annað starfsfólk nefndarinnar.

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hefur lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt
- Starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 12.gr. laga nr. 15 /1998
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Öguð og skilvirk vinnubrögð
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

# Kerfisumsjón - notendaþjónusta

**566160**
**Öflugt og framsækið þjónustufyrirtæki á ráðgjafasviði óskar eftir að ráða starfsmann í kerfisstjórateymi félagsins.**

Í starfinu felst kerfisumsjón upplýsingakerfa félagsins, uppsetning tækja og hugbúnaðar, notendaaðstoð auk annarra verkefna.

Kostur ef viðkomandi er með BS próf í tölvunarfræði eða aðra sambærilega menntun. Góð þekking, reynsla og áhugi á upplýsingamálum er skilyrði auk mikillar færni í mannlegum samskiptum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

INNX Innréttingar

InnX innréttingar ehf. er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki á innréttinga-, húsgagna- og skrifstofuhúsgagnamarkaði. Áhersla er lögð á að bjóða viðskiptavinum hágæða vörur, hagstæð verð og framúrskarandi þjónustu.

**InnX innréttingar ehf. óska eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að metnaðarfullum, ábyrgum aðila með skýra sýn á viðskiptatækifæri og reynslu af rekstri og uppbyggingu fyrirtækis.**

**Starfssvið:**
- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri
- Stefnumótun í samráði við eigendur
- Endurskipulagning og uppbygging
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Efla vöxt fyrirtækisins og leita nýrra viðskiptatækifæra
- Stjórnun starfsmannamála

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Þekking og reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Frumkvæði og ákvarðanataka
- Haldgóð þekking og reynsla af sölu- og markaðsmálum

**Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

# Vertu með í kröftugu liði Samskipa

## VIÐSKIPTASTJÓRI

### Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í útflutningsdeild

**Starfssvið**
- Sala og kynning á þjónustu útflutningsdeildar
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun á háskólastigi æskileg
- Haldgóð reynsla af sölustarfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Kappsemi og metnaður til að ná árangri

**Umsóknarfrestur er til og með 15. september**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið rökstudd.
Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

# Geislafræðingar
# Krabbameinsfélag Íslands

Krabbameinsfélag Íslands óskar eftir að ráða geislafræðinga til starfa á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Starfshlutfall er 60% eða eftir nánara samkomulagi. Vinnuferðir út á land eftir samkomulagi. Ráðið verður í störfin frá og með 1. janúar n.k.

Umsækjendur skulu hafa fullgild réttindi sem geislafræðingur. Auk fagþekkingar er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta og samvinnu og reynsla af röntgenmyndum brjósta er æskileg, en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Þröstur Árni Gunnarsson fjármála- og starfsmannastjóri í síma 540 1900 eða tölvupósti throstur@krabb.is

Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins á netfangið throstur@krabb.is fyrir 21. september 2013.

Krabbameinsfélagið

Krabbameinsfélag Íslands
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík

Sími 540 1900
www.krabb.is
krabb@krabb.is

HOTEL ÓÐINSVÉ ★★★★

# Starfsmaður í móttöku

Fjölbreytt og skemmtilegt starf á líflegum vinnustað.

**Óskum eftir að ráða starfsmann í fullt starf. Starfið er vaktavinna í móttöku á dagvöktum og stundum um helgar.**

Umsækjandi þarf að hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun, ríka þjónustulund, góða framkomu, færni í samskiptum, haldgóða tölvukunnáttu, og tala og skrifa íslensku, hafa gott vald á ensku og helst einu öðru tungumáli. Starfsreynsla er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd á Hótel Óðinsvé, Óðinstorgi, 101 Reykjavík, eða á bh@odinsve.is fyrir 12. september nk. merkt **„Starfsumsókn"**.

# ÖRYGGISGÆSLA Í KRINGLUNNI

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups.***

- Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.
- Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Viðkomandi þarf að hafa fullt vald á íslensku máli, jafnt talmáli sem og rituðu máli.
- Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti benedikt@hagar.is fyrir 13. september.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## SÖLU- OG KYNNINGARFULLTRÚI

Grand HÓTEL REYKJAVÍK




Grand Hótel Reykjavík óskar eftir starfsfólki í tímabundið sölu- og markaðsátak.

**Hæfniskröfur**
Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta
Reynsla af sölustörfum æskileg en ekki skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 20. september.**

Umsóknir skulu sendast á **gullklubburinn@grand.is**.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík / grand.is



# VEGNA STÓRAUKINNA UMSVIFA ÆTLUM VIÐ AÐ BÆTA VIÐ STARFSFÓLKI

LUXOR

### Rafeindavirki á verkstæði LUXOR

Starfsmaður sér um verkstæði okkar. Verkstæðið þjónustar leiguna fyrst og fremst en einnig aðra viðskiptavini þegar það á við.

Helstu verkefni:
- Viðgerðir á tækjum tækjaleigunnar, ljósabúnaði og
- öðrum raftækjum
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Skráning viðhalds og viðgerða í leigukerfi LUXOR (Easy Job)
- Minniháttar sérsmíði

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rafeindavirkjun
- Þekking á tækjum tengdum tónleikum, sviðslistum, viðburðahaldi og kvikmyndabúnaði er kostur
- Reynsla af ál- og járnsmíðavinnu
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Brennandi áhugi og frumkvæði

### Verkefnastjóri, kvikmyndadeild

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í uppbyggingu tækjaleigunnar LUXOR sem er alhliða tækjaleiga og tækjasala fyrir kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinn, viðburða- og tónleikafyrirtæki, leikhús, stofnanir og önnur fyrirtæki.

Helstu verkefni:
- Tilboðsgerð við tæknilegar lausnir verkefna
- Utanumhald á verkefnum
- Stuðla að jákvæðum og árangursríkum samskiptum við viðskiptavini, birgja og samstarfsmenn

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Tæknileg þekking á úrlausnum verkefna tengdum kvikmyndagerð
- Reynsla við gerð kvikmynda (grip-, ljósa- eða kvikmyndatökudeild)
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Brennandi áhugi og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskipta- og skipulagshæfni, jákvæðni og stundvísi

### Starfsmaður í móttöku

Starfsmaður er ábyrgur fyrir daglegum samskiptum við viðskiptavini.

Helstu verkefni:
- Síma- og tölvupóstsvörun á opnunartíma leigunnar
- Tilboðsgerð í smærri verkefni
- Skráning tækja í og úr verkefnum
- Útskuldun verkefna að verkefni loknu
- Sala á vörum í verslun
- Umsjón lagerhalds í leigukerfi LUXOR

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Þjónustulund
- Nákvæmni í starfi og öguð vinnubrögð
- Þekking á skipulagi lagera
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Brennandi áhugi og frumkvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**LUXOR er hluti af Sagafilm, stærsta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði sjónvarpsefnis, kvikmynda og viðburða. Umsóknir berist Sagafilm, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, merktar LUXOR VERKEFNASTJÓRI, MÓTTAKA eða VERKSTÆÐI fyrir 14.9.2013 eða í gegnum tölvupóst á mottaka@sagafilm.is**

# Starfagátt STARFs

## Atvinnuleitendur

**Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs**

**www.starfid.is**

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is


# Fjölbreytt störf á tæknisviði

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingum í spennandi og fjölbreytt störf á tæknisviði.

### Sérfræðingur á tæknisviði

Starfið felst í uppsetningu og tæknivinnu við IP-myndavélakerfi og samtengingu myndavélakerfa yfir net. Leitað er að öflugum starfsmanni sem hefur reynslu af rekstri staðarneta og víðtæka þekkingu á netkerfum.

**Hæfniskröfur:**

- Kerfisstjóri/netstjóri eða sambærileg þekking
- Reynsla af rekstri staðarneta og uppsetningu búnaðar á IP-neti
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði

### Nemar á tæknisviði

Fjölbreytt og spennandi verkefni fyrir nema í rafiðngreinum.

**Hæfniskröfur:**

- Að nám í grunndeild rafiðna sé hafið

### Starfsmenn á tæknisviði

Starfið felst í uppsetningu og þjónustu við öryggiskerfi, s.s. innbrotaviðvörunarkerfi, brunaviðvörunarkerfi, slökkvikerfi, aðgangsstýringarkerfi og myndavélakerfi.

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar er æskilegt
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið **atvinna@oryggi.is**, merkt „**Tæknisvið**“.

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2013.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vakin er athygli á því að allt starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar þarf að skila inn sakavottorði.

PIPAR\TBWA • SÍA • 132544

**Forysta, umhyggja og traust eru þau gildi sem Öryggismiðstöðin leggur áherslu á og starfar eftir.**

Öryggismiðstöðin er framsækið og kraftmikið þjónustufyrirtæki sem býður upp á lausnir á sviði öryggis og velferðar fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin leitast við að ráða til sín framúrskarandi starfsfólk sem sýnir ábyrgð, mikla þjónustulund og frumkvæði í starfi og getur þannig stuðlað að framþróun fyrirtækisins. Lögð er áhersla á góða vinnuaðstöðu og tækifæri til starfsþróunar innan fyrirtækisins.

VR Fyrirtæki ársins 2010 · VR Fyrirtæki ársins 2011 · VR Fyrirtæki ársins 2012 · VR Fyrirtæki ársins 2013

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf

**sýningarstjóra sýningar um listrænan menningararf í Þjóðmenningarhúsinu.**

Ráðið er í starfið tímabundið til 6 mánaða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. nóvember næstkomandi.

**Starfssvið:**

- Sýningarstjóri er verkefnisstjóri heildstæðrar grunnsýningar um listrænan arf sem varðveittur er í þjóðmenningarstofnunum Íslands. Á sýningunni verður fjallað um íslenska listasögu og sjónrænan menningararf. Sýningarstjóri stýrir og samræmir störf sýningarnefndar sem starfar í umboði verkefnisstjórnar grunnsýningar sem skipuð er forstöðumönnum Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókasafns- Háskólabókasafni og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sýningarnefndin er fagnefnd skipuð sérfræðingum viðkomandi stofnana. Hlutverk hennar er að móta grunnhugmynd sýningarinnar og taka þátt í sýningargerðinni. Verkefnið er unnið undir yfirstjórn þjóðminjavarðar sem er formaður verkefnisstjórnar. Ráðgert er að sýningin opni árið 2014.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði safnafræða og/eða listasögu, menningasögu, lista og hönnunar.
- Góð reynsla af verkefnisstjórnun.
- Umtalsverð reynsla af sýningarstjórnun innanlands og /eða erlendis.
- Reynsla á fagsviði lista- og/eða menningarminjasafna.
- Góð tök á íslensku og ensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður í síma 8612200.

*Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.*

*Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar.*

**Umsóknarfrestur er til og með 1. október n.k.** Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og meðmælendur berist til Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 43, 101 Reykjavík eða rafrænt á póstfangið **margret@thjodminjasafn.is** og **gudrun.gardarsdottir@thjodminjasafn.is**

Starfsmaður taki þátt í því að Þjóðminjasafn Íslands nái markmiðum sínum sem vísinda-og þjónustustofnun. Starfsmaður leggi áherslu á góða þjónustu og ráðgjöf, fagleg og ábyrg vinnubrögð og jákvætt skapandi andrúmsloft á vinnustað.



# KENNSLA OG RANNSÓKNIR Í FJÁRMÁLUM OG ENDURSKOÐUN

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík leitar að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til að sinna kennslu og rannsóknum á sviði fjármála og/eða endurskoðunar. Starfsheiti (aðjúnkt, lektor, dósent eða prófessor) verður ákvarðað að loknu matsferli.**

**Viðskiptadeild býður upp á grunnnám í viðskiptafræði auk meistaranáms með áherslu á fjármálastjórnun, stjórnunarreikningsskil og endurskoðun. Viðfangsefni geta m.a. verið á sviði reikningsskila, endurskoðunar, rekstrargreiningar, áhættustjórnunar, viðskiptakerfa, verðmats, alþjóðlegra fjármála eða ferilsstjórnunar.**

**Við leitum að einstaklingi með:**

- Reynslu af háskólakennslu á meistarastigi í fjármálum, stjórnunarreikningsskilum og/eða endurskoðun
- Metnað til að starfa að uppbyggingu og þróun á gæðum kennslu og getu til að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum
- Doktorspróf á viðeigandi fræðasviði
- Reynslu í birtingu fræðigreina á sviðum fjármála, stjórnunarreikningsskila og/eða endurskoðunar í alþjóðlegum fræðitímaritum
- Hugmyndir að rannsóknarverkefnum á þessum sviðum
- Skilning á tengslum háskólanáms, rannsókna og þörfum viðskiptalífsins

Nánari upplýsingar veita: Páll Ríkharðsson, forstöðumaður meistaranáms í fjármálum og endurskoðun, (pallrik@ru.is) og Þóranna Jónsdóttir, deildarforseti viðskiptadeildar, (thoranna@ru.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2013.**
Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík á vefnum **ru.is/lausstorf**.
Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir skólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3400 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**
REYKJAVIK UNIVERSITY

**www.hr.is**

**Debenhams er langstærsta verslun með hágæða tískuvöru á Íslandi, á fjórða þúsund fermetrar á tveimur hæðum í Smáralind.**

**Í Debenhams fást nú öll helstu merki tískuvöru í heiminum í dag. Um helmingur varanna eru merki Debenhams, s.s.** Red Herring, Maine, Collection, Petite Collection, Blue Zoo, Ted Baker

Auk þess vinna þekktir fatahönnuðir undir merkinu **Designers at Debenhams.** Þeir eru John Rocha, Jasper Conran og Julian Mcdonald, Ben de Lisi.

**Meðal annarra þekktra alþjóðlegra merkja í Debenhams má nefna:** Mexx, Esprit Collection, Esprit Casual, Esprit EDC, Part Two, Gerry Weber, Tamaris, Warehouse, Femilet, Triumph, Just Female, Second Female, Taifun, Lindbergh, Bison, Ticket To Heaven, Hummel, Mac, Estee Lauder, Clinique, Shiseido, Boujois, Elizabeth Arden, Lancome, Helena Rubenstein, Biotherm, Kanebo, Clarins, Christian Dior

# Viltu vinna í Debenhams?

## Okkur vantar stílista

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



### Hæfniskröfur:

- Stílistanám - æskilegt en ekki nauðsynlegt
- Brennandi áhuga á tísku
- Rík þjónustulund
- Metnaður og stundvís
- Jákvæðni

Umsóknir berist til asthildur@debenhams.is
Umsóknarfrestur er til og með 13. september

DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra

# Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**

- Leikskólakennari á leikskólann Efstahjalla
- Matráður á leikskólann Arnarsmára
- Starfsfólk í dægradvöl í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í dægradvöl í Snælandsk.

**Velferðarsvið**

- Ráðgjafi í Áttuna - uppeldisráðgjöf
- Ráðgjafi í málefnum fatlaðra
- Starfsfólk í íbúðakjarna fyrir fatlaða
- Starfsfólk á sambýli fyrir fatlaða
- Liðveitandi, persónulegur ráðgjafi og tilsjón

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is




Sölu- og markaðsstjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdaráði fyrirtækisins.

**Helstu verkefni**

- Stjórnun sölusviðs
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Markaðsmál og markaðsgreiningar
- Samningagerð
- Þátttaka í þróun þjónustulausna

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun er kostur
- Reynsla og þekking af sölu og markaðsmálum
- Frumkvæði og hæfni til að greina tækifæri
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og góðir samskiptaeiginleikar
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Góð tungumálaþekking skilyrði, sérstaklega íslenska og enska, norðurlandamál er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk. Umsækjendur sendi umsókn á starfsmannastjóra ISS, Sigríði Héðinsdóttur á netfangið sigridur.hedinsdottir@is.issworld.com. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Umsækjendur eru beðnir að senda ítarlega starfsferilsskrá með kynningu þar sem viðkomandi gerir grein fyrir hæfni í starfið.

*ISS Ísland er stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði fasteignaumsjónar, sem felur í sér ræstingar, umsjón mötuneyta og fasteignaumsýslu. ISS Ísland er traustur vinnuveitandi, starfar um allt land og hefur um 800 manns í vinnu. ISS Ísland er hluti af alþjóðlegu fyrirtæki ISS A/S sem starfar í 53 löndum og er fjórði stærsti einkarekni atvinnunuurekandi í heiminum.*

ISS Ísland ehf • Austurhraun 7 • 210 Garðabær • 5800 600

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

*A WORLD OF SERVICE* ISS

Umboðsmaður Alþingis

# Lögfræðingur

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða lögfræðing til starfa hjá embættinu.

Leitað er að einstaklingi með embættispróf í lögfræði eða grunnnám í lögfræði auk meistaraprófs í greininni auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi lagt sig eftir stjórnsýslurétti eða skyldum greinum í námi eða hafi starfsreynslu á því sviði.

Um er að ræða krefjandi starf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á að umsækjendur geti unnið sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna og hafi gott vald á ritun texta á íslensku.

Þeir sem uppfylla ofangreindar hæfniskröfur og áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að senda inn umsókn, einnig nýútskrifaðir lögfræðingar. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og annað skal senda á netfangið postur@umb.althingi.is eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Þórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík, merkt: **„Starfsumsókn - lögfræðingur"**. Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk. Upplýsingar um starfið eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 510 6700.

Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og sinnir því með úrvinnslu kvartana og málum sem hann tekur upp að eigin frumkvæði. Í störfum hjá umboðsmanni Alþingis reynir því á reglur um hin ýmsu svið stjórnsýslunnar auk lögfræðilegra álitaefna á sviði stjórnskipunar og mannréttindareglna. Embættið býr yfir góðu lögfræðibókasafni á sínu sviði og starfsfólk er hvatt til endurmenntunar. Nánari upplýsingar um starf umboðsmanns Alþingis má sjá á vefsíðu embættisins: www.umbodsmadur.is

Þórshamri, Templarasundi 5 - 101 Reykjavík
Sími 510 6700 - Fax 510 6701 - postur@umb.althingi.is

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## Dogma opnar nýja verslun í Kringlunni.

Við auglýsum því eftir starfsmanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax, vera 18 ára eða eldri, reyklaus, og hafa reynslu af afgreiðslustörfum.

Umsókn með mynd sendist á dogma@dogma.is

DOGMA

## Mötuneyti!

Skólamatur óskar eftir að ráða starfsfólk í skólamötuneyti í Kópavogi og afleysingar í skólamötuneyti á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutíminn er frá 8.30-14.00.

Umsóknir berist á fanny@skolamatur.is

Sími 420 2500 | skolamatur@skolamatur.is
skolamatur.is

SKÓLA MATUR
Holt, gott og heimilislegt

## Dósent í byggingarverkfræði

**Laust er til umsóknar starf dósents í byggingarverkfræði við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands** með jarðskjálftaverkfræði sem sérsvið.

**Umhverfis- og byggingarverkfræðideild** er ein sex deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Við deildina stunda ríflega 200 stúdentar nám, þar af um 70 framhaldsnemar, bæði meistara- og doktorsnemar. Við deildina starfa um 15 akademískir starfsmenn. Deildin hefur sterk alþjóðleg tengsl og mörg rannsóknaverkefni eru unnin í víðtæku samstarfi hérlendis og erlendis. Rannsóknir deildarinnar eru á sviðum jarðskjálftaverkfræði, mannvirkjahönnunar, samgangna, jarðtækni, umhverfisverkfræði, straumfræði og skipulags.

**Markmið deildarinnar** eru að styrkja enn frekar rannsóknir í jarðskjálftaverkfræði með því að viðhalda frjóum og alþjóðlegum rannsóknarvettvangi með sterkum hóp framhaldsnema.

**Hæfniskröfur:**

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í byggingarverkfræði með áherslu á jarðskjálftaverkfræði. Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigurður Magnús Garðarsson**, prófessor og forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar í síma **525 4659**, netfang **sigmg@hi.is**.

Sjá nánar **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/laus_storf**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 132524




Magni Sigurður Sigmarsson, sérfræðingur

## Viðmótsgóður sérfræðingur í vefþróun

Síminn leitar að viðmótssérfræðingi í Vefþróunardeild. Um er að ræða spennandi og skapandi starf þar sem viðkomandi hefur umsjón með þróun á þjónustuvef Símans og öðrum afgreiðsluvefviðmótum fyrir viðskiptavini. Við erum að leita að snillingi með brennandi áhuga á hönnun og tækni sem getur tekið þátt í þróun á núverandi lausnum.

**Menntun og reynsla:**

- Æskilegt er að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi á sviði sem nýtist í þessu starfi
- Reynsla af þarfagreiningu og hönnun vefviðmóta skilyrði
- Reynsla af framendaforritun kostur
- Þekking á Agile aðferðafræði kostur
- Góð enskukunnátta er skilyrði

**Persónueiginleikar:**

- Frumkvæði og framsýni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mikil samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi
- Brennandi eldmóður
- Heilindi og jákvæðni

Umsóknarfrestur er til og með 17. september 2013

Fyrirspurnir berist til Halldóru Jónsdóttur (halldoraj@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM58602

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

# Sérfræðingur í vörustjórnun og innkaupum

ÁTVR óskar eftir að ráða starfsmann í vörustjórnun og innkaup.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Pantanir í AGR og Navision
- Samskipti við birgja og verslanir
- Greining og áætlanagerð

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á innkaupa- og birgðastýringarkerfum
- Reynsla af áætlanagerð eða verkefnastjórnun
- Góð hæfni í samskiptum og hópvinnu
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Gildi ÁTVR eru **LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ.** Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Starfshlutfall er 100%

**Nánari upplýsingar veitir:**
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **22. september** nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinbudin.is**

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

HAGVANGUR

# Vefforritun

**Tækifæri til að eignast þriðjung í nýju sprotafyrirtæki.**

Framlag vefforitara er fyrst og fremst hönnun og forritun á heimasíðu fyrirtækisins i upphafi og áframhaldandi þróun á henni.

Gert er ráð fyrir um 80 til 120 klst. vinnuframlagi í upphafi og síðan um 8 klst. á mánuði. Einnig þarf að hanna, þróa og forrita app.

Gæti hentað vefforritara sem hefur annað starf að aðalstarfi og myndi vinna verkefnið í frítíma gegn 33% eignaraðild.

Við viljum fá í hópinn hugmyndaríkan einstakling sem hefur heiðarleika og vinnusemi í fyrirrúmi.

Áhugasamir sendi tölvupóst á hjasol@gmail.com
eða hringja í síma 840-3993. Fullum trúnaði heitið.
**Umsóknarfrestur 15. september.**

## STARFSFÓLK Í UPPVASK

Grand HÓTEL REYKJAVÍK




**Okkur vantar starfsfólk í uppvask.** Einnig aukafólk.
Um er að ræða 100% starf og unnið er á vöktum.

**Æskilegt er að umsækjendur:**
- Hafi reynslu af vinnu í eldhúsi.
- Tali íslensku og ensku
- Séu skipulagðir, stundvísir, hafi metnað og geti unnið sjálfstætt.
- Geti unnið undir álagi.

**Umsóknir skulu sendast á starf@grand.is**

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík / grand.is

# Útstillingahönnuður



## 66°NORÐUR leitar að dugnaðarforki sem vinnur vel með öðru fólki og veit hvernig vont veður á að líta út.

**Starfið felst í hönnun útstillinga, innanbúðar og í gluggum verslana, í nánu samstarfi við vörustjóra, hönnunardeild og markaðsdeild. Hönnuðurinn sinnir einnig þjálfun sölufólks og verslunarstjóra í vöruframsetningu.**

**66°NORÐUR hefur verið í fararbroddi í framleiðslu útivistarfatnaðar á Íslandi allt frá árinu 1926. Við bjóðum skemmtilegt og krefjandi starf hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.**

## Hæfniskröfur:

- Menntun í útstillingahönnun eða sambærilegu fagi
- Reynsla af sambærilegum störfum erlendis
- Rík sköpunar- og skipulagsgáfa
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Miklir samskiptahæfileikar
- Brennandi áhugi á útivist er mikill kostur

**Áhugasamir sæki um á www.radum.is fyrir 15. september.**

**Nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519 6770.**

66° NORÐUR

# ATVINNA

Reykjanesbær leitar að skjalastjóra

**Starfssvið:**
- Ábyrgð og umsjón með þróun skjalastefnu og verklags við skjalastjórnun
- Umsjón með frágangi skjalasafns og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn
- Skipulagning og framkvæmd fræðslu um skjalamál
- Skönnun erinda og skráning í málaskrá

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmni í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

**Umsóknum skal skila rafrænt inn á vef Reykjanesbæjar undir laus störf. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

**Umsjón með ráðningu hafa Guðrún B. Guðmundsdóttir, skjalastjóri, gudrun.b.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is og Þórey I. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, thorey.i.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Hár & Dekur

Óskum eftir hársnyrtisvein/meistara til starfa.

Einnig er laus aðstaða fyrir naglafræðing og herbergi til útleigu fyrir nuddara eða aðra starfsemi.

**Umsóknir má senda á harogdekur@simnet.is**

---

NPA AÐSTOÐ

## NPA - Aðstoð

**Ég auglýsi eftir aðstoðarkonu til starfa í 50 prósent vinnu.**

Ég er fötluð kona bý í Árborg og stunda nám við Fræðslunet Suðurlands. Starfið felst í að vera persónuleg aðstoðarkona þar sem ég þarf aðstoð í samfélaginu og við námið.
Ég er að leita að persónu sem er traust, sveigjanleg, sjálfsörugg og með þægilega nærveru. Mikilvægt er að umsækjandi sé reyklaus og hafi bílpróf. Ég hef áhuga á fólki, listsköpun, bókmenntum og ensku.

Starfið byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Hægt er að kynna sér hugmyndafræðina og notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á heimasíðu NPA miðstöðvarinnar á **www.npa.is.** Starfið er laust nú þegar. Fyrirspurnir og umsókn ásamt ferilskrá og meðmælendum sendist á netfangið **stora@simnet.is.**

---

# ÁHUGAVERÐ FRAMTÍÐARSTÖRF




## Húsasmiðjan vill ráða öfluga starfsmenn í vöruhús fyrirtækisins í Holtagörðum og á þungavörulager í Kjalarvogi

**Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst**

### Ábyrgðarsvið
- Almenn lagerstörf
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur
- Lyftararéttindi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Reynsla af vinnu í vöruhúsi kostur



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 15. sept. n.k.**
**Til Guðrúnar Kristinsdóttur**
**gudrunk@husa.ia**
**Öllum umsóknum verður svarað**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

---

# Leikskólakennarar

**Við leitum að leikskólakennara sem vill vinna með öðrum leikskólakennurum í teymi um það sem lög og reglugerð kalla sérkennslu**

Við bjóðum grunnlaun sem jafnast á við kjör deildarstjóra hjá sveitarfélögunum. Starfið er því tilvalið fyrir leikskólakennara sem hyggjast einbeita sér að sérkennslu í framtíðinni án þess að lækka í launum. Teymisvinnan veitir stuðning og öryggi, er hvetjandi og til þess fallin að gera faglegar aðstæður betri. Fyrir þá sem eru nýir í sérkennslu er teymið mikilvægt, fyrir þá sem hafa sérhæft sig er teymið grundvallaratriði.

**Viðbótarkennsla**:
Við tölum reyndar ekki um sérkennslu í Aðalþingi. Okkur finnst orðið vera aðgreinandi = flestir eru saman og sumir eru sér. Við störfum í anda hugmyndafræði um skóla fyrir alla og viljum sjá einstaklinginn sem barn sem hefur fyrst og fremst þarfir eins og önnur börn en kann svo að hafa einhverjar þarfir til viðbótar. Við tölum því um viðbótarkennslu í Aðalþingi, ekki sérkennslu og sérkennslubörn því við viljum ekki sjá greininguna koma labbandi þegar barnið kemur til okkar.

**Umsóknarfrestur** er til 20. september eða eftir samkomulagi. Hafðu samband við Hörð skólastjóra ef þig langar að forvitnast um starfsmöguleika í Aðalþingi. Síminn er 7703553 og netfangið er hordur@adalthing.is

LEIKSKÓLINN AÐALÞING

*Ef að kjör, starfsandi og fagmennska skipta máli....*
*...og ef þú vilt vinna með öðrum kennurum.*



---

Kaupfélag Skagfirðinga

Kaupfélag Skagfirðinga svf. er samvinnufélag í blönduðum rekstri. Helstu rekstrareiningar eru mjólkurafurðastöð, kjötafurðastöð, rekstur þjónustuverkstæða og verslunarrekstur. Dótturfélög KS eru FISK Seafood, Fóðurblandan, Vörumiðlun o.fl. Heildarvelta KS og dótturfélag er 28 milljarðar og starfsmenn eru rúmlega 700. Félagið leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð og að hagsmunir þess og íbúa héraðsins fari saman. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á **www.ks.is**

# Verslunarstjóri Eyri

Kaupfélag Skagfirðinga óskar eftir að ráða verslunarstjóra í verslunina Eyri á Sauðárkróki. Um er að ræða metnaðarfulla rekstrar- og þjónustuverslun með byggingavörur, rekstrarvörur og fleiri fjölbreytta vöruliði fyrir bændur, verktaka og íbúa þéttbýliskjarna í Skagafirði og nærsveitum.

### Starfs- og ábyrgðarsvið
- Rekstrarábyrgð og að fylgja stefnu félagsins m.a. í starfsmanna- og öryggsmálum
- Daglegt stýring verslunar, verkskipulag, starfsmannastjórnun og skipulag verslunar
- Innkaupastýring, verðstýring og tilboðsgerð
- Rekstraráætlanagerð, rekstrarupplýsingar til yfirstjórnar
- Samskipti og samningagerð við birgja og flutningsaðila

### Menntun og hæfniskröfur
- Iðnmenntun, rekstrarmenntun og/eða rekstrarreynsla ásamt starfsreynslu í byggingariðnaði
- Víðtæk þekking á bygginga- og landbúnaðarvörum
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli (dönsku/sænsku/norsku)
- Sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð og rík þjónustulund
- Fjármála-, rekstrar- og bókhaldsþekking er mikill kostur

## Upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 16. september.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Kerfisstjórn og tæknileg aðstoð

**1984 ehf vill ráða starfsmann í tæknilega aðstoð og kerfisstjórn. Starfið felst í almennri kerfisstjórn, forritun (scripting) og þjónustu við viðskiptavini.**

*1984 er stærsti vefhýsill á Íslandi. Við þjónum um 15% af íslenska markaðinum og tökum skyldur okkar mjög alvarlega. Við leggjum áherslu á að þjóna viðskiptavinum okkar dyggilega og af kurteisi, fagmennsku og algerum trúnaði.*

Umsækjandi þarft að vera mjög öguð persóna, lipur í samskiptum, tala mjög góða íslensku og hafa gott vald á ritaðri og talaðri ensku. Við leitum að manneskju sem hefur góða þekkingu á GNU/Linux, networking og Python.

Við bjóðum góð laun fyrir rétta manneskju.
**Umsóknarfrestur** er til 20. september, 2013.
Umsóknir sendist með tölvupósti á **atvinna@1984.is**

1984
– stóri bróðir hefur gætur á þér

# Lifandi og fjölbreytt störf við veitingaþjónustu Hörpu

KH veitingar óska eftir duglegu og lífsglöðu fólki í eftirtalin störf:

**Þjónar, barþjónar og uppvask.**

KH veitingar sjá um veitingarekstur í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi. Harpa er eitt glæsilegasta hús landsins og starfsumhverfið er einstaklega lifandi og fjölbreytt.

Umsóknir sendist á jona@horpudiskur.is.



KH VEITINGAR

MADISON
ILMHÚS – REYKJAVÍK

# Snyrtifræðingar & Förðunarfræðingar

**Madison Ilmhús** opnar í Aðalstræti í Reykjavík í byrjun október. Við óskum eftir snyrtifræðingum til að starfa á snyrtistofu okkar og förðunarfræðingum til að starfa í verslun við sölu á gæða ilmvötnum og snyrtivörum ásamt því að sinna förðun.

Við leitum eftir mjög hæfu fagfólki með góða tungumálakunnáttu í framtíðarstarf. Æskilegt er að hefja störf um næstu mánaðarmót.
Í boði er gefandi starf í frábærum hópi með vörur sem hafa ekki áður verið í boði á Íslandi en eru í algjörum sérflokki. Mikil áhersla er lögð á þjálfun og mun hún fara fram bæði erlendis og hérlendis.

**Umsóknarfrestur er til 13. september** og skal ferilskrá með mynd sendast á ***madison@madison.is***

**Madison Ilmhús • Aðalstræti 9 • 101 Reykjavík**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúar á Frístundaheimili

Vinnutími er frá 13.00 - 17.00.
**Menntunar og hæfniskröfur:**
**Frístundaleiðbeinendur:**
Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi æskileg
Hæfni í mannlegum samskiptum
**Stuðningsfulltrúar:**
Uppeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
Hæfni í mannlegum samskiptum
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Karlar jafnt sem konur á öllum aldri eru hvött til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar veitir Linda Hildur Leifsdóttir. Senda má fyrirspurnir á lindah@hafnarfjordur.is eða hafa samband við Skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5500.

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar **„Starfsfólk – börn og ungmenni“** eða með rafrænum hætti á **lindah@hafnarfjordur.is**

Skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent

# Skíðaþjálfari

Skíðafélag Akureyrar óskar eftir að ráða þjálfara fyrir næsta vetur fyrir 12-15 ára eða 16 ára og eldri. Æfingar eru 5-6 daga í hverri viku og svo eru oft mót um helgar.

**Upplýsingar gefur Dagbjartur í síma 660-1075**

---

Ós

**Barnaheimilið Ós**

Barnaheimilið Ós er foreldrarekinn leikskóli sem starfar í anda Hjallastefnunnar.

Á leikskólanum eru þrír kjarnar með alls 32 börnum.
Nú leitum við að tveimur leikskólakennurum/starfsmönnum til að vinna með yngri börnunum.

**Hæfnikröfur:**
- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg menntun
- Brennandi áhugi á að starfa með ungum börnum
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum æskileg
- Áhugi og vilji til að þróa starfið í samstarfi við samstarfsfólk og foreldra

**Nánari upplýsingar veitir Hulda leikskólastjóri í síma 5523277**

Áhugasamir sendi umsókn á os1@simnet.is
eða leitið upplýsinga í síma 5523277

---

HORNAFJÖRÐUR

FAS
FRAMHALDSSKÓLINN Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

## Bókasafns- og upplýsingafræðingur með kennsluréttindi

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) ásamt Hornafjarðarsöfnum auglýsa eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi, æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi.
Um er að ræða 100% ótímabundið stöðugildi við framhaldsskólann og Hornafjarðarsöfn. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, en eigi síðar en í janúar 2014.

**Starfslýsing**
Sér um rekstur bókasafns skólans
Annast bókakaup, flokkun, skráningu, frágang og útlán á gögnum safnsins
Sér um safnkynningar í samráði við kennara og aðstoðar nemendur og kennara við verkefnavinnu, heimildaleitir og gagnaöflun
Aðstoð við Héraðsskjalasafn Hornafjarðarsafna
Kennsla við Framhaldsskólann í áföngum sem lúta að rannsókna- og verkefnavinnu
Það sem fellur til innan safns og skóla í samvinnu við aðra starfsmenn

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
Reynsla í starfi bókasafns- og upplýsingafræðings
BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði ásamt kennsluréttindum
Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
Frumkvæði í starfi
Hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 25. september 2013**
Frekari upplýsingar veitir Vala Garðarsdóttir forstöðumaður Hornafjarðarsafna í síma 470 8052 eða á netfanginu vala@hornafjordur.is

Hornafjörður er blómstrandi 2200 manna samfélag. Höfn, stærsti þéttbýlisstaðurinn er öflugur útgerðarbær. Í sveitarfélaginu eru tveir grunnskólar og tveir leikskólar. Framhaldskóli og rannsóknasetur Háskóla Íslands eru í Nýheimum Menningamiðstöð Hornafjarðar ásamt almenningsbókasafni, starfstöðvum Matís, Nýsköpunarmiðstöðvar, Austurbrú framhaldsfræðslu og Búnaðarsambandi Suðurlands. Fjölbreytt félagsstarf er í sveitarfélaginu, ný almenningssundlaug, íþróttahús, líkamsræktarstöð og knatthús. Samgöngur eru greiðar, beint flug er til Hafnar og Strætó getur til Hafnar frá Reykjavík.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

---



## AKTIS lögmannsstofa óskar eftir lögfræðingum sem geta hafið störf sem fyrst

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt einkunnum úr grunn- og meistaranámi til Heiðrúnar Jónsdóttur, hdl., (heidrun@aktis.is) fyrir þann 20. september n.k.

Markmið AKTIS er að veita fyrirtækjum og stofnunum vandaða lögfræðiþjónustu og þjónusta viðskiptamenn AKTIS með öruggum, skilvirkum og hagkvæmum hætti.

AKTIS veitir fjölbreytta lögmannsþjónustu sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna af lögfræðistörfum bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Þjónustan er fyrst og fremst sniðin að þörfum fyrirtækja og stofnana.

Starfsmenn skrifstofunnar hafa mikla reynslu af lögmannsstörfum og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Starfsmenn skrifstofunnar hafa einnig reynslu og þekkingu sem kennarar og fræðimenn á háskólastigi og sem innanhússlögfræðingar hjá alþjóðlegum fyrirtækjum.

**Hæfniskröfur:**
- **Lokið meistaranámi**
- **Fyrsta einkunn úr grunn- og meistaranámi æskileg**
- **Lögmannsréttindi æskileg**
- **Gott vald á íslensku og ensku**
- **Vinnur vel undir álagi**
- **Góð samstarfs- og samskiptahæfni**
- **Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð**
- **Færni í rannsóknarvinnu og lögfræðilegri greiningu**

AKTIS
Lögmannsstofa
Ármúla 17, 108 Reykjavík, www.aktis.is

---

## Vilt þú taka þátt í að hjálpa fleiri heimilum að ná árangri í sínum rekstri?

Markmið okkar er að hjálpa öllum að verða skuldlausir á sem skemmstum tíma og stuðla að því að viðskiptavinir okkar öðlist meiri tíma og svigrúm til þess að geta átt gæðastundir með sínum nánustu í framtíðinni. Núna eru áhugaverð störf í boði hjá SPARNAÐI sem veitir ráðgjöf og þjónustu til að:

- Auka eignamyndun fólks í sínu húsnæði
- Bæta lífsgæði fólks með fjárhagslegri ráðdeild
- Tryggja framtíð viðskiptavina SPARNAÐAR með fyrirbyggjandi aðgerðum í lífeyrismálum

Eftirfarandi störf eru í boði bæði í höfuðstöðvum **Sparnaðar í Kópavogi** og **útibúi okkar á Akureyri**:

### 1. Ráðgjafar

| Starfssvið | Helstu hæfniskröfur | |
|---|---|---|
| Kynningar á ráðgjöf og þjónustu Sparnaðar<br>Bein ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna<br>Eftirfylgni og þjónusta<br>Öflun sambanda við hugsanlega skjólstæðinga | Framúrskarandi samskiptahæfni og samningatækni<br>Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni | Áhugi á því að ná árangri hvað varðar hagsmuni viðskiptavina<br>Reynsla af störfum sem reyna á mannleg samskipti |

### 2. Aðstoðarmaður ráðgjafa

| Starfssvið | Helstu hæfniskröfur | |
|---|---|---|
| Samskipti við einstaklinga í símaveri Sparnaðar<br>Frumvinnsla fyrir ráðgjafaþjónustu<br>Ýmis tilfallandi aðstoð fyrir ráðgjafa | Framúrskarandi samskiptahæfni<br>Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni | Áhugi á því að ná árangri hvað varðar hagsmuni viðskiptavina<br>Reynsla af störfum sem reyna á mannleg samskipti |

Starfsfólk Sparnaðar ehf. starfar með það að leiðarljósi að benda á leiðir fyrir heimilin í landinu til að hraða eignamyndun og tryggja sér örugga afkomu á efri árum. Til þess að geta starfað við ráðgjöf hjá Sparnaði ehf. þurfa viðkomandi aðilar að gangast undir viðamikla kennslu sem lýkur með hæfnisprófi í gegnum kennslukerfi Sparnaðar ehf. Þekkingu er viðhaldið með reglulegum námskeiðum og prófum.

Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk. Sækja skal um á heimasíðu Sparnaðar, sparnadur.is, eða með því að senda umsókn ásamt ferilskrá á atvinna@sparnadur.is

Holtasmára 1, 201 Kópavogur
Kaupvangsstræti 4, 600 Akureyri
Sími: 5772025 www.sparnadur.is

SPARNAÐUR

# Administration and Finance Manager

**The International Modern Media Institute** (IMMI) is an Iceland-based non-profit civil society organization, working on rethinking media regulation, securing free speech and defining new operating principles for the global media in the digital age. IMMI strives to better protect freedom of expression the world over by researching best practices in law and promoting their widespread adoption, while providing technical infrastructure when appropriate legal remedies are insufficient. Since its founding, IMMI has worked on law, policy, technical infrastructure, capacity-building, outreach and education world-wide, concentrating on lobbying efforts, local capacity building and training, spanning political and technical roles. IMMI believes that "government shall guarantee conditions that are conducive to open and informed public discussion".

The Institute is seeking to hire a Administration and Finance Manager, with special focus on international development grants management.

The Manager will be responsible for the daily administrative management of of IMMI and its office in Iceland, management of contracts, procurement, subcontracting, financial management and reporting, and general administrative support of IMMI's programs.

S/he will develop and track budgets and control all financial transactions and reporting of IMMI's development grants as well as the daily operations of IMMI 's finances.

The Manager will work in collaboration with program staff as well as bookkeeper and accountants of the Institute and be responsible for annual administrative and financial reports.

**The applicant will ideally have the following qualifications and skills:**

- Graduate degree in accounting or business administration from an accredited university
- Minimum 3-5 years of relevant administration and finance management experience and project administration
- Experience administering grants under int. development contracts or similar skills preferred
- Accuracy, attention to detail, commitment to transparency
- At least 3 years of experience in financial management
- Experience analyzing planning, monitoring, and realigning budgets
- Skilled in managing and compiling financial data for reporting and ensuring compliance with all donor requirements
- Excellent computer skills as they relate to financial management
- Ability to communicate professionally and provide written reporting in English and Icelandic required

Please submit enquiries and applications by email to: **jobs@immi.is** before September 20, 2013.

**All inquiries and applications are confidential.**

INTERNATIONAL MODERN MEDIA INSTITUTE

## Sportís Verslun

auglýsir eftir starfskrafti. Við leitum að konu á aldrinum 25-40 ára. Reynsla við sölustörf og áhugi á sporti og útivist er mikill kostur.

**Skilyrði eru:**

- Hress persónuleiki .
- Jákvæðni .
- Góð mannleg samskipti .
- Heiðarleiki.

Allar umsóknir berast til Jóhanns K. verslunarstjóra á www.johann@sportis.is

**Umsóknarfrestur rennur út þann 15.09.2013**

## - Kranastjórnandi -

**Smákranar ehf. óska eftir stjórnanda á krana í fullt starf hjá fyrirtækinu.**

**Hæfniskröfur eru að:**

- viðkomandi hafi gilt vinnuvélapróf og geti starfað á smákrana og 25t bílkrana
- hafi reynslu við stjórnun krana/vinnuvéla

Kostur er að viðkomandi hafi meirarpróf og sé laghentur við ýmsar viðgerðir og sem til fellur. Uppslýsingar í síma 699-4241 og hægt er að senda umsókn og starfsferilsskrá á ese@smakranar.is

SMÁKRANAR EHF
smáir en knáir!
www.smakranar.is S: 699 4241

## Við leitum að bestu Sölufulltrúum landsins!

Ef þú ert hress, opinn, árangusdrifinn og hugmyndaríkur einstaklingur í leit að nýjum áskorunum, þá erum við að leita að þér.
Endilega sendu okkur umsókn og við munum hafa samband við þig.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Þú þarft að vera eldri en 20 ára.
Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.
Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
Reynsla af sölustörfum er kostur.

**Við bjóðum:**
Góð laun fyrir rétta aðila.
Markvissa starfsþjálfun.
Möguleika á vexti innan fyrirtækisins.
Skemmtilegt starfsumhverfi.

Sendu okkur umsókn á atvinna@hringtorg.is

HRINGTORG

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.**

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

**Óskað er eftir starfskrafti í 85% vaktavinnu á virkum dögum kvöld og dagvaktir og starfsfólki á helgarvaktir**

Starfið felur í sér einstaklingsmiðaðan stuðning við athafnir daglegs lifs og heimilishald.
Vegna sérstakra aðstæðna er eingöngu óskað eftir kvenfólki til starfa.

**Hæfniskröfur:**
• Góð almenn menntun.
• Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
• Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
• Hreint sakavottorð skilyrði.
• Bílpróf.
• Íslenskukunnátta æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 6.ágúst.**
Umsóknir berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu
asdisjenna@simnet.is

Upplýsingar gefur
Elsa í síma 776-2272
Ásta Sól ehf.

Ásta Sól



**Ert þú með stjórnunarstæla?**

**VERSLUNARSTJÓRI**

Við óskum eftir þjónustuliprum einstaklingi til að sjá um að stýra verslun okkar.
Starfið felst einna helst í afgreiðslu viðskiptavina sem fá þjónustu á dekkjaverkstæði, bifreiðaverkstæði og varahlutaverslun.

Ef þú hefur þekkingu og áhuga á flestu sem viðkemur bílum og leggur áherslu á jákvæð samskipti þá viljum við fá þig til liðs við okkur.

Endilega sendu inn umsókn, merkt „Verslunarstjóri“, fyrir 13. september á starf@vakahf.is

VAKA er eitt fjölhæfasta bílaþjónustufyrirtæki landsins.

Dekkjaþjónusta | Bifreiðaverkstæði | Varahlutir | Bifreiðaflutningar | Úrvinnsla bíla | Smurþjónusta

VAKA
Á VERÐI FYRIR ÞIG



**Viltu vinna í litríkri og skemmtilegri verslun?**

A WORLD OF INSPIRATION – the PIER – FOR YOUR HOME

**Verslunin The Pier leitar að:**

**Hugmyndaríkum fagurkera** sem vill bætast í samhentan starfsmannahóp á **Korputorgi.**

**Hæfniskröfur:**
• Næmt auga fyrir framsetningu og útstillingum
• Rík þjónustulund
• Reynsla af sölustörfum
• Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
• Stundvísi

Áhugasamir sendi umsóknir með ferilskrá fyrir **15.sept 2013** á netfangið pier@pier.is



ORKUSTOFNUN

# Sérfræðingur
## við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Orkustofnun óskar að ráða sérfræðing í jarðvísindum við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

*Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað í Reykjavík frá 1979. Árlega koma 25-35 raunvísindamenn og verkfræðingar frá þróunarlöndunum til 6 mánaða sérhæfðrar þjálfunar í jarðhitafræðum og um tíu nemendur eru í meistaranámi og tveir í doktorsnámi í samvinnu við Háskóla Íslands. Skólinn heldur árleg námskeið um jarðhita í Afríku og Mið-Ameríku. Loks er samningsbundin þjálfun eða kennsla í þróunarlöndum vaxandi þáttur í starfsemi skólans. Jarðhitaskólinn er rekinn sem sjálfstæð eining innan Orkustofnunar. Nánari upplýsingar um skólann eru á vefsíðu hans: www.unugtp.is. Aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru í Tókýó: www.unu.edu.*

**Helstu verkefni:**
• Þátttaka í kennslu og þjálfun nemenda á Íslandi og á námskeiðum í þróunarlöndunum eftir því sem bakgrunnur leyfir.
• Þátttaka í mótun á starfsemi skólans og í vali nemenda bæði í tengslum við námskeið og með heimsóknum til samstarfslanda Jarðhitaskólans.
• Undirbúningur/útgáfa kennslugagna og nemendaskýrslna.

**Hæfniskröfur:**
• Doktorspróf eða meistarapróf í jarðvísindum, og reynsla í starfi við rannsóknir á jarðhita eða vinnslu hans.
• Sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í samskiptum.
• Góð tungumálakunnátta, ritfærni og almenn tölvukunnátta.
• Áhugi á alþjóðasamstarfi og samskiptum við þróunarlönd.

**Frekari upplýsingar um starfið:**
Nánari upplýsingar veitir **Lúðvík S. Georgsson**, forstöðumaður Jarðhitaskólans (**lsg@os.is**, eða sími **569 6000**).

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, netfang **gd@os.os**, eigi síðar en **30. september**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**


HORNAFJÖRÐUR

## Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar1998-2018

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingum á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
**Breytingarnar felast í:**
(1) Stækkun frístundasvæðis í landi Brekku / Stafafells og skilgreining íbúðarsvæðis í landi Brekku.
(2) Nýtt efnistöksvæði í landi Svínafells í Nesjum.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu mun liggja frammi við þjónustuborð í Ráðhúsi sveitarfélagsins Hafnarbraut 27 frá 9. september 2013 til 21. október 2013 og á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafordur.is/stjornsysla undir skipulag í kynningu. Tillagan verður einnig aðgengileg hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar til og með 21. október 2013. Athugasemdum skal skilað skriflega eða í tölvupósti til skipulagsdeildar, Hafnarbraut 27, eða með tölvupósti skipulag@hornafjordur.is.

8. september 2013
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstöðumaður | Úrskurðarnefnd um umh.- og auðl. | Reykjavík | 201309/019 |
| Sérfræðingur í jarðvísindum | Orkustofnun | Reykjavík | 201309/018 |
| Geislafræðingur | Geislavarnir ríkisins | Reykjavík | 201309/017 |
| Sérfræðingur í vörustjórnun og innk | Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | Reykjavík | 201309/016 |
| Iðjuþjálfi | LSH, Grensásdeild | Reykjavík | 201309/015 |
| Deildarlæknir í starfsnámi | LSH, röntgendeild | Reykjavík | 201309/014 |
| Sjúkraliði | LSH, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201309/013 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, smitsjúkdómadeild A7 | Reykjavík | 201309/012 |
| Markaðs- og kynningastjóri | HÍ, menntavísindasvið | Reykjavík | 201309/011 |
| Dósent í byggingarverkfræði | HÍ, verkfræði- og náttúruvísindasv. | Reykjavík | 201309/010 |
| Lektor í eiturefnafræði | HÍ, læknadeild | Reykjavík | 201309/009 |
| Sýningarstjóri | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201309/008 |
| Lektor í líffæra- og lífeðlisfræði búfj. | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201309/007 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Blönduósi | Blönduós | 201309/006 |
| Sérfræðingur | Ríkislögreglustjórinn | Reykjavík | 201309/005 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Hafnarfjörður | 201309/004 |
| Framhaldsskólakennari í spænsku | Menntaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201309/003 |
| Afleysingalæknar | Heilsugæslustöðin Dalvík | Dalvík | 201309/002 |
| Starfsmaður í mötuneyti | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201309/001 |
| Læknaritari | LSH, miðstöð um sjúkraskrárritun | Reykjavík | 201308/075 |

Jobconnect

# WE ARE LOOKING FOR ELECTRICAL ENGINEERS

## FOR A CUSTOMER IN NORWAY WITHIN THE ALUMINIUM INDUSTRY

***Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching on behalf of several Norwegian companies.***

**TASKS:**
- Problem solving in a recycling plant and a rolling mill
- Operations and maintenance of automation processes
- Participate in planning and execution of planned and preventive maintenance
- Plan and follow-up projects
- Participate in an on call shift arrangement

**QUALIFICATIONS:**
- Minimum Bachelor degree within electro/automation
- Certificate as an electrician
- Knowledge about automation systems, low-voltage distribution systems, motor maintenance and relevant experience with PLC, HMI and DCS systems
- Analytical, structured, systematical
- Customer oriented and dedicated
- Good interpersonal skills
- Fluent in English, and willingness to learn Norwegian

**WE OFFER:**
- Interesting and challenging tasks
- Good work environment
- Good opportunities for professional development and further career opportunities Fixed salary at competitive Norwegian level

The plant is situated south of Oslo and the applicant must be willing to move to Norway.

Please send your CV and transcript of grades as soon as possible to:

Jeanette P. Bråthen Borud | Tel: +47 936 50 049 | e-mail: Jeanette@jobconnect.no
www.jobconnect.no

# Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý

**Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum.**

Sjóðurinn veitir ungu fólki sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms.

Styrkurinn verður veittur í janúar 2014 og er að fjárhæð kr. 800.000.

**Umsóknarfrestur er til 8. október næstkomandi**

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarýumdæmisins, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík.
Netfang: rotary@rotary.is

# Auglýsing um styrki

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um þóknanir og ferða- og menntunarstyrki, síðari úthlutun.

**Þóknanir vegna ljósritunar, stafrænnar fjölföldunar o. fl.**

Óskað er eftir umsóknum um þóknanir vegna ljósritunar úr fræðiritum og kennslugögnum í skólum og öðrum stofnunum hins opinbera og vegna stafrænnar fjölföldunar í háskólum skólaárin 2011-2012.

Til úthlutunar eru allt að 5.500.000.- kr.

**Þóknanir til rétthafa á fræðslu- og heimildarmyndum**

Óskað er eftir umsóknum handritshöfunda, sem eru rétthafar á fræðslu- og heimildarmyndum og þáttum sem sýndir voru í sjónvarpi árin 2010–2012, um þóknanir sem Hagþenkir greiðir í framhaldi af gerðardómi um skiptingu tekna Innheimtumiðstöðvar gjalda af geisladiskum, myndböndum og myndbandstækjum.

Til úthlutunar eru allt að 100.000.- kr.

**Ferða- og menntunarstyrkir 2013 – fyrir félagsmenn Hagþenkis, síðari úthlutun**

Óskað er eftir umsóknum um ferða- og menntunarstyrki Hagþenkis vegna síðari úthlutunar. Rétt til að sækja hafa þeir sem hafa verið félagar í Hagþenki í eitt ár og eru skuldlausir við félagið. Heimilt er að sækja um vegna ferða sem farnar voru á árinu. Umsækjendur skulu senda skrifstofu Hagþenkis afrit af ferðakostnaði og skilagrein fyrir áramót.

Til úthlutunar eru allt að 2.000.000.- kr.

**Umsóknarfrestur rennur út 20. september kl. 15.**

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn eyðublöð og eyðublöð fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: www.hagthenkir.is.
Umsækjendur fá rafræna staðfestingu um að umsókn hafi borist og gildir hún sem kvittun.

***Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna***
***Hringbraut 121, 4.h. 107 Reykjavík***
***Netfang: hagthenkir@hagthenkir.is Sími 551-9599***

# Veitingarekstur

Listasafn Reykjavíkur óskar eftir áhugasömum rekstraraðila til að taka að sér veitingarekstur í Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík.
- útboð nr13094

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Mannvirkjastofnun

## Löggildingarnámskeið fyrir mannvirkjahönnuði

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar Mannvirkjastofnunar til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði 25. og 26.gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, verður haldið í nóvember 2013, ef næg þátttaka fæst.

Námskeiðið mun hefjast mánudaginn 4. nóvember 2013. kl. 08:00 – 16.00 og standa dagana 4 - 8. nóvember 2013 og lýkur með prófi laugardaginn 16. nóvember 2013.

Námskeiðsgjald er 95.000.- kr. og 60.000.- kr. fyrir þá sem sækja námskeiðið til endurmenntunar án prófs.

Upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá IÐUNNI-fræðslusetri, Skúlatúni 2, Reykjavík eða vefsetrinu www.idan.is.

Umsóknum skal skilað til IÐUNNAR útfylltum ásamt;

**1) afriti af prófskírteini umsækjanda.**

**2) vottorði frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um réttindi til starfsheitis.**

**3) vottorði/um um 3 ára starfsreynslu, sbr. 1.mgr. 26.gr. laga um mannvirki, eigi síðar en mánudaginn 14. oktober 2013.**

**Nánari upplýsingar í síma 590 6434.**

Mannvirkjastofnun
Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

## Próf í verðbréfaviðskiptum 2013-2014

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum veturinn 2013-2014 sem hér segir:

**Próf í I. hluta** verða haldin 2, 6. og 9. nóvember 2013,
**próf í II.** hluta 18., 22. og 25. janúar 2014 og
**próf í III. hluta** 3., 7., 10. og 14. maí 2014.

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum, með áorðnum breytingum. Vakin er athygli á að próf í verðbréfaviðskiptum **verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Sama á við um haustpróf 2014. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaviðskiptaprófs.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á verðbréfaviðskiptaprófi og semur prófs-efnislýsingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Í prófs-efnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis, www.fjr.is. Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Um undanþágur frá töku prófa fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið.** Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um verðbréfaviðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þreytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans www.opnihaskolinn.is. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst einni viku fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á heimasíðu prófnefndar á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis http://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/16884.

*Reykjavík, 7. september 2013.*

*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*

MOSFELLSBÆR

## AUGLÝSING UM ÚTBOÐ

**Umhverfissvið Mosfellsbæjar, óskar eftir tilboðum í verkið:**

**Hlégarður**

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í endurnýjun á ytra byrði veggja á Hlégarði.Um er að ræða niðurrif núverandi klæðningar, ísetningar glugga og múrkerfi.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| • Niðurrif Steniklæðningar | **270 m2** |
| • Ísetning glugga | **45 stk** |
| • Múrkerfi | **490 m2** |

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2 á 2. hæð frá og með þriðjudeginum 3. september eftir kl: 13.00
Tilboð verða opnuð þann 17. september kl. 14:00 á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar, 2 hæð, Þverholti 2 að viðstöddum þeim bjóðendum sem sem þess óska.
Verkinu skal að fullu lokið í ágúst 2014.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGS PRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Prófnefnd samkvæmt reglugerð nr. 1095/2007 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn og lög nr. 93/2004, hefur ákveðið að halda námskeið haustið 2013.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 30. september til 11. október 2013. Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 18. október til 1. nóvember 2013. Þá er stefnt að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 11. til 22. nóvember 2013 og að próf í síðari hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 25. til 29. nóvember 2013.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 250.000 og greiðist við skráningu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi á heimasíðu Lögmannafélags Íslands á slóðinni www.lmfi.is. Við skráningu skal leggja fram afrit prófskírteinis til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi. Hægt er að senda þær upplýsingar með tölvupósti á netfangið: hjordis@lmfi.is.

Frestur til að skrá sig á námskeið er til og með 24. september 2013. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á vef innanríkisráðuneytisins á slóðinni: www.innanrikisraduneyti.is

*Í innanríkisráðuneytinu 4. september 2013*

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

MIÐBORG fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

## Víðimelur 25 - Sérhæð

**Opið hús sunnudag á milli 16.00 og 17.00**




Einstaklega falleg og mikið endurnýjuð sérhæð í einu af glæsilegri húsum Vesturbæjar. Íbúðin er 5 herbergja ásamt bílskúr. Eldhús endurhannað af Rut Káradóttur. Tvö baðherbergi. Eign fyrir vandláta. Samtals 181,5 fm.
**Nánari uppl. gefur Gylfi þórisson í síma 822-0700 eða gylfi@midborg.is**

## Víðimelur 25 - Risíbúð

**Opið hús sunnudag á milli 16.00 og 17.00**




Mjög góð og töluvert endurnýjuð 3 herbergja risíbúð í sérlega fallegu húsi í Vesturbæ Reykjavíkur. Tvö herbergi og björt stofa. Falleg eign í mjög góðu ástandi á frábærum stað. Stærð 54,5 fm. **V. 21,2 m.**
**Nánari uppl. gefur Gylfi Þórisson í síma 822-0700 eða gylfi@midborg.is**

## Daggarvellir 7

**Opið hús sunnudag á milli 18.00 og 19.00**




Falleg efri hæð í fjórbýli. Mjög vandaðar innréttingar í öllu húsinu, 4 svefnherbergi og þvottahús inn í íbúð. Stórar svalir sem snúa í suður. Góð bílastæði. V. 31,8m. Uppl. Sigþór í S. 825-0070

## Ránargata - frábær staðsetning



Til sölu góð þriggja herbergja íbúð á þriðju hæð á eftirsóttum stað í hjarta miðbæjar. Íbúðin er með tvö herbergi og bjartri stofu. Möguleg skipti á dýrari eign. Stærð 88,4 fm.**V. 31,9 m.**
**Nánari uppl. gefur Gylfi þórisson í síma 822-0700 eða gylfi@midborg.is**

CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

# Umbrotsmann/grafískan hönnuð vantar til starfa á Fréttablaðinu



Óskað er eftir vönum umbrotsmanni eða grafískum hönnuði sem hefur gott vald á grafíkvinnu.

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á InDesign, Illustrator og Photoshop.

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir miklu álagi.

Um vaktavinnu er að ræða.

**Áhugasamir sæki um starfið ekki síðar en 13. september nk.**

Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365midlar.is.

**Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.**

365

Til sölu

# Miðengi

Einstakt 494,2 fm sumarhús

Lóðin er 24.418 fm kjarri vaxin með glæsilegu útsýni

Hitaveita, lokað svæði, rafmagnshlíð

Húsið er ekki fullkárað og er á byggingarstigi 4







FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

VERÐ: 139 millj.

- með þér alla leið -


# ERT ÞÚ Á SKRÁ?

**Skráning á www.vinna.is er umsækjendum að kostnaðarlausu!**

vinna.is

Ekkert nema ávextir í gómsætum bitum. Engin aukaefni.

TILBOÐ
3.999kr/stk
verð áður 4299



AMINO ENERGY
Frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku.

10% AFSLÁTTUR Á KASSA



EAS LEAN 15
Máltíðardrykkur sem inniheldur aðeins 100 hitaeiningar í hverjum skammti og 15g af próteini.

kynning!



KYNNING
Í dag kl. 14-18
í Garðabæ og Skeifunni.

PRO-FITT
Mysuprótein, megrunarfæði og prótein.
Án e-efna, án gervisætu og án litarefna.

199kr/stk
verð áður 259

NÝTT
TILBOÐ



QNT PRÓTEIN WAFER
Gott milli mála! 32% prótein.
Vanillu-jógúrt eða súkkulaði.



ASHWAGANDHA
Ashwagandha er af mörgum kallað indverskt ginseng. Það er sagt bæta líkamlega orku, styrkja ónæmiskerfið og verja líkamann gegn sýkingum.

Gildir til 15. september á meðan birgðir endast.

Þú finnur okkur á facebook
www.facebook.com/hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Gamaldags stofudrama snúið á haus

Maður að mínu skapi er nýtt leikrit eftir **Braga Ólafsson** og eins og í fyrri sviðsverkum Braga er það **Eggert Þorleifsson** sem leikur aðalhlutverkið. Samstarf þeirra hófst í Útvarpsleikhúsinu árið 2001 og Bragi segir að nú orðið komist hann ekki hjá því að heyra rödd Eggerts þegar hann skrifar persónurnar. Eggert, sjálfum sér líkur, segist allavega vona að sýningin ríði ekki íslenskri menningu að fullu.



**LÍNURNAR LAGÐAR** Höfundurinn og aðalleikarinn skiptast á skoðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is


Það er augljóst um leið og samtalið hefst að þeir Eggert og Bragi eru vanir að vinna saman og henda hugmyndum sín á milli. Þeir grípa fram í hver fyrir öðrum, stríða góðlátlega, bæta við útleggingar hvers annars og minna helst á gömul hjón sem þekkjast út og inn. Samstarf þeirra, og Stefáns Jónssonar leikstjóra, hefur enda borið ríkulegan ávöxt og skapað tvær ógleymanlegar leiksýningar, Belgíska Kongó árið 2004 og Hænuungana árið 2010. En hver er hugmyndin að baki þessu nýja verki?

„Eftir að Hænuungarnir voru sýndir birti maður á bloggsíðu sinni setningu úr leikritinu og virtist túlka hana svolítið á skjön við það hvernig ég hafði hugsað hana. Kannski var ég að misskilja en það virtist sem hann sneri merkingunni sér og sínum skoðanabræðrum í hag,“ segir Bragi, og vill meina að þetta hafi verið fyrsti neistinn að tilurð nýja leikritsins.

„Hvernig var setningin aftur?“ grípur Eggert fram í. „Þjóð sem lætur völdin í hendurnar á þjófum og glæpamönnum hlýtur að gera ráð fyrir að einhverju verði stolið frá henni“, var það ekki?“

„Jú,“ segir Bragi. „Og ég var í sjálfu sér ánægður með að hægt væri að túlka þessa setningu á ólíka vegu. En síðar dúkkaði hún upp í stórri bók sem annar maður tók saman, 1.000 blaðsíðna bók með fleygum orðum, og fljótlega eftir það kviknaði sú hugmynd að búa til leikrit í kringum mann sem er að taka saman svona tilvitnanabók. Þannig bók gefur mikla möguleika á að fjalla um í skáldverki. Hún er á við heilt vopnabúr. Og sá sem safnar allri viskunni saman hlýtur að vera frekar áhugaverð persóna.“

## Leikrit eins og Bragi vill sjá

Er þetta þjóðfélagsádeila? „Í þessu leikriti er ég kannski að velta fyrir mér hver heldur á hvaða vopni hverju sinni,“ segir Bragi. „En hvort það er ádeila veit ég ekki. Leikritið gengur reyndar dálítið út á banalítet í ýmsum skilningi, bæði í persónum og atburðarás. Ég kalla þetta stofuleik, leikrit sem gerist í einni stofu en auðvitað með vísunum út fyrir stofuna, og í rauninni er söguþráðurinn og aðferðin dálítið gamaldags.“

Ert þú sammála því, Eggert? „Jaaá, svo sem. En þetta er óneitanlega svolítið sérstakt leikrit og gengur ekki alveg í takt við tíðarandann í listaheiminum. Mér finnst þetta verk hverfa aftur í gömlu stofuleikritin þar sem persónurnar setjast inn í stofu, fá sér kaffibolla og takast á um sín mál. Leikhúsið hefur undanfarið verið svo úthverft, endalausar aksjónsýningar, og að því leyti til er þetta verk í jákvæðri merkingu gamaldags. Að vísu með nútímalegum snúningi. Því er eiginlega snúið á haus. Er það ekki rétt, Bragi?“

„Jú, og í þessari gamaldags aðferð felst líka ákveðin sýn á leikhúsbókmenntir. Ég hef sterka þörf fyrir strangt form en líka fyrir að snúa upp á það. En ég er ekki þjálfaður leikhúsmaður, hef lengst af bara verið áhorfandi. Það sem ég skrifa fyrir leikhús má segja að sé sú tegund af leikriti sem ég vil helst sjá sjálfur.“

## Gaman af sérviskulegu fólki

Hvernig hófst ykkar samstarf? „Ég lék fyrst í útvarpsleikriti eftir Braga,“ segir Eggert. „Augnrannsóknin hét það og var tekið upp 2001. Við könnuðumst auðvitað hvor við annan, eins og allir, og féll afskaplega vel að vinna saman. Ég hef leikið í öllum þremur sviðsleikritum hans og sér ekki fyrir endann á þeirri samvinnu.“

Eruð þið sem sagt búnir að plana næsta verk? „Við plönum aldrei neitt,“ segir Eggert og glottir. „Þetta gerist bara af sjálfu sér, við rötum hvor til annars.“

Flestir líta á þig fyrst og fremst sem gamanleikara. Er Maður að mínu skapi gamanleikrit? „Ja, er það?“ segir Eggert og snýr upp á sig. „Nei, ég myndi ekki kalla þetta verk gamanleikrit. En þegar hlutirnir fara úr böndunum, hvort sem það er í drama eða kómedíu, þá verða þeir oft ansi kátlegir. Ekkert verka Braga hefur hins vegar verið kallað gamanleikur. Ég held að Belgíska Kongó sé það allra hlægilegasta verk sem ég hef tekið þátt í en þar var ekki sagður einn einasti brandari. Bragi skrifar bara svo óskaplega skemmtilegar persónur, hann hefur svo gaman af sérviskulegu fólki.“

Eruð þið í einhverju sambandi á meðan þú ert að skrifa verkin, Bragi? Hefur Eggert eitthvað um það að segja hvernig persónan þróast? „Nei, ekki á meðan ég er að skrifa. En eftir að æfingaferlið hefst kemur mikið af athugasemdum frá öllum sem að sýningunni koma, sérstaklega með þetta leikrit. Ég er mjög þakklátur fyrir það samstarf. Maður að mínu skapi er aðeins flóknara leikrit í uppsetningu en hin tvö og þess vegna höfum við rætt það meira á æfingatímanum. Þótt mér finnist stundum að samstarfsfólkið sé að skipta sér óþarflega mikið af textanum,“ segir Bragi og brosir, „þá græða allir á því þegar upp er staðið. Sumir höfundar hvika aldrei frá upprunalegum texta og ég held að það hljóti stundum að leiða til vandræða.“

„Það eru nú líka ófáar uppsetningar sem hafa lent í miklum vandræðum með að vera að hvika frá texta höfundar,“ skýtur Eggert inn í. „Það er allur gangur á þessu.“

## Enginn annar gæti leikið þetta

Hvers vegna viltu alltaf láta Eggert leika aðalpersónuna í verkum þínum, Bragi? „Það virðist bara smella svo vel saman hvernig ég skrifa og hvernig Eggert setur það fram. Og það má ekki gleyma þætti Stefáns, hann er svo flinkur að hræra okkur saman.“

Þekktir þú, Eggert, verk Braga áður en þú fórst að leika persónurnar hans? „Já, ég hafði lesið Hvíldardaga og haft mjög gaman af. Það er rauður þráður í öllum verkum Braga hvað fólki getur þótt óskaplega erfitt að vera til í hversdeginum og mér finnst það dásamlega hlægilegt. Þannig að alveg frá fyrstu tíð hef ég haft voða miklar mætur á verkum Braga.“

En þú, Bragi? Hvaða álit hafðir þú á Eggerti áður en samstarf ykkar hófst? „Ég hef alltaf farið að hlæja þegar ég sé Eggert leika. Og hef ekki bara gaman af honum sem gamanleikara heldur hefur hann í sumum hlutverkum látið mann skjálfa úr hræðslu. Ég vona að þetta tvennt komi saman í Maður að mínu skapi. En eftir á að hyggja finnst mér að enginn annar hefði getað leikið þessar persónur mínar.“ „Það er bara eitthvað sem þú heldur því þú hefur aldrei prófað neitt annað,“ grípur Eggert fram í. „Ég hef séð Hænuungana leiklesna á Norðurlöndunum,“ heldur Bragi áfram, „og þar gerði ég mér grein fyrir að persóna Eggerts þar, Sigurhans, er óbeint skrifuð af Eggerti líka. Guðgeir Vagn, persóna hans í Maður að mínu skapi, er hins vegar afar ólík fígúra. Rétt eins og hin 89 ára gamla Rósalind í Belgíska Kongó er ólík þeim báðum.“

## Lélegir tónlistarmenn

Allir vita að Bragi var einu sinni tónlistarmaður en færri vita að Eggert var það líka, meðal annars með hljómsveitinni Þokkabót. Höfðaði sá bransi ekki til þín, Eggert? „Jú, jú, ég var bara ekki nógu góður,“ segir Eggert. „Við eigum það sameiginlegt,“ segir Bragi. „Við vorum ekki nógu góðir tónlistarmenn þannig að við neyddumst til að fara í leikhúsið.“ „Það er eini staðurinn þar sem hægt er að nota mann,“ bætir Eggert við.

Snúum okkur aftur að Manni að mínu skapi, á hverju eiga áhorfendur von þann 14. september? „Vonandi skammlausri sýningu,“ segir Eggert snöggur upp á lagið. „Þótt þetta sé ekki beinlínis pólitískt leikrit,“ segir Bragi, „er meginstefið hugsanlega ásökun og afneitun, fólk er að ásaka hvert annað og afneita gjörðum sínum. Hljómar það ekki kunnuglega? En það fjallar líka um leikarann í einhverjum skilningi, leikarann sem getur ekki horfst í augu við raunveruleikann.“

„Vonandi fer fólk allavega ekki út með þá tilfinningu að það vilji taka undir með Vestmannaeyingnum sem vill leggja niður alla menningu,“ bætir Eggert við. „Það er einlæg von okkar að þessi sýning verði ekki til þess að ríða íslenskri menningu að fullu.“

> **„** Við vorum ekki nógu góðir tónlistarmenn þannig að við neyddumst til að fara í leikhúsið. Það er eini staðurinn þar sem hægt er að nota mann

## Hlutverk Eggerts í sviðsverkum Braga



**BELGÍSKA KONGÓ – LR 2004** Rósalind 89 ára gömul.



**MAÐUR AÐ MÍNU SKAPI – ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 2013** Guðgeir Vagn.



**HÆNUUNGARNIR - ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 2010** Sigurhans.

# MARÍA HEKLBÓK

## Bókin sem heklarar hafa beðið eftir!




Önnur bók Tinnu Þórudóttur Þorvaldar er komin í búðir. Sú fyrri, *Þóra heklbók*, hlaut frábærar viðtökur og er sívinsæl.

Í hönnun sinni tvinnar Tinna saman handbragð formæðra sinna og eigin sköpunargleði. Í bókinni er kafli með gagnlegum leiðbeiningum sem nýtast þeim sem leggja stund á þessa skemmtilegu og skapandi iðju.









**25 glænýjar og spennandi uppskriftir fyrir reynda sem óreynda.**

- Barnapeysur
- Leikföng
- Teppi
- Hárskraut
- Skartgripir
- Húfur
- Vettlingar
- Sjöl
- Töskur
- Herraslaufur
- Dúkar
- Svuntur
- Jólakúlur
- Jólaljós




**Þóra heklbók:**
**4. prentun er komin!**

Salka

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

# Freistaðu gæfunnar 5. - 9. september!

# Casino DAGAR




89.989,-

**Íslenskur leiðarvísir og 2,5 klst. ljósmyndanámskeið fylgir. Einnig fáanleg með öðrum linsum.**




**Nikon D3100KIT1855VR**
StafrænSLR myndavél með 14.2 milljón punkta upplausn, 23,1× 15,4 mm CMOS flögu, EXPEED 2, ISO 100-3200 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, ítarlegri lagfæringavalmynd, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl.

229.989,-



29.989,-

**Panasonic TXP42ST60**
42" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D Pro. 2D-3D conversion. Infinite Black Pro skerpa. Pro 24p Smooth Film/Play Back. SMART VIERA nettenging og opinn vafri. Wi-Fi. Skype. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. iPhone/Android fjarstýringar App. 2x USB, 3x HDMI, kortalesari o.fl. 3D gleraugu og snertipenni fylgja.

**Philips HTS2511**
300w RMS heimabíósett með 5 hátölurum og bassaboxi. DVD spilari með Progressive Scan. Dolby Digital, Dolby Prologic. Video uppskölun í 720p/1080i/1080p - Skerpir mynd og liti. RDS FM útvarp með 40 stöðvaminni. USB 2.0 Flash drif - afspilun beint af USB. USB og MP3 line-in o.fl.




99.989,-



94.989,-

**Samsung UE32F5000**
32" LED Full HD 1920x1080p. 100 Hz Clear Motion Rate. Ljósnemi. Mega Contrast. Stafrænn DVB-T móttakari. Heyrnatólatengi. USB, 2 x HDMI o.fl.



**Whirlpool AZB8670**
Tvíátta barkalaus þurrkari. Carisma design. Tekur 8 kg. Rakaskynjari með 6th Sense. 9 þurrkstillingar. LCD skjár. Stafræn niðurtalning á þurrktíma. Vatnstankur uppi. Hægt að tengja beint við niðurfall. Kaldur blástur og krumpuvörn. Orkuflokkur B.

89.989,-

**TOS-L50TA124**
Ein með öllu. Létt og þunn fartölva úr nýju L-línunni frá Toshiba með Intel Pentium. Fullkominn snertiskjár sem býður upp á nýja og skemmtilega notkunarmöguleika.

**Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði.**

# Teningakast ræður afslættinum!

## MAXAÐU AFSLÁTTINN!

**OKKAR LÁGA VERÐ PLÚS ALLT AÐ 36% AUKAAFSLÁTTUR!**



**79.989,-**

**Whirlpool AWOD6114**
1400 snúninga og 6kg þvottavél með stafrænu kerfisvali. 50L tromla. 6th Sense. Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir. LCD skjár. Clean+ blettakerfi.15 þvottakerfi ásamt 30 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning á þvottatíma. Íslenskt stjórnborð og leiðarvísir. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A+.



**Hoover TCP2005**
2000W Capture ryksuga. 2,3 lítra poki. Microfilter.

**11.989,-**

### Teningakast ræður aukaafslættinum!

**Þegar búið er að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar – samtalan sem kemur upp er aukaafslátturinn þinn.**

**Dæmi:**

= 15% AUKAAFSLÁTTUR

= 13% AUKAAFSLÁTTUR

**Ef þú færð þrjá eins þá tvöfaldast afslátturinn!**

**Dæmi:**

= 36% AUKAAFSLÁTTUR

= 30% AUKAAFSLÁTTUR

Aðeins eitt kast á mann.

***Max er risa raftækjamarkaður með 2.000 fermetra stútfulla af heimilistækjum, sjónvörpum, tölvum og öðrum raftækjum fyrir heimilið á lægra verði!***

MAX RAFTÆKI

| | |
|---|---|
| Opið mán.- fös. | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

## Konráð og félagar á ferð og flugi 60

Bragi Halldórsson

„Það er svo skemmtilegt að jafnvel þrautir geta verið faldar í himninum," sagði Konráð. „Faldar hvar?" rumdi í Kötu. „Himninum?" bætti hún við og það var augljóst að henni fannst Konráð vera orðinn eitthvað meira en lítið skrítinn núna. „Jú," sagði Konráð. „Eins og í þessum stjörnum." Svo bætti hann við, „hér á til dæmis að tengja saman allar 16 stjörnurnar á blaðinu með 6 beinum línum og það má ekki lyfta blýantinum frá blaðinu," sagði Konráð. Kötu leist ekkert allt of vel á þessa þraut en lét sig hafa það, sleikti blýantsoddinn og byrjaði.

Getur þú hjálpað Kötu að leysa þessa gátu?





## Brandarar

**Einu sinni voru tvær beljur á beit. Önnur segir: „MUUUUUUUUU" Þá segir hin: „Hei, ég var einmitt að fara að segja það sama!"**

**Einu sinni voru tveir vinnumenn sem hétu Vindur og Viður. Bóndinn sendi þá út í skóg að vinna. Eftir smá stund fóru þeir að slást og Viður batt Vind fastan við tré. Þegar bóndinn kom að sækja þá varð hann hann ferlega fúll og sagði: „Nú leysi ég Vind og rek Við."**

**„Spurðu mig hvort að ég sé krókódíll."**
**„Ertu krókódíll?"**
**„Já, ég er krókódíll. Spurðu mig núna hvort ég sé kanína."**
**„Ertu kanína?"**
**„Nei, kjáni! Ég var að segja að ég væri krókódíll!"**

**Kennari: Stafaðu orðið rúm.**
**Drengur: Rúmm**
**Kennari: Slepptu öðru m-inu.**
**Drengur: Hvoru?**

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is



## Ofurborgari Skúla skelfis

**Stórt hamborgarabrauð** með birki
**Mikið majónes**
**Spínat**, slatti af því
**Stór tómatur**
**Spælt egg**, báðum megin
**Tveir hamborgarar** steiktir
**Ostur**, væn sneið af honum

# Ætla að verða kóngur

Skúli skelfir á svo ömurlega og níska foreldra að hann getur aldrei eignast neitt skemmtilegt og því á hann ekki iPad. Hann ætlar að verða kóngur þegar hann verður stór og setja alla kennara, foreldra og bleiukrakka í fangelsi.

***Hvert er uppáhaldsprakkarastrikið þitt?*** Þegar ég gabbaði skítbuxann hann Finn til að fara inn í villtu, trylltu tímavélina og hann hélt að hann hefði farið inn í framtíðina.

***Drekkur þú mjólk?*** Ekki ef ég kemst hjá því.

***Klukkan hvað ferð þú að sofa?*** Eins seint og ég get. Ef ég ætti ekki þessa ömurlegu foreldra svæfi ég aldrei–ja, nema á daginn meðan skólinn er.

***Í hvaða skóla ertu?*** Grunnskólanum hjá henni frú Grimman. Og þið megið þakka fyrir að þurfa hvorki að fást við hana né Hörku hörðu. Hún er kennarinn minn en ætti frekar að stjórna aftökusveit.



***Hvort fer meira í taugarnar á þér, Fríða eða Finnur?*** Hm, þessi er erfið. Þau eru bæði óþolandi. Ég held að ég segi Fríða, því að það er erfiðara að plata hana en Finn. Samt eru þau bæði vitlaus.

***Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?*** Ég ætla að verða kóngur. Og þá læt ég setja alla kennara, foreldra og bleiukrakka í fangelsi.

***Áttu iPad?*** Nei, ég á svo ömurlega og níska foreldra að ég get aldrei eignast neitt skemmtilegt.

***Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?*** Súkkulaði. En ef þið meinið það sem fullorðnir kalla mat þá vil ég ofurborgara.

***Hver er uppáhaldsísinn þinn?*** Það er ekki alltaf sami ísinn. Núna finnst mér best að fá ís með fjórum kúlum: súkkulaði, karamellu, vanillu og svo annarri súkkulaðikúlu.

***Ertu hræddastur við drauga, brjálaðar barnapíur eða tannálfa?*** Ég er Skúli skelfir, foringi Fjólubláu handarinnar, og ég er ekki hræddur við neitt. Ég get að vísu trúað ykkur fyrir því að brjálaðar barnapíur eru svolítið skelfilegar þangað til búið er að temja þær.

***Í hvaða íþrótt ertu bestur?*** Kappáti. En ég er líka mjög góður í dansi; mínum eigin dansi, sko.

***Tekurðu til eftir að þú sóðar út?*** Nei. Ég leyfi Finni að gera það. Honum finnst það svo gaman.



***Hvað gerðirðu við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér?*** Hahaha, heldurðu að þú getir gabbað mig? Sjálfan Skúla skelfi? Ég keypti auðvitað hvítt mótorhjól með svörtum dekkjum. Nei, annars, ég valdi ofurgeislabyssu.



***Ertu farinn að hlakka til jólanna?*** Já, og búinn að skrifa lista handa jólasveininum. En ætli það þýði nokkuð? Hann gefur mér aldrei það sem ég vil fá. Ég vil nefnilega aðallega fá nýja tölvuleikinn með Vígmanni skylmingakappa þótt mamma segi að það sé allt of mikið ofbeldi í honum. En ég vil auðvitað fá fullt, fullt meira.

# THOMSON

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




**Einfalt en gott 39" sjónvarp með háskerpu LED skjá á ómótstæðilegu verði.**

**Myndgæði**
Vandaður háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn, stafrænn DVB-T móttakari og Pure Image 3 Engine. 100Hz Clear Motion Index.

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI tengjum, USB tengi, Scart, Component, VGA, CVBS og heyrnatólstengi ásamt CI+ Rauf.

**Thomson 39FU5253**

**99.990**

*Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is*

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

THOMSON

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

**1.** Hef sett skeið á óekta borð (8)
**9.** Snoðklippt gæra vill kaffi og bjór (10)
**11.** Ala tíðast í hinu algengasta (9)
**12.** Ávextir ófrjálsra þjóða fylla hillur kaupmanna (12)
**13.** Kýs kaup og viðurkenningu (9)
**14.** Kærleikskaupfélag um tilfinningatengingu (12)
**15.** Horrenglur búa hlið við hlið (9)
**16.** Er gabbrásin tilraunin? (8)
**18.** Gal arnar er sundurlaust rugl kolvitlausra (8)
**24.** Skynbrot hamlar hljóðnámi (13)
**27.** Bleik þvo jarðepli (8)
**28.** Heilög tala, sár, tíð og sjór mynda lög á Rauðasandi (12)
**30.** Goð hamars leitar metsölubókarhöfundar (8)
**32.** Nammidagur hefst er kappið er á enda runnið (9)
**33.** Grænmetisdress geyma meðlæti (8)
**34.** Reið Blesa til Sviss í einhverju rugli (5)
**35.** Snæða líkt og einlífi sé lausnin (7)
**36.** Ei dugði sá er aldrei var snúið (6)
**37.** Lítil bók um mikið ferðalag? (9)
**38.** Bólga innan tegundar (5)
**39.** Næst nærri næstum (8)
**40.** Tilgangurinn er að sameina verk, áverka og ungviði (9)

**LÓÐRÉTT**

**1.** Snúa á pláss með hjálp takmarkaðra veðurfyrirbæra (9)
**2.** Mikill vísar á skelfingarstaði (9)
**3.** Fann þó bæði lið og brjóskið þunna þar í (9)
**4.** Býð gras kúnna fyrir loftdrifnar (9)
**5.** Borðar ílát fyrir hallandi tákn (8)
**6.** Nota skáldgáfu til að skapa sögulegan draug (10)
**7.** Kjöltutangó á köldum klaka (10)
**8.** Ætli kvikur kveðji er kænuklúbbur birtist? (8)
**9.** Án margra missera vinnu margra náum við ekki þessum karldjöfli (8)
**10.** Á dauðasveitin að upplýsa eigin dráp? (11)
**17.** Tel spennandi vopnið hálfgert barnaleikfang (13)
**19.** Þótt leynimerki heyrist ekki er óboðinn gestur um borð (12)
**20.** Asnalegt spaug fyrir asna (12)
**21.** Tættir og skornir sem skrækir (10)
**22.** Einmitt! Morten Harket og félagar! (3)
**23.** Fjandans garður, þetta er djöfulleg tilvera (12)
**25.** Fékk hrós, stíg til hliðar og finn íslenska baðströnd (11)
**26.** Fantapantur og sveifla! Þetta er nú ljóta brælan! (11)
**29.** Taug taldi kássu vera berjasultu af súrara taginu (9)
**31.** Falleg og bitur í bragði (8)



Lausnarorð síðustu viku var
**STRANDVEIÐAR**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Ísland ehf. eftir Magnús Halldórsson og Þórð Snæ Júlíusson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna Dóra Pétursdóttir, Hamraborg, Kópavogur.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist skaðræðisfyrirbæri. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi **11.** september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „**14.** september“.


# Veldu hraðþvott eða orkusparnað. Og alltaf tandurhreinan þvott.

Veldu Bosch þvottavél með VarioPerfect.



Bosch, mest seldu heimilistækin í Evrópu.

**Tilboð: 119.900 kr.**
**Fullt verð: 149.900 kr.**

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++.
Hámarksvinduhraði 1400 sn./mín.

VarioPerfect: Hægt að stytta tímann eða spara orku á þvottakerfum án þess að það komi niður á þvottahæfni.

Þú uppskerð allt að 60% tímasparnað eða 20% orkusparnað með því að nota VarioPerfect-aðgerðina. Með sama góða árangrinum: Tandurhreinum þvotti.

WAE 28271SN

**Opið virka daga frá kl. 11 - 18**
**og á laugardögum frá kl. 11 - 16**

Green Technology inside

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090


## DÝR VIKUNNAR: FILIPPSEYJAÖRN



**ÉTUR EKKI BARA APA** Þessi örn er meðal þeirra allra kröftugustu sem fyrirfinnast. NORDICPHOSOS/AFP

# Þjóðartákn Filippseyja í bráðri útrýmingarhættu

Filippseyjaörninn er mikið flykki, stærsti örn veraldar sé miðað við búklengd, en sá þriðji þyngsti, á eftir asíska brimerninum og bandaríska harperninum.

Fullvaxinn getur sá filippseyski orðið upp undir metri að lengd og átta kíló að þyngd. Hann er jafnframt einn fágætasti örn í heimi og meðal þeirra allra kröftugustu. Hann getur orðið um sextíu ára gamall.

Örn þessi gekk reyndar lengi undir heiti sem vísaði til þess að hann æti lítið annað en filippseyska makakíapann, monkey-eating eagle á ensku og apaörn upp á íslensku.

Það var vegna þess að fyrst þegar vísindamenn fóru að rannsaka tegundina fundust einungis leifar slíkra apa í meltingarfærum þeirra einstaklinga sem rannsakaðir voru og því drógu menn þá ályktun að örninn æti hreinlega ekkert annað.

Þetta reyndist misskilningur, enda étur Filippseyjaörninn ýmislegt; stórar leðurblökur, aðra fugla, snáka og eðlur, íkorna og rottur. Hann hefur jafnvel sést gæða sér á grísum og litlum hundum. Stærsta bráðin sem vitað er til að hafi lokið lífi sínu í maga þessa tignarlega arnar er fjórtán kílóa hjörtur.

Árið 1978 var nafninu breytt með sérstökum forsetaúrskurði; apaörninn skyldi heita Filippseyjaörn og árið 1995 var hann gerður að þjóðartákni.

Örn þessi er í bráðri útrýmingarhættu vegna ágangs á skógana á eyjunum fjórum þar sem hann lifir. Ekki er vitað með vissu hversu margir eru eftir en talið er að þeir séu á bilinu 180 til 500.

Flugkappinn Charles Lindbergh, sem vann sér það til frægðar að fljúga fyrstur manna einn síns liðs yfir Atlantshafið á tvíþekju, var hugfanginn af erninum og heimsótti Filippseyjar oftsinnis á efri árum til að hvetja þarlend yfirvöld til að grípa til aðgerða til verndar tegundinni.

Nú varðar það þungri refsingu að drepa örn af þessari tegund, allt að tólf ára fangelsisvist og háum sektum.

Nokkrir ernir af þessari tegund hafa klakist út undir manna höndum. Tveimur þeirra hefur verið sleppt; þeim fyrri árið 2004 en hann fékk óvart raflost og drapst í janúar 2005. Þeim seinni var sleppt í mars 2008 en hann var skotinn og étinn af bónda.

- sh










# UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum Hyundai sem hentar þér.

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

Opið í dag frá 12–16

HYUNDAI

Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM59120

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

## MERKISATBURÐIR

**1533** Elísabet I. Englandsdrottning fæðist.

**1812** Frakkar ráðast inn í Rússland og upp hefst baráttan um Borodino. Sú barátta reyndist sú blóðugasta á ferli Napóleons hershöfðingja. Frakkar sigruðu þó að lokum.

**1822** Brasilía lýsir yfir sjálfstæði frá Portúgölum.

**1895** Fyrsti rugby-leikurinn er spilaður í Englandi.

**1921** Fyrsta keppnin um Ungfrú Ameríku er haldin í Atlanta.

**1927** Fyrsta sjónvarpið sem er algjörlega rafrænt kemur á markað.

**1936** Bandaríski söngvarinn Buddy Holly fæðist.

**1986** Desmond Tutu verður fyrsti svarti maðurinn sem leiðir evangelíska kirkju í Suður-Afríku.

**1987** Leikkonan Evan Rachel Wood fæðist.

**1992** Haraldur 5. og Sonja, konungshjón Noregs, koma í þriggja daga opinbera heimsókn til Íslands.



**BUDDY HOLLY**

**ÞETTA GERÐIST:** 7. SEPTEMBER 1973

## Mósaíkmynd Gerðar afhjúpuð

Mósaíkmynd eftir Gerði Helgadóttur var afhjúpuð þennan dag árið 1973. Verkið er á vegg Tollstöðvarhússins í Reykjavík. Ástæða þess að ákveðið var að leita eftir listaverki á húsið var að þar sem hafnarskemman náði í gegnum húsið út að Tryggvagötu myndaðist þar 250 m² gluggalaus veggflötur út að götu. Byggingarnefnd og arkitekt voru sammála um að slíkur flötur hefði slæm áhrif á heildargötumyndina.

Haft var samband við Gerði þegar fjárveiting fékkst í verkið og hún vann hugmyndina út frá því að verkið þyrfti að spegla lífið við höfnina. Það tók Gerði um tvö ár að vinna verkið, sem var unnið og sett upp á árunum 1972 og 1973. Hún vann verkið á verkstæði Oidtmann-bræðra í Þýskalandi sem sáu síðan um uppsetningu á Tollhúsið. Listakonan hefur hlotið einróma lof fyrir verkið, sem er 140 m² og er samsett úr meira en milljón steinum.



**GERÐUR HELGADÓTTIR MYNDHÖGGVARI** Heimildarmyndin Lifað fyrir listina eina eftir Andrés Indriðason.





**Á VINNUSTOFUNNI** Dröfn Guðmundsdóttir átti farsælan feril í listinni og kom miklu í verk. Kona á vatnsgrunni er ein myndanna á sýningu hennar í Gallerí Korpúlfsstöðum.

# Sat við gerð myndanna síðustu vikur lífs síns

Síðasta sýning Drafnar Guðmundsdóttur listakonu verður opnuð í dag klukkan 16 á Veggnum í Galleríi Korpúlfsstöðum. Hún nefnist Mín innri kona. Á henni eru einstakar myndir.

„Hún var búin að undirbúa þessa sýningu áður en hún lést, ætlaði að sýna á Veggnum í Gallerí Korpúlfsstöðum í júlímánuði og sat við gerð myndanna síðustu vikur lífs síns. Það var greinilegt að henni var mikið niðri fyrir með þessum myndum,“ Þetta segir Sigurður Skúlason leikari um fyrrverandi eiginkonu sína, Dröfn Guðmundsdóttur. Dröfn lést í bílslysi 13. júní í sumar vestur í Ísafjarðardjúpi en sýning hennar, Mín innri kona, verður samt sem áður að veruleika í dag klukkan 16 í Galleríi Korpúlfsstöðum. Á Veggnum.

Það er saga á bak við sýningu Drafnar eins og Sigurður lýsir. „Dröfn fékk blóðtappa í vor og var á spítala í nokkra daga. Eins og hennar var von og vísa náði hún góðu sambandi við starfsfólkið og fékk að taka með sér röntgen- og skannmyndirnar sem teknar voru af heila hennar og mænu. Hún fór að skoða þær í tölvunni eftir að hún kom heim og smám saman þróuðust þær í listaverk. Þetta voru svarthvítar myndir en hún fór að gefa þeim lit og ýkja ákveðin form. Þetta er afraksturinn. Þess vegna heitir sýningin Mín innri kona. Þetta er hennar innra landslag, séð með hennar listrænu augum.“

Dröfn var ein af stofnendum Gallerís Korpúlfsstaða og formaður þess frá 2011 til 2013. „Hún var athafnasöm kona og þetta er 19. einkasýning hennar frá því hún útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum 1993. Auk þess tók hún þátt í 29 samsýningum og vann mörg sérverkefni. Hún var strax á listabraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og sótti fjöldann allan af námskeiðum. Þótt hún væri útskrifuð úr myndhöggvaraskor varð glerið hennar aðalefniviður, en hún teiknaði líka og málaði og undir lokin vann hún mikið í pappír,“ lýsir Sigurður og bætir við til fróðleiks: „Dröfn var líka áhugaljósmyndari og leiðsögumaður erlendra ferðamanna um langt árabil.“

> **Þess vegna heitir sýningin Mín innri kona. Þetta er hennar innra landslag, séð með hennar listrænu augum.**

Sýningin Mín innri kona verður opin út septembermánuð á opnunartíma Gallerís Korpúlfsstaða fimmtudaga og föstudaga frá klukkan 14 til 18 og laugardaga og sunnudaga frá 12 til 16.

gun@frettabladid.is

---

✝



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**STEINUNN DANÍELSDÓTTIR**
**frá Syðra-Garðshorni í Svarfaðardal,**

lést að Dalbæ Mánudaginn 2. september. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju þriðjudaginn 10. september klukkan 13.30.

**Anna María Halldórsdóttir** · **Jóhann Jóhannsson**
**Halldór Jóhannsson** · **Erla Árnadóttir**
**Helga Magnea Jóhannsdóttir** · **Sigurður Arnar Jónsson**
**Jóhann Steinar Jóhannsson** · **Íris Björk Gunnlaugsdóttir**
**og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARSIBIL ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Hólavegi 9, Sauðárkróki,**

lést á heimili sínu fimmtudaginn 29. ágúst. Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. september kl. 14.00.

**Kristín Guðmannsdóttir** · **Eiríkur Ingi Björnsson**
**Guðbjörg Guðmannsdóttir** · **Böðvar Hreinn Finnbogason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**LILÝAR KARLSDÓTTUR**
**áður til heimils að Stóragerði 14.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Maríuhúss, Dalbrautar 27 og Droplaugarstaða fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Sigurður Geirsson** · **Steinunn Þ. Ólafsdóttir**
**Karl Geirsson** · **Þyri E. Þorsteinsdóttir**
**Margrét Geirsdóttir** · **Jóhann Másson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---


**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

✝



Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,

**JÓNHEIÐUR (JÓNA) GUNNARSDÓTTIR**
**Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð,**

lést miðvikudaginn 4. september á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu. Útförin fer fram frá Örkinni í Kirkjulækjarkoti laugardaginn 14. september kl. 14.00.

**Yngvi Guðnason** · **Rebekka Jónasdóttir**
**Már Guðnason** · **Anna Óskarsdóttir**
**Rebekka Guðnadóttir** · **Ásgeir Rafnsson**
**Gunnar Rúnar Guðnason** · **Anna Júlíana Þórólfsdóttir**
**G. Heiðar Guðnason** · **Sigrún Drífa Annieardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐLAUGUR SVANBERG EYJÓLFSSON**
**frá Stuðlabergi, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 1. september. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju 12. september kl. 13.00.

**Halla Gísladóttir**
**Sumarrós Hildur Ragnarsdóttir** · **Bergur Finnsson**
**Gunnar Gísli Guðlaugsson** · **Guðbjörg B. Guðmundsdóttir**
**Anna María Guðlaugsdóttir** · **Kristján Jóhann Guðjónsson**
**Stefán Kristinn Guðlaugsson** · **Iðunn Pétursdóttir**
**Guðlaugur Helgi Guðlaugsson** · **Guðbjörg Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Okkar elskulega,

**ÞÓRA KRISTÍN HELGADÓTTIR**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. september.
Útförin verður auglýst síðar.

**Fjölskylda hinnar látnu.**



✝

Innilegar þakkir færum við
öllum þeim sem sýndu okkur samúð
og hlýhug við andlát og útför föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**KONRÁÐS Ó. KRISTINSSONAR**
**hjúkrunarheimilinu Eir,**
**áður Hvassaleiti 58, Reykjavík.**

**Sigurður Konráðsson Kristín Jóhanna Harðardóttir.**
**Halldór Konráðsson Þóra Þórhallsdóttir.**
**Konráð Konráðsson Bryndís Hinriksdóttir.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORVARÐUR GUNNARSSON**
**byggingameistari,**
**Birkihæð 4, Garðabæ,**

sem lést laugardaginn 31. ágúst á
Landspítalanum í Fossvogi verður
jarðsunginn frá Kópavogskirkju
miðvikudaginn 11. september kl.13.00.

**Erla Jónsdóttir**
**Örn Þorvarðarson**
**Sigrún Jóna Þorvarðardóttir Gísli Eyþórsson**
**Ingibjörg Þorvarðardóttir Thorbjörn Brink**
**Kristín Magnúsdóttir Ingibjartur G. Þórjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar og tengdafaðir,

**GUÐNI ÞÓRÐARSON**

verður jarðsunginn þriðjudaginn
10. september í Kristskirkju, Landakoti
kl. 13.00.

**Jón Snævarr Guðnason**
**Þórdís Unndórsdóttir**
**Sigrún Halla Guðnadóttir Ólafur Ólafsson**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts
og útfarar okkar ástkæru móður,
tengdamóður, ömmu og systur,

**ERNU ÞRÚÐAR MATTHÍASDÓTTUR**
**Grófarsmára 23.**

Sérstakar þakkir til Óskars Þórs
Jóhannssonar, annarra lækna, hjúkrunarfólks og Heimahlynningar
Kópavogs fyrir frábæra umönnun og alúð í veikindum hennar.
Guð blessi ykkur öll.

**Óli Þór Júlíusson Eva Hrund Harðardóttir**
**Lóa Lind Ari Júlíus**
**Sigríður Ólöf Matthíasdóttir**
**Sigurjóna Matthíasdóttir**
**Bjarni Jón Matthíasson**
**Ragna Matthíasdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**GARÐAR PÉTURSSON**
**rafvirkjameistari,**
**Aðalgötu 5, Keflavík,**

lést 4. september. Jarðsungið verður
mánudaginn 16. september kl. 14.00 frá
Keflavíkurkirkju.

**Svava Agnarsdóttir**
**Svavar Garðar Garðarsson Guðlaug Björnsdóttir**
**Agnes Margrét Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





**Á NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN** „Örninn er kominn úr þeirri útrýmingarhættu sem hann var í á tímabili. Þó er hann meðal sjaldgæfustu varpfugla landsins," segir Kristinn Haukur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Það þótti óviðkunnanlegt að örninn dæi út

## Hundrað ár eru frá því Íslendingar friðuðu haförninn, fyrstir þjóða heims. Því hefur Fuglavernd gefið út rit um örninn. Höfundur þess er Kristinn H. Skarphéðinsson líffræðingur.

Arnarstofninn er stærri nú en nokkru sinni síðan hann var friðaður fyrir einni öld og hefur þrefaldast á þrjátíu til fjörutíu árum. Hann er kominn úr þeirri útrýmingarhættu sem hann var í á tímabili. Þó er örninn meðal sjaldgæfustu varpfugla landsins," segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson, líffræðingur hjá Náttúruverndarstofnun. Hann skrifaði texta í ritið Haförninn sem er nýkomið út hjá Fuglavernd. Tilefni útgáfunnar eru tvö merkisafmæli. Fuglavernd er 50 ára á árinu og 9. september eru 100 ár frá því lög um friðun arnarins voru samþykkt á alþingi.

„Þetta voru tímamótalög," segir Kristinn. „Þarna vorum við Íslendingar rétt búnir að fá heimastjórn, þó vorum við fyrsta þjóð í heiminum sem friðaði örninn. Það liðu tíu ár þar til Norðurlandaþjóðirnar og Þjóðverjar gerðu slíkt hið sama þótt arnarstofninn væri í miklum vanda þar." Hann rifjar upp að sama þing og friðaði örninn á Íslandi hafi líka samþykkt að leyfa konum að kjósa. „Menn voru í stuði þetta sumar, 1913," segir hann glaðlega.

Kristinn tekur fram að lögin hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. janúar 1914 og áfram hafi fækkað í arnarstofninum næstu áratugi á eftir, enda hafi menn virt lögin misjafnlega.

En hverjir voru helstu málsvarar konungs fuglanna? „Það voru sterkir einstaklingar eins og danskur verslunarstjóri á Eyrarbakka, Peter Nilsen. Bjarni Sæmundsson dýrafræðingur var bandamaður hans. Einnig má nefna Jón Jónatansson, ritstjóra Suðurlands. Þeir voru með einföld rök, þeim fannst „óviðkunnanlegt" ef örninn dæi út. Stuðningur við verndunarlögin fór heldur ekki eftir hagsmunum eða byggðarlögum. Til dæmis var séra Sigurður Stefánsson í Vigur, sem var öflugur talsmaður æðarbænda, hlynntur þeim. Verndunin var lífsviðhorf sem endurspeglaði ekkert við hvað menn voru að fást."

Þegar Fuglavernd var stofnuð fyrir hálfri öld var verið að herða eiturútburð fyrir refi, að sögn Kristins og þótt bannað væri að drepa örninn þá drapst hann af eitri. „Fyrsta baráttumál Fuglaverndar var að fá Alþingi til að banna eiturútburð. Það var næsta stóra skrefið. Eftir það fór stofninn að rétta úr kútnum og hefur verið á uppleið til dagsins í dag."

**„ Stuðningur við verndunarlögin fór heldur ekki eftir hagsmunum eða byggðarlögum. Til dæmis var séra Sigurður Stefánsson í Vigur, sem var öflugur talsmaður æðabænda, hlynntur þeim.**

Kristinn segir búsvæði arnarins þó enn að mestu bundin við Breiðafjörð, Vestfirði og Vesturland en hann hafi verið varpfugl um allt land, meira að segja þegar hann var friðaður fyrir hundrað árum, þeim sessi sé hann ekki búinn að ná þótt stofninn sé kannski stærri. „En örninn sést í öllum landshlutum," tekur hann fram, „og mun örugglega fara að verpa þar þegar tímar líða."

gun@frettabladid.is

✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BERGUR GUÐMUNDSSON**
**Jökulgrunni 16, Reykjavík,**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. september.
Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn
13. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á
minningarsjóð Karitas hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu.

**Anna S. Eyjólfsdóttir**
**Eyjólfur Bergsson Svala Helga Eiríksdóttir**
**Ragnar Bergsson Ólína Sigurgeirsdóttir**
**Helga Bergsdóttir Haraldur Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSGERÐUR LILJA**
**SIGURLÍNA FANNEY HOLM**
**frá Grímsgerði,**
**Skessugili 7, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 27. ágúst. Útförin
fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. september kl. 13.30.

**Jóhannes Helgi Gíslason**
**Gísli Bogi Jóhannesson Ásta Bára Pétursdóttir**
**Eybór Holm Jóhannesson Þóra Guðný Birgisdóttir**
**Sigurður Baldvin Jóhannesson Ágústa Guðrún Sigurðardóttir**
**Hinrik Máni Jóhannesson Valborg Stefanía Karlsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



# Danskt gæðadrama

**Eftir höfund metsölu-bókarinnar IÐRUN**







**„Algjörlega frábær skemmtun.“**

**Børsen**



„Hanne-Vibeke Holst er þarna að skrifa feikiflottan lykilróman og mjög skarpa og gagnrýna samfélagsgreiningu. Góð heimild um samtímann.“

SIGURÐUR ÓLAFSSON / BÓKABLOGGIÐ

*Tímabær og áleitin saga um konu á framabraut, um miskunnarleysi fjölmiðlanna og hugsjónir sem víkja fyrir hagsmunum – eða stundum öfugt.*




**www.forlagid.is**
**– alvöru bókabúð á netinu**

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GÆÐABAKSTUR
ORKUKUBBUR
FJÖLKORNABRAUÐ
600 gr
259
krónur 600gr
ab-mjólk
Létt ab mjólk
ab mjólk
219
krónur 1 ltr.
ab-mjólk
759
krónur 750gr
KELLOGG'S SPECIAL K 750g
VINSÆLUSTU
BRINGURNAR Í BÓNUS
Euroshopper frosnar
kjúklingabringur 900gr
KYCKLINGFILÉ
1579
krónur 900gr
BKI Classic
598
krónur 500gr
BKI KAFFI 500g
Pizzadeig
259
krónur 400g
298
krónur 400g
198
krónur 4 stk.
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 4 stk
FRÁ AMERÍKU RAUÐ OG GRÆN
STEINALAUS VÍNBER
698
krónur kg
Kolsýrt vatn
129
krónur 2 ltr.
Mix
259
krónur 2 ltr.
Coca-Cola
198
krónur 1.5 ltr
ARIEL ACTILIFT
1998
krónur 45 þvottar
ARIEL ÞVOTTAEFNI 45 ÞVOTTAR
Eldhúsrúllur
4 stykki
STERKUR
359
krónur 4 rl.
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR ( 4 x 60 BL
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Rýmum fyrir haustslátrun 2013




98 krónur kg

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

**Frosin lambalifur**

Haustslátrun 2012




2998 krónur kg

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA

**Frosið lambafillet**

Haustslátrun 2012




1198 krónur kg

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

**Frosið lambalæri**

Haustslátrun 2012

## ÍSLANDSNAUT FERSKT 100% **ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT**




2298 krónur kg.

UNGNAUTA**GÚLLAS**




2298 krónur kg.

UNGNAUTA**SNITSEL**




1498 krónur kg.

UNGNAUTA**HAKK**

## FERSKUR GRÍSABÓGUR




698 krónur kg.




3598 krónur kg.

UNGNAUTA**RIBEY**




BÓNUS NÝREYKTUR **HAMBORGARHRYGGUR**

1298 krónur kg

## FROSIN FORELDUÐ PEKINGÖND




2998 kr. pk.

**ÚRBEINUÐ PEKINGÖND**

FROSIN OG FORELDUÐ 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA *Þyngd: 600g*




ALI FORELDUÐ **SPARERIBS/GRÍSARIF**

998 krónur kg




ALI NÝREYKT **BAYONSKINA ÚR LÆRI**

1198 krónur kg

## Tilbúið í álbakka beint í ofninn. Fínn matur fyrir fjóra




998 krónur bakkinn




998 krónur bakkinn

ÖÐ )

AFGREIÐSLUTÍMI **SUNNUDAGUR** 12:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI **LAUGARDAGUR** 10:00-18:00







## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | | 3 | | 6 | 2 | 7 | |
| | | | | | | 6 | | |
| 3 | 8 | | | 1 | | | | 4 |
| | 3 | 5 | | | | 7 | | 1 |
| | 2 | 8 | 1 | | | 9 | 5 | |
| 9 | | | | 6 | | | 3 | |
| | | | | 4 | 5 | 3 | 8 | |
| | | | 6 | 8 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 5 | | | 7 | | |
| 9 | 2 | 3 | | | 7 | 1 | | |
| | 7 | | 9 | | 3 | | | 6 |
| 1 | 4 | | 3 | | | | 5 | 2 |
| | | 7 | | | | 6 | | |
| | 6 | | | | 2 | | | 4 |
| 3 | | 6 | | 9 | 1 | | | 7 |
| | 9 | 2 | | | 8 | | | |
| | | | | | 5 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 1 | 3 | | 2 | | |
| | 8 | 1 | | | | | | |
| | | | | | | | | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | | | | | |
| 3 | | | | 6 | | | | |
| | | | | 8 | 9 | 1 | 2 | |
| 5 | | | 8 | | | | 7 | |
| | 3 | | | | 2 | | | |
| 9 | | 4 | | | | 8 | 5 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 7 | 1 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 1 | 8 | 7 |
| 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 |
| 4 | 1 | 5 | 8 | 2 | 7 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 | 4 | 5 |
| 9 | 6 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 | 8 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 9 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 7 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 1 | 5 | 3 | 7 | 6 | 8 | 4 | 2 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Vertu elskulegur til klukkan tíu að morgni.
Það sem eftir er dagsins mun þá ganga vel.

*Elbert Hubbard*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** blöðru, **6.** hvort, **8.** léreft, **9.** meðal, **11.** í röð, **12.** toga, **14.** splæs, **16.** verslun, **17.** drulla, **18.** for, **20.** ekki heldur, **21.** malargryfja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tel, **3.** belti, **4.** land, **5.** mein, **7.** einn, **10.** ílát, **13.** gifti, **15.** skældi, **16.** hryggur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bólu, **6.** ef, **8.** lín, **9.** lyf, **11.** bd, **12.** draga, **14.** stang, **16.** bt, **17.** for, **18.** aur, **20.** né, **21.** krús.

**LÓÐRÉTT: 1.** held, **3.** ól, **4.** líbanon, **5.** und, **7.** fyrstur, **10.** fat, **13.** gaf, **15.** grét, **16.** bak, **19.** rú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Knattspyrnudómarinn fyrrverandi Magnús V. Pétursson hefur löngum verið þekktur fyrir snilldartilþrif við skákborðið. Hér mætir hann Össuri Kristinssyni.**

**Hvítur á leik**



1. Hcxb5! Svartur gafst upp enda óverjandi mát. Skákin var tefld hjá Ásum, skákfélagi eldri borgara í Reykjavík. Þeir tefla í Stangarhyl á hverjum þriðjudegi kl. 13. **www.skak.is** Úrslit Hraðskákkeppni taflfélaga fara fram á morgun.

# Frumsýnd í Toronto

Mynd byggð á ævi Mandela frumsýnd í haust.

Mandela: Long Walk to Freedom heitir kvikmynd sem byggð er á ævi Nelsons Mandela, fyrrverandi forseta Suður-Afríku. Kvikmyndin verður frumsýnd á Toronto-kvikmyndahátíðinni í Kanada síðar í mánuðinum. Mandela skrifaði sjálfur ævisögu sína sem bar sama nafn.

Idris Elba leikur Mandela en Naomie Harris leikur fyrrverandi eiginkonu hans, Winnie. Kvikmyndin á að fara yfir allt lífshlaup Mandela, meðal annars árin tuttugu og sjö sem hann eyddi í fangelsi.

Mandela varð 95 ára gamall hinn 18. júlí síðastliðinn. Hann hefur meira og minna dvalið á spítala það sem af er ári en var útskrifaður þaðan fyrir skömmu.

- ósk



**Í FANGELSI Í 27 ÁR** Mandela: Long Walk to Freedom fer yfir allt lífshlaup Mandelas. AFP/NORDICPHOTOS



**FJÖR Í HÚSDÝRAGARÐINUM** Uppskeruhátíð fer fram í Húsdýragarðinum um helgina.

# Svart hunang í Húsdýragarðinum

Mikil gleði verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum um helgina. Þar gefst gestum meðal annars kostur á að smakka uppskeru íslenskra býflugnabænda.

„Þessi hátíð er árviss á haustin á uppskerutímum,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Um helgina verður mikið um að vera í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og munu býflugnabændur og og félagar í Kvenfélagasambandi Íslands kynna afurðir sínar fyrir gestum.

„Ég veit ekki alveg hve margir býbændur koma en það ættu flestir að koma sem eru á Suðurlandi. Það er forvitnilegt að prófa muninn á hunanginu, það er misjafnt, alveg frá því að vera brúnt yfir í að vera næstum svart. Bragðið og litur fer eftir því hvaða jurtir flugurnar sækja, lyng og aðrar bragðsterkari jurtir valda sterkara hunangi,“ segir Tómas um hunangið.

Einnig verða meðlimir Kvenfélagasambands Íslands með bláberjahlaup, drottningarsultu, chillisultu og blandaðar sultur af ýmsum gerðum sem fólk getur smakkað og keypt. Þetta er jafnframt síðasta helgin sem leiktæki garðsins eru opin. „Kannski verður eitthvað af tækjunum opið, það fer eftir veðri en nú tekur við viðhald á tækjunum.“

Á sunnudaginn fer svo fram Íslandsmót Hálandaleikanna. Þá er um að gera að nýta síðustu helgina sem tækin eru opin til að leika sér og einnig verður gaman að sjá kraftakarla og kraftakonur etja kappi í þeim fagra garði sem Fjölskyldu- og Húsdýragarðurinn er.

- glp



**GLEÐI Í GARÐINUM** Tómas Óskar Guðjónsson forstöðumaður lofar góðri skemmtun um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÉK GANDÁLF** Ian McKellen lék meðal annars Gandálf í Hringadróttinssögu. AFP/NORDICPHOTOS

# Ian McKellen í spæjarabúning

Leikarinn Ian McKellen kemur til með að leika einkaspæjarann Sherlock Holmes í nýrri kvikmynd leikstjórans Bills Condon. Þessir tveir listamenn unnu síðast saman í kvikmyndinni Gods and Monsters árið 1998.

Kvikmyndin nefnist A Slight Trick of the Mind og gerist árið 1947. Í henni kemur Holmes til með að reyna að leysa 50 ára gamalt mál.

TJARNARBÍÓ

TJARNARKORTIÐ | 4 SÝNINGAR Á 9000
KVARTETT UM ENDALOK TÍMANS | 7. SEPT. KL. 22:00
EIÐURINN OG EITTHVAÐ | 8, 13 OG 14. SEPT. KL. 20:00
HORN Á HÖFÐI | 15 OG 22 SEPT. KL. 13:00

WWW.TJARNARBIO.IS



# Kvensnipt Rimskí-Korsakoff kom á óvart

TÓNLIST ★★★★☆

**Opnunartónleikar Sinfóníuhljómsveitar**
FIMMTUDAGINN 5. SEPTEMBER

Verk eftir Rimskí-Korsakoff og Músssorgskí.
Stjórnandi: Dmitríj Kitajenkó




Ég dæsti af leiðindum þegar ég sá hvað var á efnisskránni á opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Scheherazade eftir Rimskí-Korsakoff og hljómsveitarútgáfa Ravels á Myndum á sýningu eftir Músssorgskí. Þetta eru með útjöskuðustu tónverkunum. Það er búið að flytja þau svo oft að maður getur ekki meira.

Eða hvað? Tónleikarnir komu reyndar skemmtilega á óvart strax í upphafi. Dmitríj Kitajenkó stjórnaði hljómsveitinni og gaf sér góðan tíma. Tónlistin fékk að flæða alveg áreynslulaust. Fagrar laglínur voru mótaðar af kostgæfni og innblæstri. Stemningin greip mann um leið. Þetta var furðulegt!

Scheherazade er nafnið á konu í sagnabálkinum Þúsund og ein nótt. Bitur soldán er sannfærður um að allar konur séu eiturnöðrur. Hann girnist þær þó engu að síður, en myrðir þær alltaf á eftir brúðkaupsnóttina.

Þegar ég las Þúsund og eina nótt sem barn man ég vel eftir orðinu „kvensnipt“. Það kom svo oft fyrir. Soldáninn heldur að Scheherazade sé kvensnipt eins og allar hinar. Hann hyggst koma henni fyrir kattarnef (sem fyrr) en hún heldur lífi með því að segja honum framhaldssögur. Sögurnar eru svo æsandi að soldáninn frestar sífellt aftökunni til að heyra meira.

Verkið eftir Rimskí-Korsakoff skiptist í fjóra kafla sem allir bera yfirskrift úr ævintýrunum. Scheherazade sjálf er táknuð með rödd einleiksfiðlu, sem er rauði þráðurinn í tónlistinni. Röddin er svo veigamikil að á vissan hátt má segja að tónsmíðin sé fiðlukonsert.



**EINLEIKARINN** Sigrún Eðvaldsdóttir leysti hlutverk einleikarans af hendi af einstakri glæsimennsku, að mati gagnrýnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigrún Eðvaldsdóttir var í hlutverki einleikarans og leysti það af hendi af einstakri glæsimennsku. Túlkun hennar var tilfinningaþrungin og litrík, það var unun að heyra hana spila.

Hljómsveitin í heild lék líka afburðavel. Hinar og þessar einleiksstrófur mismunandi hljóðfæraleikara voru fallegar. Heildarhljómurinn var þéttur, tær og kröftugur í senn. Uppbyggingin í túlkuninni var mögnuð, hún var svo sannfærandi að maður datt alveg inn í frásögnina. Útkoman var dásamleg.

Myndir á sýningu eftir Músssorgskí voru einnig skemmtilegar, merkilegt nokk. Rétt eins og hin tónsmíðin er þetta svokölluð hermitónlist, sem líkir eftir tilteknum persónum eða segir ákveðna sögu. Hér er það náungi sem reikar um myndlistarsýningu og upplifir allt mögulegt. Tónlistin er því viðburðarík. Hljómsveitarleikurinn var nákvæmlega eins og hann átti að vera, fjölbreyttur og spennandi. Tæknilega séð var hann prýðilega útfærður, sveitin spilaði af aðdáunarverðu öryggi. Þetta var glæsileg byrjun á starfsári Sinfóníunnar.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Afar skemmtilegir tónleikar, grípandi stemning, flottur fiðluleikur Sigrúnar Eðvaldsdóttur.



JÓN VIÐAR JÓNSSON

## Jón Viðar leiklistargagnrýnandi

Jón Viðar Jónsson, doktor í leiklistarfræði, hefur gengið til liðs við Fréttablaðið og mun skrifa leikhúsgagnrýni í vetur.

Jón Viðar var leiklistarstjóri Ríkisútvarps – hljóðvarps frá 1982 til 1991 og forstöðumaður Leikminjasafns Íslands frá 2003 til 2012. Hann lauk doktorsprófi í leiklistarfræði frá Stokkhólmsháskóla árið 1996 og hefur birt fjölmargar ritsmíðar, bækur, fræðilegar ritgerðir og blaðagreinar um íslenska leiklistarsögu og leikbókmenntir, ásamt því að annast heildarútgáfu á leikritum Jökuls Jakobssonar og Guðmundar Steinssonar.

Auk þess hefur hann starfað um árabil sem leikhúsgagnrýnandi fyrir ýmsa fjölmiðla, nú síðast á DV. Fyrsti leikdómur Jóns Viðars í Fréttablaðinu mun birtast á mánudag.



# Fjörutíu ár frá valdaráni Pinochets

**Nei! Uppreisnin gegn Pinochet nefnist dagskrá í Norræna húsinu á þriðjudaginn. Þar verður í aðalhlutverki rithöfundurinn Antonio Skármeta, sem skrifaði leikverkið sem kvikmyndin NO byggir á.**

Norræna húsið, Bókmenntahátíð, Alþjóðamálastofnun HÍ og Bíó Paradís standa sameiginlega að dagskrá þann 10. september þar sem þess er minnst að fjörutíu ár eru liðin frá valdaráni Augusto Pinochet í Síle hinn 11. september 1973. Einnig er þess minnst að 25 ár eru liðin frá því að sílenska þjóðin kaus Pinochet frá völdum.

„Ég leyfi mér að fullyrða að þetta er einstakur viðburður á heimsvísu,“ segir Stella Soffía Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri bókmenntahátíðar. „Svona samkoma hefur hvergi verið haldin fyrr.“

Dagskráin hverfist um Antonio Skármeta, einn gesta bókmenntahátíðar, sem skrifaði leikverk sem kvikmyndin NO er byggð á en hún lýsir þeirri atburðarás sem varð til þess að fella herforingjastjórn Pinochets í lok níunda áratugarins. Kvikmyndin var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna fyrr í ár.

Á fundinum koma fram auk hans, Martin Wilkens, starfsmaður sendiráðs Svía í Síle 1973 og Madeleine Ströje Wilkens, sendiherra Svía í Síle 1992-1997.

Skármeta mun lesa stutt brot úr leikverki sínu sem kvikmyndin NO byggir á og ræða umfjöllunarefnið. Martin Wilkens var starfsmaður sendiráðs Svía í Síle örlagadagana í september 1973 en þá lék sendiráðið lykilhlutverk í því að skýla og koma undan ofsóttum pólitískum andstæðingum Pinochets. Þá mun Madeleine Ströje Wilkens segja frá fyrstu árum lýðræðisstjórnar í Síle eftir fall Pinochets en hún var sendiherra Svía í Síle 1992-1997.

Fundarstjóri er Sigurður Ólafsson stjórnmálafræðingur sem stundað hefur rannsóknir í Síle. - fsb



**EINRÆÐISHERRANN** Dagskráin er haldin í tilefni þess að fjörutíu ár eru frá valdaráni Augusto Pinochet í Síle.



**TÓNLEIKAR** Benedetto Lupo hefur vakið athygli og hlotið verðlaun víða um heim.

## Benedetto Lupo í Hörpu

Ítalski píanóleikarinn Benedetto Lupo leikur verk eftir Schumann og Brahms í Norðurljósasal Hörpu þann 11. september.

Lupo vakti fyrst heimsathygli þegar hann hlaut bronsverðlaun í alþjóðlegu Van Cliburn-píanókeppninni árið 1989. Í kjölfarið kom hann fram með nokkrum bandarískum sinfóníuhljómsveitum, lék með Tókýó strengjakvartettinum, auk þess sem hann hélt einleikstónleika í hinu virta Lincoln Center í New York og Ambassador Auditorium í Pasadena í Kaliforníu. Hvarvetna hlaut hann framúrskarandi viðtökur og lof gagnrýnenda. Lupo hefur unnið til fjölda verðlauna á ferlinum, t.d. Terence Judd-verðlaunanna í Lundúnum, verðlauna í Alfred Cortot-keppninni og Jaén-keppninni, auk þess sem hann var einn verðlaunahafa í Robert Casadesus-keppninni og alþjóðlegu Gina Bachauer-píanókeppninni.



**DÚÓMÁLUN** Systurnar Sara og Svanhildur mála verkin í sameiningu og eru oftar en ekki sjálfar viðfangsefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Systrasýning í Mosfellsbæ

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur sýna nú verk sín í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin, sem heitir Veisla í farangrinum, er afrakstur vinnustofudvalar í Gammel Have á Fjóni í maí 2012. Þar máluðu þær á 6 fermetra striga mynd af foreldrum sínum og afkomendum þeirra, alls 33 manneskjum stöddum í garðveislu. Eftir heimkomuna hafa þær síðan unnið úr minningum frá Danmerkurdvölinni.

Á sýningunni eru einnig sýnd myndbönd sem Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir hefur unnið af gjörningnum þeirra og tilurð verkanna.

Sýningin stendur til 20. september.


RITHÖFUNDAR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM Í REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG UNESCO

ORÐSPOR

UPPLESTRAR Í TENGSLUM VIÐ HEIMSÞING PEN OG BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

**MÁNUDAGUR 9. SEPTEMBER**

***Borgarbókasafnið, Tryggvagötu 15 – CAFÉ LINGUA, kl. 18-19.30***
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (Ísland), Dagmar Trodler (Þýskaland), Gerður Kristný (Ísland), Job Degenaar (Holland), Þór Stefánsson (Ísland) og Markéta Hejkalová (Tékkland)

***Iða Zimsen, Vesturgötu 2a, kl. 18-19.30***
Doris Kareva (Eistland), Giorgio Silfer (Ítalía), Margrét Lóa Jónsdóttir (Ísland), Michael Guggenheimer (Sviss) og Sigurbjörg Þrastardóttir (Ísland)

***Loft Hostel, Bankastræti 7, kl. 18-19.30***
Andrej Kadanovich (Hvíta-Rússland), Anton Helgi Jónsson (Ísland), Mátyás Dunajcsik (Ungverjaland), Þórunn Valdimarsdóttir (Ísland) og Joan Frederic Brun (Frakkland)

**ÞRIÐJUDAGUR 10. SEPTEMBER**

**Café Haiti, Geirsgötu 7b, kl. 20-22**
Andri Snær Magnason (Ísland), Fathieh Saudi (Jórdanía), Hanan Awwad (Palestína), Judith Rodriguez (Ástralía), Kári Tulinius (Ísland), Kätlin Kaldmaa (Eistland) og Þórarinn Eldjárn (Ísland)

**Iða Zimsen, Vesturgötu 2a, kl. 20-22**
Bjarni Bjarnason (Ísland), Gustáv Murín (Slóvakía), Itxaro Borda (Baskaland), Nicholas Kawinga (Zambía), Ófeigur Sigurðsson (Ísland), Sindri Freysson (Ísland), Teresa Cadete (Portúgal) og Regula Venske (Þýskaland)

**Loft Hostel, Bankastræti 7, kl. 20-22**
Ævar Örn Jósepsson (Ísland), Nguyen Hoang Bao Viet (Víetnam), Fawzia Assaad (Egyptaland), Hallgrímur Helgason (Ísland), Margie Orford (Suður-Afríka), Ólafur Gunnarsson (Ísland) og Sarah Lawson (Bandaríkin)

**Alliance Francaise, Tryggvagötu 8, kl. 20-22**
Dagskrá á frönsku
Émile Martel (Quebec), Huguette de Broqueville (Belgía), Rose-Marie Francois (Belgía), Sylvestre Clancier (Frakkland), Jean-Luc Moreau (Frakkland) og Þór Stefánsson (Ísland)

Skáldin lesa upp á móðurmáli sínu eða ensku, enskum þýðingum verður dreift séu þær tiltækar.
Sjá nánar á **bokmenntaborgin.is**

DYNAMO REYKJAVÍK

orðið er frjálst

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO





# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR 7. SEPTEMBER

### Opnanir

**15.00** Tvær sýningar opna í listsalnum Anarkíu í Hamraborg 3. Önnur sýningin ber yfirskriftina Umbrot og er sýning á verkum Önnu E. Hansson. Hin sýningin er eftir Sævar Karl og nefnist Sólskin um hánótt. Anarkía er opið þriðjudag til sunnudags frá klukkan 15. til 18.

**15.00** Sýning Sigrúnar Eldjárn verður opnuð í Listasafni ASÍ í dag. Sýningin ber yfirskriftina Teiknivísindi, sjö níu þrettán.

### Fræðsla

**11.00** Efnt er til rútuferðar um Þingvallavatn og Flóann í tengslum við sýninguna Tíminn í landslaginu eftir Ásgrím Jónsson og Arngunni Ýr. Markmiðið ferðarinnar er að skoða landslagið sem uppsprettu hugmynda og hvernig það nýtist bæði myndlist og bókmenntum. Ferðin er fyrsti hlutinn af þremur í samstarfsverkefni sem Listasafn Árnesinga og Bókasafnið í Hveragerði Lagt verður að stað frá Listasafni Árnesinga í Hveragerði klukkan 11. Þátttökugjald er 4.000 krónur.

**11.00** Í dag verður boðið upp á leiðsögn með safnabeltið um sýninguna Íslensk myndlist 1900 til 1950: Frá landslagi til abstraktlistar sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

### Málþing

**09.45** Opin málstofa Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa fer fram í Odda 101 í dag frá 9.45 til 17. 11 fræðimenn víðsvegar að halda erindi sem tengjast efni málstofunnar. Fyrirlesarar eru Jana Rosker, Ady Van den Stock, Lee Ming Hui, Monika Ganssbauer, Bart Dessein, Tea Sernelj, Loreta Poskaite, Matjaz Vidmar, Tze Ki Hon, Vytis Silius, og Geir Sigurðsson. Allir velkomnir.

### Tónlist

**22.00** Kúbus leikur Kvartett um endalok tímans eftir Olivier Messiaen. Kúbus er nýstofnaður tónlistarhópur með bakgrunn í sígildri tónlist. Hann er breytilegur að stærð og sækist eftir samstarfi við listafólk með hugmyndir og kunnáttu sem rata ekki reglulega á svið á klassískum tónleikum. Tónleikarnir verða í Tjarnarbíói eru um klukkustund að lengd. Miðaverð er 1500 krónur.

**22.30** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Obladíoblada á Frakkastíg 8.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# SUNNUDAGUR 8. SEPTEMBER

### Opnanir

**14.00** Í dag er Alþjóðadegi læsis fagnað um heim allan. Á Akureyri verður unnið með þemað ungir og aldnir og verður af því tilefni boðið upp á ljúffengar lestrarvöfflur í Eymundsson og á Öldrunarheimilum Akureyrar frá klukkan 14 til 16.

**15.00** Í Gerðarsafni verður leiðsögn um sýninguna Kona málar konur: Jóhanna Kristín Yngvadóttir hraunfjörð 1953 til 1991.

### Síðustu forvöð

Sýningunni á verkum myndlistarmannsins Jóns Laxdal sem stendur yfir á heimili myndlistarmannanna Jóhanns Ludwig Torfasonar og Ragnhildar Jóhanns að Sundlaugavegi 10, 105 Reykjavík, lýkur í dag.

### Söfn

**14.00** Í dag býður Hafnarborg upp á spennandi leiðangur fyrir börn um sýninguna Vísar: húsin í húsinu. Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður leiðir börnin um sýninguna og spinnur með þeim ýmis konar leiki út frá verkum listamannanna.

### Dansleikir

Dansað verður i félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í kvöld. Páll Elíasson leikur með hljómsveitinni Klassík nokkur lög fyrir dansi á harmonikku. Aðgangseyrir er 1500 krónur fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

### Tónlist

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Obladíóblada við Frakkastíg 8. Boðið verður upp á súpu á undan.

Tónleikaröðin Klassík í Salnum hefur göngu sína í kvöld með glæsilegum útgáfutónleikum píanóleikarans Eddu Erlendsdóttur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


## Finnst þér gaman að syngja?

Við leitum að nýjum söngfélögum með góða söngrödd og tónheyrn. Nótnalestur er kostur en ekki skilyrði.

Raddpróf verða í Grensáskirkju, mánudaginn 9. september, klukkan 19:30.

Spennandi tímar framundan, meðal annars raddþjálfun með Gísla Magna, stórir vortónleikar og utanlandsferð.

ÁRNESINGAKÓRINN í REYKJAVÍK &



Gunnar Ben kórstjóri

Nánari upplýsingar á kor.is


# EKKI MISSA AF



**ÁRNI GEORGSSON** er einn af forvígismönnum Beikonhátíðar.

## Beikonhátíð

**Skólavörðustíg**

Árleg beikonhátíð fer fram á Skólavörðustígnum í dag. „Við ætlum að bjóða upp á margar útfærslur af gæðabeikoni frá Ali Bacon og það verða sérstakir réttir fyrir börnin. Einnig fengum við til liðs við okkur veitingastaði í miðbænum sem ætla að vera með rétti á matseðlinum innblásna af beikoni í tilefni dagsins,“ segir Árni Georgsson, einn af stofnendum beikonhátíðarinnar sem mun fylla miðbæinn af beikonilmi.



**BLÁAR RADDIR** Málverkið á umslagi plötunnar Bláar raddir gerði Margrét Nilsdóttir.

# Lög við ljóð Geirlaugs

Tónlistarmaðurinn Gísli Þór gaf fyrir skömmu út sína aðra sólóplötu, Bláar raddir. Hún inniheldur tíu lög hans við ljóð Geirlaugs Magnússonar úr bók hans Þrítengt sem kom út 1996. Bláar raddir er önnur sólóskífa Gísla Þórs en hann hefur áður gefið út Næturgárun undir flytjandanafninu Gillon og fimm ljóðabækur undir eigin nafni. Hann er einnig bassaleikari í hljómsveitinni Contalgen Funeral sem gaf út sína fyrstu plötu í fyrra.

Geirlaugur Magnússon gaf út sautján ljóðabækur og þrjár þýðingar og kom hans fyrsta ljóðabók Annaðhvort eða út árið 1974.





Söngvasyrpa
Leikhópsins Lottu
Sunnudaginn
8. sept. kl. 15
Frítt inn
Leikhópurinn Lotta er þekktur fyrir fjölskylduleiksýningar sem sýndar eru utandyra um allt land á sumrin. Þetta er sjöunda leikár leikhópsins sem hefur vakið mikla athygli fyrir að leggja áherslu á að sýningar sínar séu skemmtilegar fyrir allan aldur.
Söngvasyrpan er brot af því besta í gegnum árin og koma margar skemmtilegar persónur úr öllum fyrri verkum Lottu í heimsókn. Þetta er frábær skemmtun fyrir unga jafnt sem aldna þar sem syrpan er full af húmor og skemmtilegum lögum.
Nýtt!
4.990.- KR *
Fjölskyldukort
3 X 1 KLST. KORT
AUKAKORT UMFRAM Á 1.490KR.
*HVERT KORT GILDIR FYRIR EINN EINSTAKLING
6.000.- KR
Tívolíkort
ÞÚ BORGAR 6.000 KR OG FÆRÐ 10.000KR.
+ 300 TÍVOLÍPUNKTA
2.990.- KR
Tímakort
OG FÆRÐ 1,5 KLST. Í ÖLL TÆKI
NEMA TÆKI SEM GEFA VINNINGA
*HVERT KORT GILDIR FYRIR EINN EINSTAKLING
pepsi
Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND
www.skemmtigardurinnsmaralind.is
pepsi

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE



# FÖGNUM HAUSTI

## Í HLÝJUM GALLA

**NÝJAR HAUSTVÖRUR Í INTERSPORT**

INTERSPORT KLÚBBURINN



NÚNA **3.990** FULLT VERÐ: 4.990

NÚNA **6.990** FULLT VERÐ: 8.990

**MCKINLEY** GLOBE RAINPANT
Vindheldar og vatnsvarðar buxur. EXODUS 5000. Litur: Svartar. Stærðir: 120-160.

**MCKINLEY** GLOBE REGNJACKA
Vindheldur og vatnsvarinn jakki. EXODUS 5000. Litir: Blár, svartur, fjólublár. Stærðir: 120-160.



**12.990**

**MCKINLEY** SAM
Vattstungin dúnúlpa. Stærðir: 120-170. Litur: Svört.



**5.990**

**MCKINLEY** CHRIS
Loðfóðruð og vatnsheld kuldastígvél. Stærðir: 25-32. Litir: Svört, fjólublá.



NÚNA **1.690** (Fullt verð: 2.290)

**ETIREL** GEILA
Hlýir prjónavettlingar. Ein stærð. Litir: hvítir,bláir.



**1.990**

**FIREFLY** ZAKK
Húfa 100% bómull. Ein stærð. Litir: Röndótt.



**1.990**

**FIREFLY** DEXTER
Hringtrefill. Barnastærðir. Litur: Svartur, fjólublár.



**1.990**

**FIREFLY** DEXTER
Prjónahúfa. Barnastærðir. Litur: Svört, fjólublá.



„Töfrafingur" Notaðu snertiskjá án þess að fara úr vettlingunum.

**1.290**

**MCKINLEY** MAGIC
Fingravettlingar með „Töfrafingrum". Stærðir: S-M / L-XL. Litir: Svartir, fjólubláir.



**2.490**

**MCKINLEY** ABBY
Flísbuxur. Stærðir: 80-110. Litir: Bláar, bleikar.



**2.990**

**MCKINLEY** CALVIN
Flísbuxur. Stærðir: 120-150. Litir: Bláar, gráar.



**2.490**

**MCKINLEY** WINTER HAT
Flísfóðruð húfa, vatnsvarin og vindheld. Stærðir: 1-2 ára / 3-4 ára. Litir: blá, bleik, svört.



**2.490**

**MCKINLEY** LONG MITTEN
Vatnsheldar lúffur með flísfóðri. Stærðir: 1-2 ára / 3-4 ára. Litir: bláir, bleikir, svartir.



**1.290**

**ETIREL** RAGGSOCKA
Ullarsokkar 2 í pakka. Svartir/gráir: Stærðir: 23-26, 27-30. Bleikir/gráir: Stærðir: 23-26, 27-30, 31-35.



GOLF
ÚTSALAN
ER Í FULLUM
GANGI!
Í INTERSPORT LINDUM
Vandaðar merkjavörur á frábæru verði!
20-50% afsláttur af völdum vörum í golfdeild!
NÚNA 30% AFSLÁTTUR af NIKE LEÐUR-HÖNSKUM
NÚNA 35% AFSLÁTTUR af FOOTJOY GOLF-SKÓM
NÚNA 25% AFSLÁTTUR af NIKE KYLFUM
NÚNA 30% AFSLÁTTUR af GOLFPOKUM
INTERSPORT
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT LINDUM / SÍMI 585 7260 / LINDIR@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12 - 18. INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / BILDSHOFDI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4890 / AKUREYRI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / SELFOSS@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

# Vill spila lög Nirvana

Pat Smear, gítarleikari Foo Fighters, sér ekkert því til fyrirstöðu að spila lög Nirvana á tónleikum. Smear spilaði með Nirvana í sex mánuði, þangað til söngvarinn Kurt Cobain framdi sjálfsvíg árið 1994. Smear finnst að hann, Dave Grohl og Krist Novoselic, sem einnig voru í Nirvana, eigi að spila lögin á tónleikum. „Að spila lög Nirvana? Það er eflaust öðruvísi fyrir þá en mig,“ sagði hann við Digital Spy. „Nirvana er skrítið fyrirbæri. Hún hefur alls konar þýðingu fyrir mjög marga. Ég hefði ekkert á móti því. Af hverju getum við ekki spilað Nirvana-lögin? Það er mitt viðhorf.“



**PAT SMEAR** Gítarleikarinn vill spila lög Nirvana á tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTY

**Menntaskólinn við Hamrahlíð**
www.mh.is

**STÖÐUPRÓF**

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð þann 11. september kl. 16:00 í eftirfarandi tungumálum:

**Albönsku, amharísku, arabísku, bosnísku, búlgörsku, eistnesku, filipísku (tagalog og bisaya), finnsku, hollensku, japönsku, kínversku, króatísku, litháísku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, serbnesku, taílensku, tékknesku, ungversku og víetnömsku.**

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is/skolinn/exam/. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 8000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

***Rektor.***



**MÁLARAR Í JAKKAFÖTUM** Frá vinstri: Hermann Albertsson, Ívar Þór Hilmarsson og Guðmundur Ragnar Brynjarsson vígalegir í jakkafötunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Máluðu í jakkafötum í vinnunni

Málarameistarinn Ívar Þór Hilmarsson og félagar brugðu á leik í vinnunni.

Málarameistarinn Ívar Þór Hilmarsson, sem rekur fyrirtækið Stjörnumálun, ákvað að bregða á leik með félögum sínum á föstudaginn og klæðast jakkafötum í vinnunni. Tilefnið var þrítugsafmæli hans í lok júlí.

„Við ætluðum að gera eitthvað öðruvísi en fórum aðeins of langt kannski,“ segir Ívar Þór eldhress, spurður út í uppátækið.

Jakkafötin komu ekki úr fataskápum þeirra heldur frá Hjálpræðishernum. „Við fórum allir og styrktum Hjálpræðisherinn. Fengum okkur jakkaföt og skyrtur. Svo verður keppni um hver verður hreinastur í lokin.“

Aðspurður segir hann ekkert óþægilegt að mála í jakkafötum en þeir félagar voru að mála blokk í Eskihlíð þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta er aðeins öðruvísi en voða þægilegt. En það er rosalega kalt. Maður er í fötum innan undir líka.“

> Við ætluðum að gera eitthvað öðruvísi en fórum aðeins of langt kannski.

Þetta var í fyrsta skipti sem þeir prófa eitthvað í þessum dúr og Ívar Þór sér ekki eftir því. „Við gerum þetta pottþétt aftur. Ætli það verði ekki einu sinni á ári jakkafatadagur í fyrirtækinu.“

- fb



**SÝNIR DANSVERKIÐ UNDRALAND** Unnur Elísabet Gunnarsdóttir danshöfundur segir verkið vekja upp bæði sorg og gleði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Innblástur sóttur til Lísu í Undralandi

Unnur Elísabet Gunnarsdóttir danshöfundur sýnir sitt þriðja dansverk í Gaflaraleikhúsinu.

„Dansverkið Undraland er húmorískt en í senn sorglegt og fallegt. Það er sambland af mörgum tilfinningum sem mun koma áhorfendum skemmtilega á óvart,“ segir Unnur Elísabet Gunnarsdóttir, dansari, danskennari og danshöfundur, um verkið Undraland, sem hún samdi fyrir Ungdansaraflokkinn Undúla.

Unnur Elísabet stofnaði dansflokkinn síðasta sumar og samanstendur hann af tíu efnilegum dönsurum. „Þær eru flestar nýútskrifaðar eða eru að ljúka dansnámi frá Listdansskóla Íslands. Þær tóku allar þátt í Dans dans dans sem var dagskrá Sjónvarpsins síðasta vetur,“ segir hún.

Um Undraland, sem sýnt er í Gaflaraleikhúsinu, segir Unnur Elísabet þetta: „Það gerist í teboði sem fer algerlega úr böndunum. Ég sótti innblástur í ævintýrið um Lísu í Undralandi, þótt áhorfandinn sjá það ekki beint í verkinu sjálfu. Mér finnst alltaf skemmtilegast að segja sem minnst um verkið og leyfa áhorfendum frekar að túlka það sjálfum,“ segir Unnur, sem útskrifaðist árið 2003 frá Konunglega sænska ballettskólanum í Stokkhólmi.

> **Það gerist í teboði sem fer algerlega úr böndunum.**

Síðasta sýning Undralands verður föstudaginn 17. september.

- áó



# LAGERSALA

## Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

Mikið úrval af nýjum vetrarfatnaði



DÖMU FLÍSPEYSA
**Verð nú kr. 12.990**
Verð áður kr. 24.990



HERRA HETTUPEYSA
**Verð nú kr. 6.990**
Verð áður kr. 13.990



St. 68 - 92
BARNA ÚTIGALLI
**Verð nú kr. 7.990**
Verð áður kr. 16.990



DÖMU SKÍÐAJAKKI
**Verð nú kr. 19.990**
Verð áður kr. 39.990



HERRA DÚNÚLPA
**Verð nú kr. 14.990**
Verð áður kr. 39.990



BARNA ÚLPA
**Verð nú kr. 9.990**
Verð áður kr. 19.990

### OPNUNARTÍMI

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 7. sept. | 11:00 - 18:00 |
| Sunnudagur | 8. sept. | 12:00 - 18:00 |
| Mánudagur | 9. sept. | 12:00 - 20:00 |




ZO•ON ICELAND

Lagersala - Nýbýlavegi 18 • (Dalbrekkumegin) - Kópavogi

www.zo-on.is

# Vildu hætta að spila Sex on Fire

Rokkararnir í Kings of Leon voru pirraðir yfir hegðun tónleikagesta.

Rokkararnir í Kings of Leon íhuguðu að hætta að spila vinsælasta lag sitt, Sex on Fire, á tónleikum. Þeim fannst pirrandi að sjá áhorfendur ganga út af tónleikunum eftir að þeir höfðu spilað lagið. „Fyrir tveimur árum spiluðum við kannski nokkur eldri og „dýpri“ lög sem heyrast ekki oft og fólk fór og fékk sér bjór eða fór að pissa. Við vorum pirraðir en ég er búinn að sætta mig við þetta. Að spila þetta lag er eins og að fá klapp á öxlina. Við sömdum það og það skiptir engu máli hvert við förum, það fær alltaf sömu viðbrögðin,“ sagði söngvarinn Caleb Followill við Shortlist.

➜ Sex on Fire kom út árið 2008 á plötunni Only By The Night.

Bróðir hans Nathan bætti við: „Það er líka gaman að sjá maurana labba til baka af klósettinu. En um leið og þetta lag er búið sér maður fólk hrúgast að útganginum. Maður hugsar með sér: „Ókey, þú borgaðir 7.500 krónur fyrir eitt lag. Það er ekki svo slæmt.“ Nýjasta plata Kings of Leon, Mechanical Bull, kemur út 24. september. Smáskífulög hennar verða Wait For Me og Supersoaker.



**CALEB FOLLOWILL** Rokkararnir íhuguðu að hætta að spila Sex on Fire á tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Smith spáir í framhaldið

Will Smith er að íhuga að leika í framhaldi myndarinnar Independence Day. „Stundum segi ég nei, Will Smith er ekki að fara að leika í henni vegna þess að fyrst vildi hann það ekki,“ sagði leikstjórinn Roland Emmerich. „Núna höfum við skipulagt fund. Við viljum ræða málin á nýjan leik. Það getur allt gerst.“ Ekki er langt síðan Emmerich sagði að Smith væri of dýr fyrir myndina en núna er komið annað hljóð í strokkinn.

Bill Pullman, sem lék forseta Bandaríkjanna í fyrri myndinni, og Jeff Goldblum hafa báðir samþykkt að leika í framhaldinu.



**WILL SMITH** Leikarinn er að íhuga að leika í Independence Day 2. NORDICPHOTOS/GETTY



**GÓÐIR GESTIR** Þórhallur Gunnarsson og félagar stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



**GLAÐLEGUR HÓPUR** Gestir skemmtu sér konunglega.

# Glæpsamlega góð veisla

Skjáreinn kynnti haustdagskrá sína fyrir gestum.

Aðstandendur sjónvarpsstöðvarinnar Skjáseins kynntu haustdagskrá stöðvarinnar í Austurbæ á fimmtudagskvöldi. Gestum var boðið í „glæpsamlega gott partý“ og var titill veislunnar vísun í sjónvarpsþáttinn Dexter, sem er á dagskrá stöðvarinnar. Múgur og margmenni sótti veisluna og skemmti sér glæpsamlega vel.



**VEISLUSTJÓRINN** Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba Marinós, tók á móti gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FJÖRUGAR** Það var margt um manninn í veislunni.



**KÁTIR KARLAR** Sigmar Vilhjálmsson veitingamaður mætti í veisluna ásamt vinum sínum.




**Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.**

Þú finnur uppáhaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

**Spotify Premium fylgir öllum Snjallpökkum!**

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samningi.

Spotify SNJALLPAKKI 300 — 3.490 kr./mán. — 300 mín. | 300 SMS | 300 MB

Spotify SNJALLPAKKI 500 — 4.990 kr./mán. — 500 mín. | 500 SMS | 500 MB

Spotify SNJALLPAKKI 1000 — 7.990 kr./mán. — 1000 mín. | 1000 SMS | 1000 MB — 3G aukakort í 12 mán.

Spotify SNJALLPAKKI 1500 — 10.990 kr./mán. — 1500 mín. | 1500 SMS | 1500 MB — 3G aukakort í 12 mán.

Síminn

# ego dekor

**ARMANDO tungusófi**
Stærð: 311x173cm
Verð: 249.000.-
**Útsöluverð: 199.200,-**



-20%

**BORÐSTOFUBORÐ Hnota**
Stærð: 180x100cm
Verð: 99.900,-
**Útsöluverð: 69.930,-**



-30%

-30%



**TOLEDO** 3ja sæta og skemill
Breidd á sófa: 200cm
Verð: 185.000.-
**Útsöluverð: 129.500,-**

-25%



**MALMO Tungusófi**
Stærð: 230x158cm. Færanleg tunga
Verð: 185.000.-
**Útsöluverð: 138.750,-**

## LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR 20 - 50% AFSLÁTTUR

-20%



**AMBER Tungusófi**
Stærð: 290x165cm
Verð: 237.000.-
**Útsöluverð: 189.600,-**

-20%

**SKENKUR Hnota**
Breidd: 170cm Verð: 139.900.-
**Útsöluverð: 111.920,-**



-25%



**ORION Tungusófi**
Stærð: 300x180cm
Verð: 255.000.-
**Útsöluverð: 191.250,-**

**GLENMORE TV skenkur**
Hvítt /hnota Breidd: 180cm
Verð: 108.000.-
**Útsöluverð: 54.000,-**

-50%



-25%





-20%

-25%



LEON Stóll
Útsöluverð: 12.675,-

PEDRO Armstóll
Útsöluverð: 39.920,-

TWIST Stóll
Útsöluverð: 13.425,-

-25%



**FLAMINGO Tungusófi**
Stærð: 275x191cm
Verð: 253.000.-
**Útsöluverð: 189.750,-**

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

# „Britney olli hjólreiðaslysi“

BAKÞANKAR
Hildar Sverrisdóttur



Um daginn var ég á gangi og með mér í eyrunum var Britney vinkona mín með leyni-uppáhalds-vonda-laginu Piece of Me. Sem er sko stórkostlegt lag þegar maður þarf smá auka kjarnakonukraft. Ég greikkaði sporið í takt við Britney og hvorki heyrði né sá annað en hana þegar hjólreiðamaður geystist allt í einu fram úr mér á sömu gangstétt, að mér fannst á ógnarhraða.

**UM** leið gleymdi ég Britney og þakkaði bara mínum sæla fyrir að ég hefði ekki á sama tíma stolist til að taka með henni eitt laumu dansspor, því þá hefði aldeilis farið illa hittingur minn og hjólsins. Kannski hefði þá komið í fjölmiðlum að dansandi vegfarandi hefði valdið hjólreiðaslysi, eins og skringilega oft er talað um í fjölmiðlum um að „hjólreiðamaður hafi valdið bílslysi“.

**BORGIN** er á tímamótum í samgöngumálum, ekki á krossgötum þó að það hefði verið skemmtilegt fyrst umfjöllunarefnið er samgöngur. Krossgöturnar eiga ekki við þar sem ekki er um að ræða klára stefnubreytingu – það er ekki verið að leggja einkabílnum heldur verið að leggja af stað í fjölbreyttari áttir. Það er góð ákvörðun að fjölga valkostum með hjólastígum, alveg eins og það var rétt ákvörðun á síðustu öld að gera gangstéttir beggja megin allra gatna.

**AÐ** byggja upp fjölbreytt samgöngukerfi fyrir alla tekur hins vegar tíma. Á meðan hjólastígakerfið er enn óttalegur bútasaumur er eðlilegt að það megi bæði hjóla á gangstéttum og á götunni sjálfri en í vaxtarverkjunum er heillavænlegt að muna að þó það sé vissulega pláss fyrir okkur öll þurfi kannski að búa til einhvers konar heildrænt tillitssemiskerfi. Til dæmis verð ég mjög ringluð þegar ég er í rólegheitunum á röltinu og hjólreiðamaður að baki mér hringir bjöllunni. Sjálfsagt öryggistæki hjólreiðamannsins en ég veit akkúrat ekkert hvers er ætlast til af mér við þessar aðstæður. Á ég að færa mig til hægri eða vinstri eða fara í myndastyttuleik? Hver er gangstéttaretikettan í þessum aðstæðum?

**ÉG** kalla eftir samtali, samráði og lendingu í þessu mikilvæga máli svo við getum öll óhrædd og örugg dansað með Britney um borgina þvera og endilanga.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| CITY OF BONES VIP | KL. 2 - 5:20 - 8 | VIP |
| AULINN ÉG ÍSL.TAL3D FORSÝND | KL. 1 (LAU) | L |
| THE CONJURING | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 10:40 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL2D | KL. 2 - 4:10 - 6:20 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL2D | KL. 12 - 1 FYRSTA BÍÓFERÐIN 700 KR. | L |
| THE BLING RING | KL. 10:40 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40-8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL | KL. 3D: 1 (SUN) - 3:20 2D: 1 - 3:20 | L |
| SAMMY 2 ÍSL.TAL2D | KL. 3:40 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL3D | KL. 1 - 3:20 | L |




SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 1 - 3:10 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| AULINN ÉG ÍSL.TAL2D FORSÝND | KL. 3:20(LAU) | L |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL3D | KL. 1 - 3 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL2D | KL. 1:20 - 3:30 - 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL2D | KL. 1 - (3:20(SUN)) - 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. 6 - 9 - 10 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL2D | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| THE BLING RING | KL. 8 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL3D | KL. 1:20 - 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF BONES | KL. (8 - 10:40(SUN) | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:20(SUN) | 16 |
| LÍFIÐ Í BÆNUM 7 | KL. 2 - 2:45 - 3:30 - 4:15 - 5 - 5:45 - 6:30 | L |
| ÖLLI | KL. 8 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 | 16 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL.TAL2D | KL. 3:40 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL.TAL3D | KL. 1:30 - (3:40 - 5:50(SUN) | L |
| STRUMPARNIR ÍSL.TAL2D | KL. 5:40 | L |




SMÁRABÍÓ *LAUGARDAGUR **SUNNUDAGUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL 1 (TILBOÐ) 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THIS IS US 3D LÚXUS | KL. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| JOBS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3.30 - 5.50 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| ELYSIUM LÚXUS | KL. 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL 1 (TILBOÐ)* 3.20 - 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 8 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

HÁSKÓLABÍÓ *LAUGARDAGUR **SUNNUDAGUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS US 3D | KL. 3.30 (TILBOÐ) 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 4**- 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 3.20 (TILBOÐ) 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 (TILBOÐ) 5.40 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

THIS IS US 3D KL. 6 - 8 (L) / AULINN ÉG 2 3D KL. 4 (L)
HROSS Í OSS KL. 6 (12) / STRUMPARNIR 3D KL. 4 (L)
2 GUNS KL. 10.15 (14) / ELYSIUM KL. 10 (16) / JOBS KL. 8 (12)

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| Sýningartímar | Laugardaginn | Sunnudaginn | |
|---|---|---|---|
| JOBS | 5, 8, 10.40 | 5, 8, 10.40 | 12 |
| AULINN ÉG 2 | FORSÝNING SUNNUDAG kl: 2 3D | | L |
| ELYSIUM | 8, 10.20 | 8, 10.20 | 16 |
| KICK ASS 2 | 8, 10.20 | 8, 10.20 | 16 |
| 2 GUNS | 2 | | 14 |
| PERCY JACKSON | 2, 5 | 2, 5 | 10 |
| STRUMPARNIR 2 | 2, 5 2D | 2, 5 2D | L |
















KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
ÚTSALA
Á LAMBA- OG KINDAKJÖTI
26% afsláttur
1098 kr. kg
Verð áður 1498 kr. kg
Lambalæri
25% afsláttur
2998 kr. kg
Verð áður 3997 kr. kg
Lambafille með fiturönd
35% afsláttur
2989 kr. kg
Verð áður 4598 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
33% afsláttur
1998 kr. kg
Verð áður 2998 kr. kg
Kindalundir
40% afsláttur
1198 kr. kg
Verð áður 1998 kr. kg
Kinda innralæri
2 lítrar
Kauptu 3 en borgaðu fyrir 2
556 kr. 3 stk.
Verð áður 834 kr./3 stk.
Toppur, appelsínu, sítrónu eða sódavatn
Fullt verð 278 kr./stk. eða 834 kr./3 stk.
13% afsláttur
1998 kr. kg
Verð áður 2298 kr. kg
ÍM kjúklingabringur
10% afsláttur
2762 kr. kg
Verð áður 3069 kr. kg
SS ítölsk helgarsteik
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum

## Nú verður Lars að skamma okkur



„Ég er ánægður með stigið,“ sagði Ragnar Sigurðsson, leikmaður íslenska landsliðsins í knattspyrnu eftir jafnteflið við Sviss í gær.

„Jóhann Berg og Kolli [Kolbeinn Sigþórsson] björguðu okkur í kvöld og það er nokkuð súrsæt tilfinning fyrir okkur varnarmennina.“

Ísland fékk á sig fjögur mörk í leiknum í gær og mörg varnarmistök litu dagsins ljós.

„Við þurfum að bæta margt við varnarleik okkar. Leikmenn gerðu allt of mörg mistök og við eigum ekki að fá á okkur víti í svona leik. Það var mikið af skipulags- og byrjendamistökum í kvöld og það gengur ekki að fá á sig fjögur mörk. Við varnarmennirnir þurfum að laga margt fyrir leikinn gegn Albaníu á þriðjudaginn. Nú þarf Lars [Lagerbäck] að skamma okkur.“

## Jóhann Berg: Vonandi hangi ég inni í byrjunarliðinu

**FÓTBOLTI** „Það var auðvitað frábær tilfinning að skora þrjú mörk í svona mikilvægum leik,“ sagði Jóhann Berg Guðmundsson, hetja Íslendinga, eftir leikinn gegn Sviss í gær. Öll mörk Jóhanns í leiknum voru gullfalleg vinstri fótar skot upp í bláhornið, gjörsamlega óverjandi fyrir markvörð Svisslendinga.

„Það er vissulega magnað að koma svona til baka og ná í þetta mikilvæga stig. Maður vonar bara núna að ég hangi inni í byrjunarliðinu fyrir leikinn gegn Albönum,“ sagði Jóhann Berg og glotti við tönn.

„Ég hef líklega ekki séð flottari þrennu þótt ég segi sjálfur frá, en maður fær mikið sjálfstraust með auknum spilatíma hjá félagsliðinu mínu AZ Alkmaar. Það hefur mikið að segja og manni líður vel inni á vellinum. Ég skoraði líklega síðast þrennu á yngra ári í fjórða flokki.“

Íslenska landsliðið þarf samt sem áður að lagfæra varnarleik sinn fyrir leikinn á þriðjudaginn.

„Þeir fá að skora allt of ódýr mörk og liðið þarf að skoða varnarleik sinn vel fyrir leikinn gegn Albönum. Núna þurfum við stuðning og ég hvet alla til að mæta á Laugardalsvöllinn. Þetta verður einn mikilvægasti leikur sem Ísland hefur spilað.“ **- hbg**



JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON

## HM Í KNATTSPYRNU

### E-RIÐILL

**SVISS - ÍSLAND 4-4**
**0-1 Jóhann Berg Guðmundsson (3.), 1-1 Stephan Lichtsteiner (15.), 2-1 Fabian Schär (27.), 3-1 Stephan Lichtsteiner (30.), 4-1 Blerim Dzemali, víti (54.), 4-2 Kolbeinn Sigþórsson (56.), 4-3 Jóhann Berg (68.), 4-4 Jóhann Berg (90.+1).**

**NOREGUR - KÝPUR 2-0**
**1-0 Tarik Elyounoussi (43.), 2-0 Joshua King (66.)**

**SLÓVENÍA - ALBANÍA 1-0**
**1-0 Kevin Kampl (19.)**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sviss | 7 | 4 | 3 | 0 | 12-5 | 15 |
| Noregur | 7 | 3 | 2 | 2 | 9-7 | 11 |
| Albanía | 7 | 3 | 1 | 3 | 7-7 | 10 |
| Ísland | 7 | 3 | 1 | 3 | 12-13 | 10 |
| Slóvenía | 7 | 3 | 0 | 4 | 9-10 | 9 |
| Kýpur | 7 | 1 | 1 | 5 | 4-11 | 4 |

**Næsti leikur Íslands** er á móti Albaníu á Laugardalsvellinum á þriðjudaginn kemur.

### A-RIÐILL

**MAKEDÓNÍA - WALES 2-1**
**1-0 Ivan Trickovski (21.), 1-1 Aaron Ramsey, víti (39.), 2-1 Aleksandar Trajkovski (80.).**

**SERBÍA - KRÓATÍA 1-1**

**SKOTLAND - BELGÍA 0-2**
**0-1 Steven Defour (38.), 0-2 Kevin Mirallas (89.)**

**Stig þjóða:** Belgía 22, Króatía 17, Serbía 8, Makedónía 7, Wales 6, Skotland 5.

### B-RIÐILL

**TÉKKLAND - ARMENÍA 1-2**

**MALTA - DANMÖRK 1-2**
**0-1 Leon Andreasen (2.), 1-1 Clayton Failla (38.), 1-2 Sjálfsmark (52.).**

**ÍTALÍA - BÚLGARÍU 1-0**
**1-0 Alberto Gilardino (38.)**

**Stig þjóða:** Ítalía 17, Búlgaría 10, Tékkland 9, Armenía 9, Danmörk 9, Malta 3.

### C-RIÐILL

**KASAKSTAN - FÆREYJAR 2-1**

**ÍRLAND - SVÍÞJÓÐ 1-2**
**1-0 Robbie Keane (22.), 1-1 Johan Elmander (33.), 1-2 Anders Svensson (57.).**

**ÞÝSKALAND - AUSTURRÍKI 3-0**
**1-0 Miroslav Klose (33.), 2-0 Toni Kroos (51.), 3-0 Thomas Müller (88.).**

**Stig þjóða:** Þýskaland 19, Svíþjóð 14, Austurríki 11, Írland 11, Kasakstan 4, Færeyjar 0.

### D-RIÐILL

**RÚMENÍA - UNGVERJALAND 3-0**

**TYRKLAND - ANDORRA 5-0**

**EISTLAND - HOLLAND 2-2**
**0-1 Arjen Robben (2.), 1-1 Konstantin Vassiljev (18.), 2-1 Vassiljev (57.), 2-2 Robin van Persie, víti (90.+4).**

**Stig þjóða:** Holland 19, Rúmenía 13, Ungverjal. 11, Tyrkland 10, Eistland 7, Andorra 0.

### F-RIÐILL

**RÚSSLAND - LÚXEMBORG 4-1**

**NORÐUR-ÍRLAND - PORTÚGAL 2-4**
**0-1 Bruno Alves (21.), 1-1 Gareth McAuley (36.), 2-1 Jamie Ward (52.), 2-2 Cristiano Ronaldo (68.), 2-3 Ronaldo (77.), 2-4 Ronaldo (83.).**

**Stig þjóða:** Portúgal 17, Rússland 15, Ísrael 11, Norður-Írland 6, Aserbajdsjan 4, Lúxemborg 3.

### G-RIÐILL

**LETTLAND - LITHÁEN 2-1**

**BOSNÍA - SLÓVAKÍA 0-1**

**LIECHTENSTEIN - GRIKKLAND 0-1**

**Stig þjóða:** Bosnía 16, Grikkland 16, Slóvakía 12, Lettland 7, Litháen 5, Liechtenstein 2.

### H-RIÐILL

**ÚKRAÍNA - SAN MARÍNÓ 9-0**

**PÓLLAND - SVARTFJALLALAND 1-1**

**ENGLAND - MOLDÓVÍA 4-0**
**1-0 Steven Gerrard (12.), 2-0 Rickie Lambert (27.), 3-0 Danny Welbeck (45.), 4-0 Welbeck (51.)**

**Stig þjóða:** England 15, Svartfjallaland 15, Úkraína 14, Pólland 10, Moldóvía 5, San Marínó 0.

### I-RIÐILL

**GEORGÍA - FRAKKLAND 0-0**

**FINNLAND - SPÁNN 0-2**
**0-1 Jordi Alba (19.), 0-2 Álvaro Negredo (86.).**

**Stig þjóða:** Spánn 14, Frakkland 11, Finnland 6, Georgía 5, Hvíta-Rússland 4.





**STRÁKARNIR MISSA SIG YFIR JÖFNUNARMARKINU** Jóhann Berg Guðmundsson og félagar hans í íslenska landsliðinu fagna hér þriðja marki hans og fjórða marki Íslands í Bern í gær. Íslenska liðið sýndi ótrúlegan karakter að koma til baka eftir að hafa lent 1-4 undir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Endurkoma aldarinnar

Ísland kom til baka eftir að hafa lent þrem mörkum undir gegn mögnuðu liði Sviss og uppskar stig að lokum. Einn ótrúlegasti knattspyrnuleikur sem íslenskt landslið hefur spilað frá upphafi. Ísland hefði unnið ef liðið hefði spilað þokkalegan varnarleik. Jóhann Berg Guðmundsson skoraði þrennu í leiknum.

**Henry Birgir Gunnarsson**
henry@frettabladid.is
**Valgarður Gíslason**
valli@365.is
Frá Bern í Sviss



**FÓTBOLTI** Áhorfendur bauluðu og sátu furðu lostnir á Stade de Suisse í gær eftir að íslenska landsliðið nældi í 4-4 jafntefli á lygilegan hátt. Strákarnir áttu stigið fyllilega skilið eftir stórkostlega frammistöðu.

Íslenska liðið byrjaði leikinn með miklum látum. Setti heimamenn undir pressu og þeir höfðu varla snert boltann er Ísland komst yfir. Gylfi átti þá flotta sendingu í teiginn sem Jóhann Berg tók við. Hann var ekkert að tvínóna við hlutina heldur negldi boltanum upp í skeytin. Stórkostlegt mark og ótrúleg byrjun á leiknum.

Hið sókndjarfa lið Svisslendinga lét markið ekki slá sig út af laginu og hóf mikla sókn að marki Íslands. Þeir voru þó ekki að skapa nein opin færi. Eftir um 14 mínútna leik jafnaði þó Lichtsteiner metin. Hann lenti þá í skallaeinvígi við honn smávaxna Ara Frey í teignum og var ekki í miklum vandræðum með að skora.

Íslenska liðið brást við þessu marki af kjarki og hóf að pressa á nýjan leik. Það var nokkuð gegn gangi leiksins að Schär skyldi koma Sviss yfir. Markið var af ódýrari gerðinni eftir að íslenska liðinu mistókst að hreinsa frá marki.

Skömmu síðar veitti hinn magnaði bakvörður Juventus, Lichtsteiner, Íslandi mikið rothögg með sínu öðru marki. Hann og Shaqiri náðu að tvímenna á bakvörðinn og Lichtsteiner skoraði með mögnuðu skoti. Íslenska liðið var búið að fara sérstaklega yfir þetta atriði en þarna brást skipulagið algjörlega.

Snemma í síðari hálfleik lét Birkir sóla sig upp úr skónum og síðan braut hann klaufalega af sér. Dzemaili fór á punktinn og skoraði örugglega. Niðurlæging í uppsiglingu í Bern. Kolbeinn Sigþórsson var þó ekki hættur og skoraði mark upp úr frábæru einstaklingsframtaki.

Eiður Smári kom af bekknum í hálfleik. Líkt og venjulega kom nýtt líf í sóknarleik liðsins með hans innkomu. Strákarnir voru alltaf líklegir í sínum sóknarlotum og Jóhann Berg minnkaði muninn í eitt mark rúmum 20 mínútum fyrir leikslok. Aftur átti Gylfi stoðsendinguna og Jóhann kláraði færið sitt aftur með stæl. Það var enn von gegn liðinu sem var aðeins búið að fá á sig eitt mark fyrir þennan leik.

Það var eitthvað í loftinu. Strákarnir héldu áfram að pressa og tóku völdin á vellinum. Það bar árangur í uppbótartíma er Jóhann Berg fullkomnaði þrennuna með enn einu stórkostlega markinu. Ótrúleg frammistaða hjá íslenska liðinu í þessum leik sem seint mun gleymast.

Strákarnir sýndu kjark, þor og ódrepandi baráttuanda en var refsað grimmilega af frábæru liði. Þessi leikur kenndi okkur þó að varnarleikurinn er langt frá því að vera nógu góður og mennirnir í vörninni eru sumir hverjir einfaldlega ekki nógu góðir. Þeir eru númeri of litlir. Íslenska liðið er í raun eins og tvö lið. Frábært sóknarlið og lélegt varnarlið.

Þessi eldmóður og trú sem íslenska liðið sýndi í gær er til marks um nýja tíma. Þetta lið kom á erfiðan útivöll, hætti aldrei og uppskar eins og það sáði að lokum. Ógleymanleg frammistaða hjá íslenska liðinu, sem hefur ekki sagt sitt síðasta í þessari keppni.

## Frammistaða íslensku strákanna í leiknum á móti Sviss í Bern í gærkvöldi

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON, MARKVÖRÐUR 4**
Fékk á sig fjögur mörk og hefði líklega átt að gera betur í þriðja markinu. Bauð ekki upp á neitt aukalega og hefur átt betri leiki.

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON, HÆGRI BAKVÖRÐUR 3**
Átti erfitt uppdráttar og gaf Sviss fjórða markið sitt með ótrúlegum klaufaskap. Gerði lítið í sókninni.

**KÁRI ÁRNASON, MIÐVÖRÐUR 6**
Barðist eins og grenjandi ljón og kom oft til bjargar en tefldi stundum á tæpasta vað.

**RAGNAR SIGURÐSSON, MIÐVÖRÐUR 6**
Varðist oft vel og skynsamlega og gaf aldrei tommu eftir í erfiðri baráttu við spræka sóknarmenn Sviss.

**ARI FREYR SKÚLASON, VINSTRI BAKVÖRÐUR 3**
Var mjög slakur. Missti menn framhjá sér og lenti illa í því er Sviss jafnaði leikinn. Barðist en átti lítið erindi í þessa baráttu.

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON, HÆGRI KANTUR 9**
Skoraði eina flottustu þrennu lengi og þaggaði niður í mörgum gagnrýnisröddum. Þær áttu þó algjörlega rétt á sér. Virðist vera í mikilli framför, sem eru gleðitíðindi.

**ARON EINAR GUNNARSSON, MIÐJUMAÐUR 5**
Ekki besti leikur fyrirliðans. Missti menn á bak við sig og var í vandræðum með að fóta sig á löngum köflum.

**HELGI VALUR DANÍELSSON, MIÐJUMAÐUR 2**
